


LÁRA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR

*Lærði að baka brauð þegar sverfa tók að*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




JÓLAHLAÐBORÐ

*Kræsingar, karókí og kveðskapur um jólin*

Sérblað um jólahlaðborð

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SVANDÍS DÓRA EINARSDÓTTIR

*Leikur í rússneskri stórmynd*

Frábært tækifæri fyrir leiklistarnema


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. nóvember 2009 — 263. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



**Heimsækir börnin**

Damien Rice spilar í hljóðveri Sigur Rósar og heimsækir íslensk leikskólabörn.

FÓLK 42

**Grafík í Norræna húsinu**



Félagið Íslensk Grafík heldur upp á fjörutíu ára afmæli með sýningu í Norræna húsinu.

TÍMAMÓT 30

**Tvö hundruð vesen**

Ímynd strætisvagna er enn sú að þeir séu samgöngumáti fyrir undirmálsfólk, segir Pawel Bartoszek.

Í DAG 24



**Loksins sigur hjá Fram**

Fram og Akureyri unnu sína fyrstu sigra í N1-deild karla í gær.

ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**Nokkuð hvasst** í dag verður strekkingur vestan til og við suðurströndina en annars hægari. Horfur eru á rigningu sunnan- og suðaustanlands og úrkoman teygir sig yfir Norðausturland síðdegis.

VEÐUR 4

# Framkvæmdin gæti ógnað vatnsbólunum

**Skipulagsstofnun telur lagningu Suðvesturlínu geta ógnað vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins. Heilbrigðisnefndir lýstu áhyggjum sínum en töldu línuna þjóðhagslega mikilvæga. Slys hafa orðið við framkvæmdir á svæðinu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sú hætta er óhjákvæmileg að lagning Suðvesturlínu hafi neikvæð áhrif á vatnsverndarsvæði og um leið neysluvatn ef mengunarslys verði. Þetta kemur fram í umhverfismati Skipulagsstofnunar um framkvæmdina. Er þar tekið undir áhyggjur heilbrigðisnefnda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdin er engu að síður talin svo þjóðhagslega mikilvæg að rétt sé að ráðast í hana.

Fagaðilar töldu að best væri að fara aðra leið með línuna en yfir vatnsbólin. Sveitarfélögin töldu þá leið hins vegar heppilegasta, enda væri lína þar fyrir og vegur henni tengdur. Hann þyrfti að styrkja, en með því væri komist hjá því að leggja nýjan veg.

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir að allrar varúðar verði gætt við lagningu línunnar. Engin eiginleg viðbragðsáætlun sé til ef mengunarslys verði, en þau mál verði að skoða. Þórður segir fyrirtækið ekki tryggt fyrir tjóni af því tagi; besta tryggingin sé að standa vel að málum. Sérstaklega verði hugað að því í útboðinu og við val á verktökum. Hjá Orkuveitunni eru til viðbragðsáætlanir verði slys.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að við framkvæmdir Klæðningar inni á vatnsverndarsvæðinu sumarið 2007 hafi þrír vörubílar oltið. Svo heppilega hafi viljað til í öll skiptin að þeir ultu á „rétta hlið“ þannig að búnaður tengdur olíunni skemmdist ekki og ekki dropi af olíu lak niður. Fjórði bíllinn valt utan svæðisins og olíupannan fór undan honum með þeim afleiðingum að mikil olía fór í jarðveginn.

Bæði heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur töldu framkvæmdina geta ógnað vatnsbólunum. Brugðist var við ábendingum þeirra um framkvæmdatíma og ýmislegt fleira.

- kóp / sjá síðu 4

Forseti Palestínustjórnar:

## Abbas ekki í framboð næst

**PALESTÍNA, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, hefur tilkynnt að hann ætli ekki að bjóða sig fram í kosningum í janúar.

Hann sagðist ekki hafa áhuga á því vegna pattstöðunnar í friðaviðræðum, sem hann segir bæði Ísraela og Bandaríkjamenn bera ábyrgð á.



MAHMOUD ABBAS

Abbas skýrði frá þessu í sjónvarpsávarpi, en orðaði mál sitt þannig að skilja mátti á honum að hugsanlega gæti hann látið sannfærast um að skipta um skoðun.

Jafnskjótt og ákvörðun hann barst út hringdu til hans forsetar Egyptalands og Ísraels, konungur Jórdaníu og landvarnaráðherra Ísraels að hvetja hann til að hætta við að hætta.

- gb




**PYLSUNUM BJARGAÐ Á BÍLINN** Þegar sprakk á vinstra dekki vagnsins var illt í efni. Þá lá á að koma hjólasjoppunni úr umferðinni. Það gekk greiðlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stopp á gatnamótum:

## Pylsuvagn olli vandræðum í umferðinni

**UMFERÐ** Verkefni lögreglunnar eru síbreytileg. Það sannaðist enn eftir hádegi í gær þegar lögreglumenn óku fram á pylsuvagn sem hjólbarði hafði sprungið á og stóð af þeim sökum úti á götu á fjölförnustu gatnamótum landsins, þar sem mætast Kringlumýrarbraut og Miklabraut.

Ökumaður bílsins, sem hafði verið með með pylsuvagninn í eftirdragi, sá sem var að vagninn skapaði hættu á gatnamótunum og kallaði til dráttarbíl frá Vöku til að fjarlægja hann.

Lögregluþjónarnir áttu leið hjá og liðsinntu Vökubílstjóranum við að koma vagninum upp á pallinn og í kjölfarið á brott svo umferðin gæti gengið greiðlega fyrir sig á ný.

- sh






Gamli Landsbankinn sækir að eignarhaldsfélagi sem hann lánaði milljarða:

# Lánaði fyrir kaupum í sér

**DÓMSMÁL** Gamli Landsbankinn hefur höfðað sex skuldamál gegn eignarhaldsfélaginu Imoni og verða þau tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í næstu viku. Félagið er í eigu Magnúsar Ármanns, sem var umsvifamikill athafnamaður í uppsveiflunni.

Eitt málanna tekur á kaupum Imons á fjögurra prósenta hlut í Landsbankanum fyrir fimm milljarða króna nokkrum dögum fyrir hrun bankans.

Allt fjármagn til kaupanna fékk félag Magnúsar lánað hjá gamla Landsbankanum með veði í stofnfjárbréfum félagsins í Byr sparisjóði. Imon var stærsti hluthafi Byrs á þessum tíma.

Viðskiptin eru til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara vegna gruns um markaðsmisnotkun.

Landsbankinn hefur þegar gert veðkall í félaginu og leyst til sín stofnfjárbréfin í Byr.

- sh / sjá síðu 4







**SPURNING DAGSINS**



*Kristín, reið þetta ykkur að fullu?*

„Alla leið."

Kristín Gígja Sigurðardóttir tók þátt í kynlífstilraun útvarpsstöðvarins Kanans ásamt kærasta sínum, Eiríki Birki Ragnarssyni. Tilraunin heppnaðist framar vonum og hefur samband þeirra aldrei verið að styrkara.

Ríkisstjórnin stefnir að umfangsmiklum breytingum á lögum um hlutafélög:

# Kemur í veg fyrir aðra óráðsíu

**STJÓRNMÁL** „Við ætlum ekki að breyta þeirri grundvallarhugmynd að einkahlutafélög eru með takmarkaðar ábyrgðir. Það er grundvöllur hlutafélagaformsins," segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Áætlað er að skuldir einkahlutafélaga nemi hátt í tvö þúsund milljörðum króna. Haft hefur verið eftir Gylfa að féð sé að mestum hluta glatað þar sem litlar sem engar eignir eru á móti skuldum.

Ríkisstjórnin undirbýr umfangsmiklar breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Gylfi nefndi nokkrar þeirra á fundi Íslandsbanka um mikilvægi fjárfesta í endurreisn hagkerfisins í gær.



GYLFI MAGNÚSSON

Þar á meðal eru reglur um æðstu stjórnendur fjármálafyrirtækja, hertar reglur um lán með veði í hlutabréfunum sjálfum, lán til tengdra aðila og aukin ábyrgð endurskoðenda.

Í þeim stjórnarfrumvörpum sem þegar eru komin til Alþingis er fjallað um kynjahlutfall í stjórnum fyrirtækja og þak á eignarhlut tengdra aðila í skráðu félagi.

Þá er stefnt að því að leggja fyrir þingið á næstunni stjórnarfrumvarp sem þrengir svigrúm fjármálafyrirtækja til lánveitinga, svo sem veitingu á lánum sem nýta á til kaupa á hlutabréfum sömu fjármálafyrirtækja. Þá er stefnt að því að leggja fyrir þingið frumvarp um verndun minnihluta í hlutafélögum og einkahlutafélögum.

„Þetta eru viðbrögð við því sem fór úrskeiðis á uppgangstímunum og á að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig," segir Gylfi. - jab

Slitastjórn Kaupþings:

# Einu máli vísað til saksóknara

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn Kaupþings hefur vísað einu máli til sérstaks saksóknara eftir athugun á bókhaldi félagsins. Slitastjórnin hefur unnið að rannsókn á ráðstöfunum bankans í aðdraganda hruns með liðsinni endurskoðunarfyrirtækisins PricewaterhouseCoopers frá því í ágúst.

Ólafur Þór Hauksson staðfestir að mál hafi borist frá slitastjórn en vill ekkert tjá sig frekar um það. Hann segir þó að þetta sýni að reglur sem settar voru um upplýsingaskyldu til rannsóknaraðila beri árangur. Ólafur Garðarsson, formaður slitastjórnarinnar, vill ekkert tjá sig um málið. - sh



**VIÐ NÝHÖFN** Gjaldþrot í Danmörku í einum mánuði hafa ekki verið fleiri en í október frá því að mælingar hófust fyrir þrjátíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Metfjöldi danskra gjaldþrota:

# Tölurnar sagðar niðurdrepandi

**DANMÖRK** „Danska hagstofan hefur komið af stað mjög niðurdrepandi umræðu vegna talna um fjölda gjaldþrota og nauðungaruppboða," segir í frétt danska viðskiptablaðsins Børsen í gær.

Vitnað er til nýbirtra talna hagstofu landsins um að nauðungaruppboð í Danmörku hafi ekki verið fleiri síðan í maí 1995 og gjaldþrot hafi ekki verið fleiri frá því að mælingar hófust fyrir þrjátíu árum, árið 1979.

„Í október urðu 537 gjaldþrot miðað við 490 í fyrra mánuði," er haft eftir hagstofunni, en aukningin milli mánaða nemur 9,6 prósentum. Þá voru í mánuðinum 423 nauðungaruppboð, átján prósentum fleiri en í september þegar þau voru 357. - óká

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Jeppi valt í Langadal

Jeppi valt í fljúgandi hálku í Langadal í Húnavatnssýslu um sjöleytið í gærkvöld. Karl og kona, sem voru í jeppanum, voru flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á bráðamóttöku Landspítalans í Reykjavík. Óhappið varð skammt frá bænum Auðólfsstöðum, en akstursaðstæður voru erfiðar á slysstaðnum sakir hálkunnar.

# Stjórnlagaþing taki til starfa 17. júní

**Frumvarp til laga um stjórnlagaþing lagt fyrir Alþingi. 25-31 þingfulltrúi verði kosinn persónubundinni kosningu samhliða sveitarstjórnarkosningum í vor.**

**ALÞINGI** Kosið verður til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum næsta vor, samkvæmt stjórnarfrumvarpi sem fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Þingið á að koma saman í síðasta lagi 17. júní 2010, starfa í þremur lotum og ljúka störfum fyrir 17. febrúar. Á þinginu munu sitja 25-31 þjóðkjörinn fulltrúi, sem kjósa á persónukosningu.

Samkvæmt frumvarpinu getur stjórnlagaþing ákveðið að fjalla um þau atriði sem það sjálft kýs en frumvarpið tiltekur nokkur verkefni sérstaklega, og segir í greinargerð að það séu þeir þættir stjórnarskrárinnar, sem staðið hafa lítt breyttir frá árinu 1874. Þetta eru: Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar; skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra; hlutverk og staða forseta Íslands; sjálfstæði dómstóla og eftirlit dómstóla með öðrum handhöfum ríkisvalds og loks ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan og lýðræðislega þátttöku almennings.

Samkvæmt frumvarpinu á fyrsta lota stjórnlagaþings að standa frá 17. júní til 15. júlí 2010. Næst á þingið að koma saman 4. október næsta haust og sitja til 5. nóvember. Loks á það að sitja frá 10. janúar til 16. febrúar 2011. Þingforseti verður kosinn við setningarathöfnina úr hópi þingfulltrúa.

Milli þinglotanna eiga þrjár þriggja manna starfsnefndir stjórnlagaþings að halda áfram störfum.

Fulltrúar á stjórnlagaþingi munu fá greidd laun þá daga sem þingið situr. Launin miðast við þingfararkaup alþingismanna, sem er um 520.000 kr á mánuði. Nefndarformenn, þingforseti, og meðlimir fastanefnda verða á fullum launum allt kjörtímabilið. Laun þingforsetans verða miðuð við laun forseta Alþingis, sem hefur ráðherralaun. Laun nefndarformanna við laun nefndarformanna á Alþingi, en þeir fá greitt fimmtán prósenta álag á þingfararkaup.

Fyrir þriðju og síðustu þinglotu á forseti stjórnlagaþings að leggja fram frumvarp til stjórnskipunarlaga, sem stjórnlagaþingið fjallar um og samþykkir við tvær umræður. Að lokinni umfjöllun stjórnlagaþings fær Alþingi frumvarpið til meðferðar.

Í frumvarpinu eru ákvæði sem ætlað er að tryggja jafnrétti kynjanna þannig að hlutfall annars kynsins verði ekki hærra en sextíu prósent þingfulltrúa.

Í kostnaðarmati kemur fram að heildarkostnaður við stjórnlagaþing er áætlaður allt að 392 milljónir króna. peturg@althingi.is



**STJÓRNARSKRÁ FRÁ 1874** Anders Fogh Rasmussen, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, afhenti Davíð Oddssyni, þáverandi forsætisráðherra, frumrit stjórnarskrár Íslendinga frá 1874 þegar hann kom í opinbera heimsókn til landsins árið 2003. Nú á þjóðkjörið stjórnlagaþing að taka íslensku stjórnarskrána til heildarendurskoðunar, samkvæmt nýju frumvarpi forsætisráðherra.

Sóttvarnalæknir vill bólusetja:

# Í kapphlaupi við tímann

**HEILBRIGÐISMÁL Sóttvarnalæknir hvetur fólk með undirliggjandi sjúkdóma til að panta bólusetningu gegn svínaflensu sem fyrst.**

**„Því fleiri sem bólusettir eru, þeim mun hraðar gengur að draga úr faraldrinum," segir Haraldur Briem. „Við erum í kapphlaupi við tímann."**



HARALDUR BRIEM

**Alls hafa nítján manns lagst inn á sjúkrahúsið á Akureyri af völdum svínaflensu, að sögn Haraldar. Í gær voru þrír flensusjúklingar á spítalanum og einn hafði lent á gjörgæslu. Í gær lágu 29 manns á Landspítalanum af völdum flensunnar, þar af átta á gjörgæslu. Sex höfðu verið útskrifaðir, en tveir nýir bæst við.** - jss

Byssumenn í Bandaríkjunum:

# Tvær skotárásir í herstöð í Texas

**BANDARÍKIN, AP** Að minnsta kosti tólf manns lágu í valnum og tugir særðust þegar tveir vopnaðir menn hófu skothríð á tveimur stöðum í herstöð í Fort Hood í Texas í gær.

Annar byssumaðurinn var handtekinn, en hinn var ófundinn í gærkvöldi. Sumir fjölmiðlar sögðu árásarmennina hafa verið þrjá. Einnig ríkti óvissa um það hve margir voru látnir.

Árásarmennirnir voru klæddir í herbúninga. Fyrri skotárásin var gerð á starfsmannaskrifstofu í herstöðinni, en hin í leikhúsi.

Mikið álag hefur verið á bandarískum hermönnum vegna stríðsrekstrar bæði í Írak og Afganistan. - gb






Linda Björk Magnúsdóttir handtekin í Bandaríkjunum eftir flótta og leit:

# Íslensk kona flúði út um glugga

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla í borginni Plattsburgh í New York-ríki í Bandaríkjunum handtók í gær 42 ára íslenska konu, Lindu Björk Magnúsdóttur, sem í fyrrakvöld strauk úr varðhaldi þegar hún beið eftir því að verða leidd fyrir dómara með því að lauma sér út um salernisglugga.

Eftir flóttann var lýst eftir Lindu Björk í fjölmiðlum í borginni, vegatálmar settir upp og gerð út sveit lögreglu að leita hennar. Hennar var meðal annars leitað úr þyrlu. Leitin bar árangur í gærmorgun og er hún nú í varðhaldi hjá alríkislögreglunni FBI.

Linda var upphaflega handtekin við komuna til Bandaríkjanna fyrir brot sem ekki hefur verið gefið upp hvers eðlis er. Einhverjir miðlar hafa hins vegar sagt hana vera ólöglegan innflytjanda í Bandaríkjunum. Hún var þá á leiðinni yfir landamærin frá Kanada. Þegar átti að færa hana fyrir dómara strauk hún.

Linda Björk var á sínum tíma forstöðukona í trúarsöfnuði sem hét Frelsið, kristileg miðstöð, og var starfræktur á árunum 1995 til 2001. - sh




**LINDA BJÖRK** Rak trúarsöfnuð á Íslandi um sex ára skeið.




## LÉTT KJÚKLINGASALAT fyrir 4

*að hætti Rikku*

400 g kjúklingalundir
2 tsk Ítalía balsamgljái
Salt og piparblanda eftir smekk
3 sneiðar Hagkaups Heilsubrauð
200 g Hollt & Gott Alabamasalat
200 g Hollt & Gott Veislusalat
1 avókadó, afhýtt, steinhreinsað og sneitt
70 g kirsuberjatómatar, skornir í bita
Handfylli af alfa alfa spírum
70 g pekanhnetur
70 g niðurrifinn pizzaostur

Hitið ofninn í 180° C. Raðið kjúklingalundunum á smjörpappírsklædda ofnplötu, hellið balsamgljáanum yfir og kryddið með salti og pipar. Bakið í 25-30 mínútur. Ristið brauðsneiðarnar og skerið þær í kubba. Raðið salatinu á diska stráið brauðinu og kjúklingnum yfir ásamt öllu grænmetinu, hnetunum og ostinum og hellið dressingunni yfir.

SALATDRESSING
1 1/2 hvítlauksrif, kreist
1 ½ msk sítrónusafi
100g grískt jógúrt
2 tsk Dijon sinnep
2 tsk Worcestershire sósa
25 g parmesanostur, rifinn
salt og hvítur pipar

Setjið allt saman í matvinnsluvél og blandið vel saman.

483 kkal/ 24% af RDA
Prótín 40g/81% af RDA
Fita 28g/43%, af RDA
Kolvetni 21g/ 7% af RDA
Trefjar 7 g/ 28% RDA
C-vítamín 29 mg/ 48% RDA
Mangan (manganese) 1.2 mg/ 60% RDA
Selenium 39.7 mcg/57% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.



Svínabuff



Svínavöðvi í sneiðum



Svínahnakki í sneiðum



Hamborgarhryggur



Rifjasteik


Graasten brauðsalöt
margar tegundir



Samba súkkulaðibollur
2 tegundir


Pylsur og frönsk pylsubrauð



Merrild BLACK kaffi
3 tegundir

## MELÓNUDAGAR Í HAGKAUP

*spennandi úrval af melónum*



Grænar melónur | Cantaloupe | Honeydew | Gular melónur | Galía melónur | Vatnsmelónur

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## GENGIÐ 05.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,27 | 124,87 |
| Sterlingspund | 205,03 | 206,03 |
| Evra | 184,35 | 185,39 |
| Dönsk króna | 24,771 | 24,915 |
| Norsk króna | 21,783 | 21,911 |
| Sænsk króna | 17,587 | 17,691 |
| Japanskt jen | 1,3765 | 1,3845 |
| SDR | 197,89 | 199,07 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

224,4774

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur dæmdi Reykjavíkurborg til að greiða manni 55,5 milljónir:

# Hækkaði bætur um 35 milljónir

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt Reykjavíkurborg til að greiða manni 55,5 milljónir króna í bætur vegna framkvæmda, sem stöðvaðar voru þegar ágreiningur kom upp um þær við íbúa í nágrenninu. Með dómi Hæstaréttar hækkuðu bætur til handa manninum um 35 milljónir, því Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt borgina til að greiða honum 20 milljónir.

Maðurinn hófst handa árið 1997 við að reisa 190 fermetra söluskála á lóð við Ánanaust í Reykjavík á grundvelli byggingarleyfis sem hann hafði fengið hjá Reykjavíkurborg. Borgin óskaði síðan eftir að framkvæmdir yrðu stöðvaðar vegna ágreiningsins við íbúana. Samkomulag varð um að svo yrði gert og myndi borgin útvega aðra sambærilega lóð undir byggingu söluskála. Hins vegar náðist ekki samkomulag um aðra lóð. Maðurinn aflaði sér matsgerða, þar sem metið var ætlað tjón hans.



**REYKJAVÍKURBORG** Dæmd til að greiða manninum 55,5 milljónir.

Samkvæmt niðurstöðu matsgerðar var hæfilegt markaðsvirði lóðarinnar án gatnagerðargjalda talið vera 42 milljónir. Þá taldi Hæstiréttur að borginni bæri að endurgreiða manninum gatnagerðargjald og beinan útlagðan kostnað við framkvæmdirnar að upphæð 13,4 milljónir. **- jss**

Loftslagsviðræður á Spáni:

# Dregið töluvert úr metnaðinum

**SPÁNN, AP** Fulltrúar 192 ríkja, sem undanfarna daga hafa reynt að koma saman samkomulagsdrögum til að leggja fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember, hafa dregið verulega úr metnaði sínum.

Kröfur um að sammkomulagið verði lagalega bindandi fyrir ríkin hafa strandað, en í staðinn virðist ætla að nást sátt um að samkomulagið verði aðeins pólitísk yfirlýsing sem ríkin stefni að því að standa við. Rætt er um að á ráðstefnunni verði settur rammi, sem fyllt verði nánar út í næstu mánuði og misseri. **- gb**

Stýrivöxtunum ekki breytt:

# Enn dælt fé í efnahagslífið

**VIÐSKIPTI** Evrópski seðlabankinn og Englandsbanki, seðlabanki Bretlands, ákváðu báðir að halda stýrivöxtum óbreyttum í gær.



**BEN BERNANKE**

Á sama tíma héldu þeir áfram að dæla fjármagni inn í hagkerfið með ýmsu móti, svo sem til að liðka fyrir útlánavexti.

Stýrivextir á evrusvæðinu standa í einu prósenti. Vextir Englandsbanka eru hálft prósent.

Þetta er í samræmi við væntingar en bandaríski seðlabankinn hélt óbreyttu vaxtastigi í fyrradag. Stýrivextir í Bandaríkjunum eru á bilinu núll til 0,25 prósent. Ben Bernanke seðlabankastjóri sagði vexti verða lága áfram um óákveðinn tíma þrátt fyrir fremur jákvæð teikn í efnahagslífinu, að sögn Bloomberg. **- jab**

# Gamli Landsbankinn vill milljarða frá Imon

**Gamli Landsbankinn hefur höfðað sex mál á hendur Imon ehf., meðal annars til að reyna að innheimta fimm milljarða skuld vegna láns til kaupa í bankanum sjálfum. Þau viðskipti rannsakar sérstakur saksóknari sem markaðsmisnotkun.**

**DÓMSMÁL** Sex skuldamál gamla Landsbankans á hendur eignarhaldsfélaginu Imon ehf. verða tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudaginn kemur. Eitt málanna er langstærst, en þar krefur bankinn Imon um fimm milljarða króna vegna láns til Imons fyrir kaupum félagsins í bankanum sjálfum, nokkrum dögum fyrir hrun í fyrrahaust.

Imon ehf. er eignarhaldsfélag í eigu Magnúsar Ármann þar sem hann situr einn í stjórn. Félagið keypti um fjögurra prósenta hlut í Landsbankanum fyrir um fimm milljarða 30. september í fyrra og voru kaupin alfarið fjármögnuð með láni frá Landsbankanum. Að veði voru stofnfjárbréf í Byr, en Imon var stærsti hluthafi Byrs.

Kaupin eru nú til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara vegna gruns um markaðsmisnotkun, það er að kaupin hafi hafið þann tilgang einn að hífa upp virði hlutabréfa í bankanum.

Nú ætlar gamli Landsbankinn í hart við Imon til að reyna að innheimta þessa fimm milljarða króna skuld, auk fimm annarra smærri skulda, en Landsbankinn var viðskiptabanki Imons. Stofnfjárbréf í Byr voru að veði fyrir öllum lánunum. Hvorki fengust nánari upplýsingar um smærri lánin fimm frá lögmanni Imons né skilanefnd Landsbankans.

Landsbankinn hefur þegar gert veðkall í félaginu og leyst til sín stofnfjárbréfin í Byr.



**LANDSBANKINN** Magnús átti um fjögur prósent í bankanum eftir kaup sín 30. september. Nokkrum dögum síðar hrundi íslenska bankakerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## KORTANOTKUN MAGNÚSAR Í RANNSÓKN

Auk rannsóknar sérstaks saksóknara á viðskiptum Imons við Landsbankann þarf Magnús nú að þola rannsókn skattrannsóknarstjóri á greiðslukortanotkun hans.

Stöð 2 hefur sagt frá því að hann sé einn þeirra sem sæta rannsókn vegna notkunar á erlendum greiðslukortum hér á landi, og að hann hafi notað kortið manna mest, eða fyrir allt upp undir fjörutíu milljónir á einu ári.

Helsti viðskiptafélagi Magnúsar, Sigurður Bollason, sætir einnig rannsókn í því máli. Sigurður situr einn í varastjórn Imons.



Að sögn Geirs Gestssonar, lögmanns Imons, er ágreiningur um fjárhæð krafnanna, á hvaða verði Landsbankinn hafi átt að leysa til sín bréfin í Byr og að hve miklu leyti skuli taka tillit til þess við útreikning á kröfufjárhæðinni.

„Við sjáum ekki að það hafi verið tekið tillit til þess við útreikning fjárhæðarinnar,“ segir Geir. Kröfurnar séu um það bil jafnháar upphaflegu lánsfjárhæðunum, auk vaxta, sem bendi til þess að annaðhvort hafi innleyst veð ekki verið reiknuð inn í kröfurnar, eða þá að stofnbréfin sem lágu að veði hafi verið metin mjög verðlítil.

Ekki fengust skýringar á kröfulýsingunum frá skilanefnd Landsbankans. Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndarinnar, segir lögfræðinga hennar engar upplýsingar vilja gefa um málið að svo stöddu. **stigur@frettabladid.is**

Par handtekið í Moskvu:

# Grunað um tvö morð í janúar

**RÚSSLAND, AP Rússneska lögreglan hefur handtekið mann og konu sem grunuð eru um aðild að skotárás í Moskvu í janúar, þegar mannréttindalögmaðurinn Stanislav Merkelov og blaðakonan Anastasia Baburova voru myrt.**



**DMITRÍ MEDVEDEV**

**Yfirmaður leyniþjónustu Rússlands skýrði Dmitrí Medvedev forseta frá handtökunum í gær. Að sögn hans eru maðurinn og konan á þrítugsaldri og tengd samtökum öfgaþjóðernissinna sem talin eru hafa staðið að nokkrum morðum undanfarið sem öll virðast tengjast þjóðernishatri.**

**Sakborningarnir tveir voru leiddir fyrir dómara í Moskvu í gær. - gb**

Skoðanakönnun um ESB:

# Meirihlutinn andvígur aðild

**KÖNNUN** Íslendingar myndu kolfella tillögu um inngöngu að Evrópusambandinu yrði kosið um það nú. Innan við þriðjungur þjóðarinnar er hlynntur aðild. Þetta sýnir ný könnun Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst sem unnin var fyrir fréttstofu Stöðvar 2.

Könnunin sýnir að ríflega helmingur er hlynntur aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Þegar spurt er um afstöðu til inngöngu í ESB segjast 29 prósent vera hlynnt henni en 54 prósent andvíg. Sautján prósent tóku ekki afstöðu.

Könnunin var gerð dagana 26. október til 3. nóvember. Þátt tóku 859. Svarhlutfall var tæp 65 prósent. **- sb**

## NOREGUR

### Norðmenn gegn ESB

Norðmenn hafa gengið til liðs við Kanadamenn í baráttu gegn banni Evrópusambandsins á viðskipti með selaafurðir, sem lagt var á fyrr á þessu ári. Norðmenn ætla, eins og Kanadamenn, að leita ásjár hjá Heimsviðskiptastofnunni WTO út af þessari deilu.

## NÍKARAGVA

### Fellibylur veldur tjóni

Fellibylurinn Ida gerði mikinn usla á Atlantshafsströnd Níkaragva í gær. Fjöldi húsa eyðilagðist og nokkrir skólar skemmdust verulega. Einnig reif bylurinn niður nokkrar brýr, en missti síðan kraftinn og varð að venjulegri hitabeltislægð.




FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.

**Tryggðu þér eintak í tíma.**

CRYMOGEA

–fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**HELGIN** Í dag er lægð yfir landinu og nokkuð hvasst víðast hvar, síst NA-til. Helgarhorfurnar eru þó ágætar. Það lægir á laugardaginn og verður hægviðri framan af degi á sunnudaginn. Lítilsháttar úrkomu má vænta í flestum landshlutum en SV-lands verður víða bjart.




**Á MORGUN**
5-10 m/s
Hvassast SA-til.

**SUNNUDAGUR**
Þykknar upp sunnanlands er líður á daginn.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 9° |
| Eindhoven | 12° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 12° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 10° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | 3° |
| París | 12° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Þú getur lækkað höfuðstólinn á verðtryggðu húsnæðisláni




## Við færum höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána niður um 10%

**Með skilmálabreytingu hjá Íslandsbanka býðst viðskiptavinum að lækka höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána og breyta þeim í óverðtryggð lán í íslenskum krónum.**

**Hvernig lækkar höfuðstóllinn og hversu mikið?**
Lækkunin verður um það bil 10% á stöðu höfuðstóls 1. nóvember næstkomandi. Sjá dæmi á mynd A.

**Hvað verður um lánið mitt?**
Lánið breytist í óverðtryggt húsnæðislán með 25 eða 40 ára lánstíma.

**Hverjir verða vextirnir?**
Hægt verður að velja á milli breytilegra og fastra vaxta. Breytilegir vextir í dag skv. vaxtatöflu eru 9,5%. Boðið verður upp á stiglækkandi afslátt frá þeim. Miðað við óbreytt vaxtastig þá yrðu vextir fyrsta árið 7,5% sem er vaxtaafsláttur upp á 2 prósentustig. Einnig er boðið upp á fasta vexti til þriggja ára sem í dag eru 9,0% að teknu tilliti til afsláttar.

**Get ég lækkað greiðslubyrðina á láninu mínu?**
Já, hægt er að sækja um greiðslujöfnun á óverðtryggða láninu í þrjú ár, sem í flestum tilfellum lækkar greiðslubyrði lánsins umtalsvert. Að þremur árum liðnum hefur viðskiptavinur val um hvort haldið sé áfram í greiðslujöfnun eða ekki. Dæmi um lækkun á greiðslubyrði má sjá á mynd B.

**Hversu mikið lengist lánið í greiðslujöfnun?**
Það er óvíst en greiðslujöfnun ofan á höfuðstólslækkun hefur ekki þak á lengingu lánstíma.

**Hvenær get ég sótt um höfuðstólslækkun?**
Byrjað verður að taka á móti umsóknum 6. nóvember 2009 og verður hægt að sækja um til og með 18. desember 2009.

**Hverjir geta sótt um?**
Allir viðskiptavinir Íslandsbanka með verðtryggð húsnæðislán sem voru tekin fyrir 15. október 2008. Lánið þarf að vera í skilum.

**Hentar þessi lausn öllum?**
Nei, hver og einn þarf að vega og meta kosti og galla þess að breyta láni sínu með þessum hætti. Þessi lausn hentar sumum betur en öðrum en einna helst þeim sem hyggjast selja eign sína eða greiða upp húsnæðislán sitt á næstu misserum.

**Mun þetta kosta viðskiptavini eitthvað?**
Skilmálabreyting kostar kr. 5.500 auk þinglýsingargjalds en lántöku- og stimpilkostnaður er enginn.

**Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér þá kosti sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli.**

**Reiknivél, dæmi og ítarlegri upplýsingar er að finna á www.islandsbanki.is**







* m.v. 20.000.000 kr. lán til 40 ára

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

**KJÖRKASSINN**



*Líst þér vel á hugmyndir um framkvæmdir við Landspítala?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,9% |
| Nei | 57,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að flytja löggæsluna frá Ríkislögreglustjóra?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is **vísir**

Noroveiran smitaði um 250 starfsmenn í Kaupþingi:

# Dreifðist með kartöflusalsa

**HEILBRIGÐISMÁL** Noro-veiran sem herjað hefur á starfsfólk Kaupþings banka að undanförnu breiddist út með kartöflusalsa, auk þess að smitast á milli manna, að sögn Óskars Ísfeld Sigurðssonar, forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Ekki er vitað hvort veiran barst inn í bankann með matvælum eða fólki.

Óskar segir að rannsókninni sé ekki fulllokið en sennilega fáist aldrei úr því skorið hvernig veiran hafi komist í bankann. Noro-veiran stingi sér alltaf öðru hvoru niður í samfélaginu.

Um 250 starfsmenn Kaupþings hafa veikst, en sýkingin er nú í rénun, samkvæmt upplýsingum frá bankanum. Þá hafa borist spurnir af því að einhverjir fjölskyldumeðlimir starfsmanna hafi einnig veikst.

Noro-veira veldur iðrakveisu með uppköstum og niðurgangi. Hún er bráðsmitandi og berst á milli manna ýmist beint með snertingu eða óbeint með mat og drykk. Fundahöld í höfuðstöðvum Kaupþings gerðu það til dæmis að verkum að starfsmenn útibúa á Hellu og í Borgarnesi veiktust einnig.

Óskar segir starfsfólk bankans hafa staðið sig afar vel varðandi varúðarreglur til að rjúfa smitleiðir og koma í veg fyrir áframhaldandi útbreiðslu. **- jss**



**KAUPÞING** Um 250 manns sýktust af noro-veirunni.

Nauðgara sem var sleppt:

# Gögn send til Ríkissaksóknara

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur ætlar í fyrramálið að senda gögn vegna nauðgunarmáls til Ríkissaksóknara. Skortur á þeim varð til þess að dæmdum nauðgara var sleppt úr varðhaldi í gær. Konan sem varð fyrir árás mannsins lifir í ótta um að rekast á hann á götu.

Eugenio Daudo Silva Chipa er þrítugur Portúgali sem hefur verið búsettur hér á landi. Hann var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir hrottafengna nauðgun sem átti sér stað í Hafnarfirði í maí á þessu ári. Honum var einnig gert að sæta gæsluvarðhaldi. **- bl**

Frumvarp Þingvallanefndar:

# Vill treysta tök á sumarhúsum

**STJÓRNMÁL** Formaður Þingvallanefndar, Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra, leggur í dag fram á Alþingi frumvarp til laga um að þjóðgarðurinn á Þingvöllum falli ekki undir gildissvið laga frá í fyrra um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

„Þetta er náttúrlega fyrst og fremst þjóðgarður en ekki sumarbústaðahverfi,“ útskýrir Álfheiður, sem kveður Þingvallanefnd meðal annars sjálfa vilja ákveða leigutímann á sumarhúsalóðum. „Þá þyrftum við ekki að leigja lóðir þarna til tuttugu ára. Þær hafa verið til tíu ára hingað til.“

Sama frumvarp hefur áður verið lagt fram en hlaut ekki afgreiðslu fyrir síðustu alþingiskosningar. **- gar**

**ÍSRAEL**

### Vopnaskip stöðvað

Ísraelar segja að Hezbollah-samtökin hefðu getað varpað sprengjum á Ísrael í heilan mánuð ef stór vopnasending með skipi frá Íran, sem ísraelski herinn stöðvaði í gær, hefði borist þeim.

**RÚSSLAND**

### Lavrov undrandi

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, segist afar undrandi á Radek Sikorski, hinum pólska starfsbróður sínum, fyrir að hafa beðið Bandaríkjamenn um að senda fleiri hermenn til Póllands.

**SÁDI-ARABÍA**

### Árásir á Jemen

Sádi-arabíski herinn gerði í gær árásir á hópa uppreisnarmanna handan landamæranna í Jemen. Beitt var bæði árásarþotum og stórskotavígbúnaði.



**ÚTSÝNIÐ ÚR HEIÐMÖRK** Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur telur að fyrirhugaðar framkvæmdir við Suðvesturlínu geti haft áhrif á vatnsból þrátt fyrir öryggiskröfur og mótvægisaðgerðir.

# Framkvæmt á vatnsverndarsvæði

**Fagnefndir Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Kópavogs telja vatnsvernd ógnað með lagningu Suðvesturlínu. Mikilvægi línunnar vegur þó meira. Óvíst hver ber kostnað mengist vatnsbólin. Ströng skilyrði sett við framkvæmdinni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur, heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Skipulagsstofnun telja allar að vatnsvernd verði ógnað með lagningu Suðvesturlínu.

Í umsögn Umhverfis- og samgöngusviðs borgarinnar frá því í júní segir að fyrirhuguð framkvæmd geti haft áhrif á vatnsból þrátt fyrir öryggiskröfur og mótvægisaðgerðir. Framkvæmd vatnsverndar geti farið í uppnám, einkum inni á grann- og brunnsvæði í námunda við og með aðrennsli að vatnsbólum. Framkvæmdir og rask skapi „óhjákvæmilega hættu fyrir öryggi vatnsöflunar“.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er mjög afdráttarlaus í sinni bókun. Þar segir: „Framkvæmdir og rask sem fylgja uppbyggingu og síðar þjónusta við þessar háspennulínur svo nærri vatnsbólunum skapar óhjákvæmilega hættur fyrir öryggi vatnsöflunar.“

Nefndin telur línuna hins vegar svo mikilvæga að þessir hagsmunir víki. Betra hefði verið að fara aðra leið en að teknu tilliti til „mikilvægi boðaðra framkvæmda“ og að viss öryggissjónarmið verði tryggð, leggst nefndin ekki gegn framkvæmdinni.

Skipulagsstofnun tók undir áhyggjurnar í umhverfismati sínu. Tekið var tillit til ýmissa athugasemda.

Ekki verður framkvæmt frá byrjun nóvember og til loka mars og hafa þarf samband við heilbrigðiseftirlit um alla þætti framkvæmdarinnar. Umhverfismatið var því jákvætt.

Landsnet stendur fyrir framkvæmdinni og fyrirtækinu verður gert að bera ábyrgð á öllum þáttum hennar inni á vatnsverndarsvæðum. Það verður því ekki hægt að vísa í ábyrgð undirverktaka fari eitthvað úrskeiðis.

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir að fyllsta öryggis verði gætt og unnið verði eftir fremstu gæðastuðlum. Sérstaklega verði tryggt að möstrin mengi ekki.

Guðlaugur G. Sverrisson, forstjóri Orkuveitunnar, segir fyrirtækið vera með viðbragðsáætlanir mengist vatnsból. Komi versta mögulega staða upp á framkvæmdasvæðinu í Heiðmörk verði vatn sótt í Hengil og að Nesjavöllum. **kolbeinn@frettabladid.is**






Vill láta skoða kosti þess og galla að ríkisstjórnin verði fjölskipað stjórnvald:

# Embættismenn sem draga lappirnar hindra samstarf

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vill láta skoða kosti og galla þess að ríkisstjórn Ísland verði fjölskipað stjórnvald, eins og til dæmis í Svíþjóð. Þá bæri ríkisstjórnin sameiginlega ábyrgð á málum, sem lögð eru fyrir Alþingi, og hefði sameiginleg yfirráð yfir stjórnsýslunni í stað þess að einn ráðherra beri ábyrgð á hverju máli eins og nú er.

Í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær tók Jóhanna undir með Þórunni Sveinbjarnardóttur, þingmanni Samfylkingarinnar, sem sagði að hrunið síðastliðið haust hefði afhjúpað veikleika í stjórnsýslunni hér á landi. Þar hafi risið upp ókleifir múrar sem geri samvinnu milli ráðuneyta oft seinlega og erfiða.

„Það þarf ekki annað en einn embættismann, sem dregur lappirnar, til að koma í veg fyrir skilvirkt samstarf,“ sagði Þórunn.

Jóhanna sagðist ekki geta varist þeirri hugsun að mál hefðu getað þróast með öðrum hætti síðastliðið haust ef ýmsar ákvarðanir sem snertu hrunið hefðu verið lagðar fyrir ríkisstjórn til sameiginlegrar umræðu og ákvörðunar. Hún sagðist hafa skipað nefnd til að endurskoða starfshætti ríkisstjórnar og fyrirkomulag ríkisstjórnarfunda. Þeirri nefnd verði falið að skoða kosti þess og galla að ríkisstjórn Íslands verði fjölskipað stjórnvald. **- pg**



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Forsætisráðherra segist ekki fá varist þeirri hugsun að mál hefðu getað þróast með öðrum hætti síðastliðið haust ef ýmsar ákvarðanir sem tengjast hruninu hefðu verið lagðar fyrir á ríkisstjórnarfundi.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Þú getur lækkað höfuðstólinn á erlendu húsnæðisláni




## Við færum höfuðstól erlendra húsnæðislána aftur til loka september 2008

**Með skilmálabreytingu hjá Íslandsbanka býðst viðskiptavinum að lækka höfuðstól erlendra húsnæðislána og breyta þeim í óverðtryggð lán í íslenskum krónum.**

**Hvernig lækkar höfuðstóllinn og hversu mikið?**
Miðað er við lækkun á höfuðstól þannig að hann sé svipaður og hann var 29. september 2008. Lækkun erlendra húsnæðislána verður um 25% að meðaltali miðað við stöðu gengis 26. okt. 2009. Sjá dæmi á mynd A.

**Hvað verður um lánið mitt?**
Lánið breytist í óverðtryggt húsnæðislán með 25 eða 40 ára lánstíma.

**Hverjir verða vextirnir?**
Hægt verður að velja á milli breytilegra og fastra vaxta. Breytilegir vextir í dag skv. vaxtatöflu eru 9,5%. Boðið verður upp á stiglækkandi afslátt frá þeim. Miðað við óbreytt vaxtastig þá yrðu vextir fyrsta árið 7,5% sem er vaxtaafsláttur upp á 2 prósentustig. Einnig er boðið upp á fasta vexti til þriggja ára sem í dag eru 9,0% að teknu tilliti til afsláttar.

**Get ég lækkað greiðslubyrðina á láninu mínu?**
Já, hægt er að sækja um greiðslujöfnun á óverðtryggða láninu í þrjú ár, sem í flestum tilfellum lækkar greiðslubyrði lánsins umtalsvert. Að þremur árum liðnum hefur viðskiptavinur val um hvort haldið sé áfram í greiðslujöfnun eða ekki. Dæmi um lækkun á greiðslubyrði má sjá á mynd B.

**Hversu mikið lengist lánið í greiðslujöfnun?**
Það er óvíst en greiðslujöfnun ofan á höfuðstólslækkun hefur ekki þak á lengingu lánstíma.

**Hvenær get ég sótt um höfuðstólslækkun?**
Byrjað verður að taka á móti umsóknum 6. nóvember 2009 og verður hægt að sækja um til og með 18. desember 2009.

**Hverjir geta sótt um?**
Allir viðskiptavinir Íslandsbanka með erlend húsnæðislán sem voru tekin fyrir 15. október 2008. Lánið þarf að vera í skilum.

**Hentar þessi lausn öllum?**
Nei, hver og einn þarf að vega og meta kosti og galla þess að breyta láni sínu með þessum hætti. Þessi lausn hentar sumum betur en öðrum en einna helst þeim sem hyggjast selja eign sína eða greiða upp húsnæðislán sitt á næstu misserum.

**Mun þetta kosta viðskiptavini eitthvað?**
Skilmálabreyting kostar kr. 5.500 auk þinglýsingargjalds en lántöku- og stimpilkostnaður er enginn.

**Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér þá kosti sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli.**

**Reiknivél, dæmi og ítarlegri upplýsingar er að finna á www.islandsbanki.is**







* m.v. 20.000.000 kr. lán til 40 ára í hefðbundinni myntkörfu

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Við bústað hvers á Þingvöllum hefur umfangsmikill úrgangur legið á viðkvæmum gróðri í tvö ár?*

2 *Hver leikstýrir myndinni Desember sem frumsýnd verður í dag?*

3 *Við hvaða danska sjónvarpsþátt vann Áslaug Dröfn Sigurðardóttir við förðun?*

Kosta myndi níu milljarða að hækka persónuafslátt um áramót:

# Fjölþrepa skattkerfi með láglaunaþrepi

**ALÞINGI** Fjölþrepa skattkerfi með lágu þrepi fyrir láglaunafólk er ein þeirra leiða sem ríkisstjórnin hefur til athugunar við endurskoðun skattkerfisins.

Þetta kom fram í svari Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra við fyrirspurn frá Höskuldi Þórhallssyni, þingmanni Framsóknarflokksins, á Alþingi í gær. Höskuldur spurði hvort láglaunafólk mætti eiga von á því að persónuafslátturinn yrði hækkaður um næstu áramót í takt við verðlagsbreytingar, eins og umsamið var árið 2006.

Í svari Jóhönnu kom fram að sú hækkun persónuafsláttar, sem samið hefur verið um að taki gildi næstu áramót muni kosta ríkissjóð níu milljarða króna. Flöt 2.000 króna hækkun kosti alls 4,5 milljarða og hækkun vegna verðlagsbreytinga 4,5 milljarða til viðbótar.

Jóhanna sagði að vinna við endurskoðun skattkerfisins væri ekki komin á leiðarenda. Lagt yrði kapp á að að finna leiðir til þess að skila þeim sem lægst hefðu launin hækkuðum persónuafslætti. **- pg**



**FORSÆTISRÁÐHERRA** Að óbreyttu á að hækka persónuafslátt um næstu áramót. Breytingin myndi kosta ríkissjóð níu milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Utanríkisráðherra Georgíu:

## Kastar rússneskum borgararétti

**GEORGÍA, AP** Utanríkisráðherra Georgíu hefur afsalað sér rússneskum ríkisborgararétti og skorið á fyrri tengsl við Moskvu.

Grigol Vashadze, sem er 51 árs gamall, starfaði í utanríkisþjónustu Sovétríkjanna fyrir hrun þeirra. Litið var á skipun Vashadzes sem utanríkisráðherra Georgíu í fyrra sem tilraun til að rétta Rússum sáttahönd eftir stríðið í ágúst það ár. Samskipti þjóðanna eru samt enn stirð. Eiginkona Vashadzes, Nino Ananiashvili, sem er fræg ballettdansmær og fyrrverandi stjarna Bolshoidansflokksins, hefur ekki farið að fordæmi eiginmannsins. **- óká**



**KINDARLEG** Í Færeyjum verða fleiri umferðarslys vegna lausagöngu fjár en ölvunaraksturs.

Frumvarp um fé í Færeyjum:

## Hömlur settar á lausagöngu

**FÆREYJAR** Þingmenn úr þremur af stærstu flokkum Færeyja leggja til að hömlur verði settar á lausagöngu sauðfjár í landinu.

Einnig á að afmarka rétt sauðfjáreigenda til að halda fé sitt í byggð, þar sem það éti úr görðum og ógni trjágróðri.

Máli sínu til stuðnings benda þingmennirnir á að eigendur sauðfjár þurfi ekki að greiða bætur fyrir þann skaða sem dýr þeirra valdi, ólíkt til dæmis hundaeigendum.

Sauðfé valdi fleiri slysum og óhöppum í umferðinni en drukknir ökumenn á ári hverju. Rekja má þriðja hvert tjón í umferðinni í Færeyjum til lausagöngu sauðfjár, eða 36 atvik í fyrra. **- kóþ**



**Í FJÓSINU** Þrjú af hverjum fjórum mjólkurbúum heims eru á Indlandi, í Pakistan eða Eþíópíu, en eru mjög lítil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mjólkurframleiðsla heimsins:

## Mest aukning í dönskum búum

**LANDBÚNAÐUR Mjólkurframleiðsla hefur hvergi aukist jafnmikið að jafnaði og í dönskum kúabúum, hefur Landssamband kúabænda (LK)eftir nýútkominni skýrslu International Farm Comparison Network.**

**Í Danmörku jókst framleiðslan að jafnaði um 88.000 lítra á hvert bú, en S-Afríka er í öðru sæti, með 85.000 lítra. „Í skýrslunni er greind staða og þróun mjólkurframleiðslunnar í 79 löndum heimsins, sem til samans eru með 95 prósent af heimsframleiðslunni," segir á vef LK.**

**Fram kemur að þau tíu lönd þar sem bústærð er mest, framleiði 21 prósent af heildarmagninu, þrátt fyrir að samanlagður fjöldi búa sé einungis 0,1 prósent af heildarfjöldanum. Stærst eru búin á Nýja-Sjálandi en þar er meðalbúið 351 kýr.** **- óká**

# Kaupmáttur launa dregst áfram saman

**Efnahagshorfur hafa heldur batnað að mati Seðlabankans. Krónan verður veik áfram, nálægt 180 krónum á móti evru. Spáð er 16 prósenta samdrætti kaupmáttar á næsta ári. Núverandi tilhögun peningamála gengur ekki til lengdar.**

**EFNAHAGSMÁL** Kaupmáttur launa dregst saman um tæp 16 prósent á næsta ári, samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands. Samdrátturinn á þessu ári er 19,2 prósent.

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, segir samdrátt ráðstöfunartekanna hafa farið hægar af stað en ráð hafi verið fyrir gert í fyrri spám bankans, því verði niðursveiflan skarpari í prósentum talið þótt endanleg rýrnun verði í takt við fyrri spár. Seðlabankinn kynnti í gær efnahagsspá sína fram til ársins 2012.

Eftir samdrátt næsta árs gerir Seðlabankinn ráð fyrir að kaupmáttur standi í stað árið 2011 og aukist svo um 2,6 prósent árið 2012.



**ÞÓRARINN G. PÉTURSSON**

Í Peningamálum, efnahagsriti Seðlabankans, kemur um leið fram að mikil óvissa sé um framvindu efnahagsmála, meðal annars vegna þess að umfang fjármálakreppunnar eigi sér vart fordæmi. Þá ríki töluverð óvissa um fjármögnun álvers í Helguvík og tengdra orkuframkvæmda og því hafi áhrifum af þeim verið frestað í spám bankans.

Seðlabankinn sér þó ýmis jákvæð merki, svo sem að skráð atvinnuleysi sé heldur minna en spáð hafi verið. Það var 7,2 prósent í september og hafði þá minnkað stöðugt frá 9,2 prósenta hámarki í apríl.

Þetta, með aðeins betri efnahagshorfum, svo sem stöðugra gengi og að alþjóðlegir fjármálamarkaði hafi verið í hægu bataferli, leiði til þess að bati einkaneyslu verði hraðari, þótt vissulega verði hann hægur. Einkaneyslu er spáð lágmarki í byrjun næsta árs og hafi þá minnkað um þriðjung frá lokafjórðungi 2006.

Íbúðafjárfesting og íbúðaverð er hins vegar sagt í langvarandi lægð og verður velta á fasteignamarkaði undir sögulegu meðaltali 2011 og 2012 þrátt fyrir nokkurn vöxt.

Núna er gert ráð fyrir að samdráttur á næsta ári verði eitt prósent, í stað tveggja í fyrri spá og að tæplega fjögurra prósenta hagvöxtur verði á þarnæsta ári, en ekki tveggja prósenta eins og áður var spáð.

Þá segir í riti bankans að ljóst sé að núverandi tilhögun peningamála henti ekki til lengri tíma litið. „Þegar aðstæður verða eðlilegar á ný virðist nærtækast að hverfa til fljótandi gengis, með formlegt verðbólgumarkmið sem kjölfestu. Litið lengra fram á veginn gæti aðild að myntbandalagi Evrópu einnig orðið valkostur."

**olikr@frettabladid.is**



**Í SEÐLABANKANUM** Arnór Sighvatsson, Þórarinn G. Pétursson og Már Guðmundsson. Í efnahagsspá bankans kemur fram að langan tíma taki oft að vinna sig út úr kerfislægum fjármálakreppum. Jákvæð teikn séu þó á lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Forsætisráðherra á Alþingi:

## Fékk ekki svör frá Bretum og Hollendingum

**ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur ekki fengið svar við bréfum sem hún skrifaði Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Jan Peter Balkenende, forsætisráðherra Hollands, vegna Icesavedeilunnar 28. ágúst síðastliðinn.**

**Jóhanna greindi Alþingi frá þessu í gær í svari við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins.**

**Jóhanna sagði að það héldi ekki vöku fyrir sér að hafa ekki fengið svör. Hún hefði lýst sig tilbúna til viðræðna við bresku og hollensku forsætisráðherrana „ef þörf krefði" en fyrst og fremst hefði hún verið að skýra sjónarmið Íslendinga í bréfunum.**

**Aðrir ráðherrar hefðu verið í stöðugum viðræðum við Breta og Hollendinga vegna málsins.** **- pg**

Fjárhagserfiðleikar Nýsis:

## Lífeyrissjóðir hirða iðnskóla

**FJÁRMÁL** Tíu lífeyrissjóðir sem áttu kröfur á fasteignafélagið Nýsi hafa keypt Iðnskólann í Hafnarfirði af Nýsi.

Eins og kunnugt er hefur Nýsir glímt við mikla fjárhagserfiðleika í kjölfar bankahrunsins í fyrrahaust.

Þessi breyting á eignarhaldi á Iðnskólanum var kynnt bæjarráði Hafnarfjarðar, sem kveðst ekki gera athugasemdir við málið. Skólinn er því nú í eigu félagsins Tapers ehf., sem er dótturfélag Rusors ehf. sem er eignarhaldsfélag lífeyrissjóðanna tíu. **- gar**

Stýrivextir lækkaðir um eitt prósentustig og fleiri vöxtum hnikað til:

# Lítils háttar slökun á aðhaldi peningamála

**EFNAHAGSMÁL** Stýrivextir lækkuðu um eitt prósentustig í gær, fóru úr 12 prósentum í 11 prósent, samkvæmt ávörðun Peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands. Með þessari og öðrum vaxtaákvörðunum segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri felast nær óbreytt aðhald peningastefnunnar, eða lítils háttar slökun, en það fari eftir fjárhæð og vöxtum innstæðubréfa sem boðin verði út.

Verðbólga hefur hjaðnað hægar en Seðlabankinn vænti, en þá þróun segir Már að mestu skýrast af því að gengi krónunnar hafi verið veikara en spáð var. „Enn er þó gert ráð fyrir að verðbólga minnki hratt á næsta ári og að undirliggjandi verðbólga verði við verðbólgumarkmið á seinni hluta þess árs."

**ÞRÓUN VERÐBÓLGUNNAR**

| Tími | 12 mánaða verðbólga |
|---|---|
| Október ´08 | 15,9% |
| Nóvember ´08 | 17,1% |
| Desember ´08 | 18,1% |
| Janúar ´09 | 18,6% |
| Febrúar ´09 | 17,6% |
| Mars ´09 | 15,2% |
| Apríl ´09 | 11,9% |
| Maí ´09 | 11,6% |
| Júní ´09 | 12,2% |
| Júlí ´09 | 11,3% |
| Ágúst ´09 | 10,9% |
| September ´09 | 10,8% |
| Október ´09 | 9,7% |

HEIMILD: PENINGAMÁL 2009/4

Í rökstuðningi Peningastefnunefndar er bent á að gengi krónunnar hafi verið nokkurn veginn stöðugt frá því síðla sumars, þótt það hafi verið lægra en æskilegt geti talist.

Peningastefnunefndin ákvað að lækka vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana um 0,5 prósentustig í níu prósent. Þá verður hámarksfjárhæð í vikulegum útboðum innstæðubréfa til 28 daga aukin úr 25 milljörðum króna í 30 milljarða, með 9,5 prósenta lágmarksvöxtum og 10,25 prósenta hámarksvöxtum. Í því felst 0,25 prósenta hækkun hámarksvaxta. Daglánavextir lækka úr 14,5 prósentum í 13 prósent. **- óká**



**SVONA HÁIR VEXTIR!** Már Guðmundsson seðlabankastjóri bendir á vaxtaferil ólíkra vaxta sem brugðið var upp á skjá á kynningarfundi bankans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



GRÍSAHRYGGUR
m/puru
**839** kr/kg
~~1.398 kr/kg~~

**50% afsláttur**

# Frábær verð!

GRÍSAKÓTELETTUR
hunangsgljáðar.
**1.199** kr/kg
~~1.998 kr/kg~~



**40% afsláttur**



**37% afsláttur**

GRÍSABÓGUR
sneiddur, frosinn
**440** kr/kg
~~699 kr/kg~~

KRYDDAÐ LAMBALÆRI
**1.399** kr/kg
~~1.998 kr/kg~~



**30% afsláttur**



**30% afsláttur**

BAYONNESKINKA
**1.329** kr/kg
~~1.898 kr/kg~~

EKTAFISKUR-RÉTTIR, FRYSTIVARA
plokkfiskur, ýsubollur og kjúklingasúpa
**598** kr/pk.





SPAR KAFFIPÚÐAR, 36 stk.
regular, dark roast og extra dark roast
**495** kr/pk.
~~589 kr/pk.~~



KEYPTU 2 stk. OG FÁÐU
MILDAN MORGUNSAFA FRÍTT

FÓTBOLTAMYNDIRNAR FÁST HJÁ OKKUR!





HEILSUBÆLIÐ DVD
**2.495** kr

VINSÆLASTI FETAOSTURINN, SÁ BLÁI,
NÚ LÍKA FÁANLEGUR Í MINNA GLASI!





**50% afsláttur**

JARÐARBER, 200g
**199** kr/askjan
~~398 kr/askjan~~

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 6. - 8. nóvember eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



**LÍTT HÆRÐ** Gleraugnabjörninn Dolores sést hér spássera um búr sitt í dýragarðinum í Leipzig í Þýskalandi. Eins og sjá má er Dolores hrjáð af hárlosi. NORDICPHOTOS/AFP

Stofnanir geta sett reglur um bann við notkun áfengis í tiltekinn tíma fyrir vinnu:

# Ein lög fyrir allt heilbrigðisstarfsfólk

**ALÞINGI** Fram er komið í þinginu, í þriðja sinn, frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**

Nær það til allra faggreina í heilbrigðisþjónustu en nú eru í gildi sérlög um fjölda greina og aðrar starfa eftir reglugerðum.

Í frumvarpinu er meðal annars kveðið á um að heilbrigðisstarfsmanni beri að virða faglegar takmarkanir sínar og vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns þegar við á. Undirstrikað er að óheimilt sé að starfa undir áhrifum áfengis eða vímuefna og heilbrigðisstofnunum heimilað að setja reglur um bann við notkun áfengis og vímuefna í tiltekinn tíma áður en vinna hefst.

Heilbrigðisstarfsmenn eiga að gæta þess að stofna ekki til óþarfa útgjalda, hámarksaldur til að reka eigin starfsstofu verður sjö ár og heilbrigðisráðherra getur bannað tiltekna meðferð, sýnist honum svo. - bþs

### 33 LÖGGILTAR HEILBRIGÐISSTÉTTIR

Áfengis- og vímuvarnaráðgjafar, félagsráðgjafar, fótaaðgerðafræðingar, geislafræðingar, hjúkrunarfræðingar, hnykkjar (kírópraktorar), iðjuþjálfar, lífeindafræðingar, ljósmæður, lyfjafræðingar, lyfjatæknar, læknar, læknaritarar, matartæknar, matvælafræðingar, náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu, næringarfræðingar, næringarráðgjafar, næringarrekstrarfræðingar, osteópatar, sálfræðingar, sjóntækjafræðingar, sjúkraflutningamenn, sjúkraliðar, sjúkranuddarar, sjúkraþjálfarar, stoðtækjafræðingar, talmeinafræðingar, tannfræðingar, tannlæknar, tannsmiðir, tanntæknar, þroskaþjálfar.

Actavis aðstoðar í Úkraínu:

# Gefur lyf fyrir 5,7 milljónir

**BÚLGARÍA** Lyfjafyrirtækið Actavis gefur lyf að andvirði 60 þúsunda búlgarskra leva, eða sem nemur 5,7 milljónum króna, í mannúðaraðstoð í Úkraínu. Þetta hefur upplýsingavefur Focus eftir tilkynningu félagsins í Búlgaríu.

Meðal lyfjanna sem send verða eru sýklalyf, fjölvítamín og hóstasaft. Gjöfin verður afhent úkraínska sendiráðinu í Búlgaríu, en markmiðið er sagt vera aðstoð við að stemma stigu við frekari útbreiðslu flensu í landinu. Stjórnvöld í Úkraínu hafa sett á sóttkví í níu héruðum í vestur- og suðvesturhluta landsins. - óká






# Konur sitja fastar í ofbeldissambúðum

**Dæmi eru um konur sem sitja fastar í ofbeldissambúðum vegna kreppunnar. Þær sitja með maka í óseljanlegum eignum, bæði með skuldabyrði og sjá ekki fram á að geta stofnað nýtt heimili. Erlendar konur hurfu úr Kvennaathvarfinu.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Þess eru dæmi að konur sitji fastar í ofbeldissambúðum, þar sem þær deila óseljanlegum eignum með makanum, bæði eru með mikla skuldabyrði og þær sjá ekki fram á að geta sett á stofn og rekið nýtt heimili.

Þetta segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins. Hún segir þetta vera eina birtingarmynd á áhrifum kreppunnar á heimilisofbeldi. Aðsókn að dvöl í Kvennaathvarfinu var mjög mikil fyrst eftir að kreppan skall á en hefur verið minni það sem af er þessu ári heldur en í fyrra, að sögn Sigþrúðar.

„Hins vegar koma fleiri konur í viðtöl. Við heyrum í mörgum konum sem eru að leita sér leiðar út úr ofbeldissambandi og íhuga að koma í Kvennaathvarfið. Vissulega höfum við alltaf öðru hvoru fengið konur sem talin hefur verið trú um að þær gætu ekki staðið á eigin fótum fjárhagslega séð. En það er vissulega oft erfiðara í ákveðnum tilvikum að hrekja þær ranghugmyndir nú en oft áður.“

Sigþrúður segir að sumar þeirra kvenna sem hafi komið í viðtöl í Kvennaathvarfinu hafi tjáð sig um að ofbeldi í samböndum þeirra hafi aukist eftir að makinn missti vinnuna eða fjárhagserfiðleikar á heimilinu tóku að aukast.

Sigþrúður segir enn fremur áberandi að erlendum konum sem leita til Kvennaathvarfsins hafi fækkað mjög mikið. Í fyrra hafi þær verið um helmingur dvalarkvenna. Fyrstu mánuðina eftir hrun hafi þær ekki sést en það sé nú að breytast aftur til fyrra horfs.

„Eina skýringin á þessu sem okkur dettur í hug er sú að þær bíti frekar á jaxlinn núna og fari síður að heiman til dæmis af ótta við atvinnuleysi, þar sem dvalarleyfi getur verið tengt atvinnuleyfi eða ótta við að geta ekki framfleytt sér. Það er því miður engin ástæða til að ætla að ofbeldi gagnvart konum hafi minnkað. Við óttumst að heimilisofbeldi aukist í tengslum við bágt efnahagsástand. Þrátt fyrir allt er enn sem fyrr mikilvægt að hafa í huga að kynbundið ofbeldi á sér stað í öllum stéttum og er síður en svo bundið við efnaminni heimili, atvinnulausa eða félagslega einangrað fólk. Þeir þættir eru engu að síður áhættuþættir sem geta leitt til ofbeldis í samböndum þar sem aðrir áhættuþættir eru til staðar svo sem skortur á jafnrétti, virðingu og hæfni til að leysa úr ágreiningi á friðsamlegan hátt.“ jss@frettabladid.is



**HEIMILISOFBELDI** Ofbeldi er ekki tengt efnahag eða atvinnuleysi nema í samböndum þar sem aðrir áhættuþættir eru til staðar, segir framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins. Þar geta slíkar aðstæður haft áhrif.






Heitt í kolunum í umræðum á Alþingi um álver á Bakka:

# Þórunn sagði Höskuld ljúga

**ALÞINGI** Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sakaði Höskuld Þórhallsson, þingmann Framsóknarflokksins, um að ljúga upp á sig sökum í skjóli þinghelgi í umræðu á Alþingi í gær. Höskuldur hafði sagt að Þórunn hefði kveðið upp ólöglegan úrskurð þegar hún mælti fyrir um sameiginlegt umhverfismat á framkvæmdum vegna undirbúnings álvers á Bakka við Húsavík.

„Mér er sagt að þingmaðurinn sé löglærður,“ sagði Þórunn þegar hún kvaddi sér hljóðs í lok utandagskrárumræðna um álversuppbyggingu á Bakka og sagðist draga lagaþekkingu Höskuldar í efa. Hann hefði að minnsta kosti ekki kynnt sér umhverfislöggjöf. Væri úrskurður hennar ólöglegur væri væntanlega búið að fella slíkan dóm eftir meðferð hjá dómstólum. Hún hvatti þingforseta til þess að gæta þess að þingmenn „komi ekki hér upp í krafti þinghelgi sinnar og ljúgi upp á aðra þingmenn“.



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**



**HÖSKULDUR ÞÓR ÞÓRHALLSSON**

Höskuldur kvaðst standa við sín orð enda hefði hann verið að vísa til álits umboðsmanns Alþingis í málinu. Ástæðan fyrir því að málið fór ekki fyrir dóm væri aðeins sú að heimamenn hefðu talið að slíkt mundi skaða baráttuna fyrir álveri við Bakka þótt þeir hefðu þóst vissir um að vinna slíkt dómsmál. - pg




Orkusalan | 422 1000 | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík



**HELG ATHÖFN** Strangtrúaðir hindúar, búnir kókoshnetum, taka þátt í helgiathöfn í Koneswara-musterinu í Trincomalee-umdæminu á Srí Lanka. NORDICPHOTOS/AFP

Helmingur frambjóðenda sem ekki skila fjárhagsupplýsingum vegna alþingiskosninga er í Vinstri grænum:

# Enginn eyddi meira en 300 þúsund

**STJÓRNMÁL** Helmingur þeirra frambjóðenda til Alþingis, sem ekki höfðu skilað inn fjárhagsupplýsingum um framboð sitt til Ríkisendurskoðunar á miðvikudag, var úr VG, eða 18 af 36.

Greint var frá því í blaðinu í gær að þessir frambjóðendur brjóta lög um fjármál stjórnmálasamtaka, og brotin eiga að geta kostað sex ára fangelsi.

Drífa Snædal, framkvæmdastýra VG skýrir skussahátt frambjóðendanna með því að í forvali flokksins hafi verið óhemju mikil þátttaka, og að sáralítill kostnaður hafi verið við framboðin.

„Við vorum með 103 í forvali sem eru jafnmargir og buðu sig fram í hinum flokkunum. Svo fór enginn yfir 300 þúsund krónur í kostnað, þar sem það var blátt auglýsingabann í forvalinu," segir hún. Samkvæmt lögum er þeim engu að síður skylt að greina frá því, að kostnaðurinn hafi verið þessi.

Drífa segist hafa boðist til að senda senda Ríkisendurskoðun yfirlýsingu um þetta fyrir hönd alla frambjóðendanna en stofnunin hafi viljað fá yfirlýsingu frá hverjum og einum, skiljanlega, segir Drífa.

Ekki einungis Ríkisendurskoðun hafi ýtt á eftir því við frambjóðendurna að skila inn upplýsingunum, heldur einnig skrifstofa flokksins.

„Þannig að þetta er bara á þeirra ábyrgð," segir Drífa Snædal.

Þess skal getið að í tilkynningu Ríkisendurskoðunar var nafn Fidu Abu Libdeh á lista yfir frambjóðendur í forvali VG, en hún tók ekki þátt í því. Skrifstofu VG varð á að setja Fidu á listann. Skussarnir voru því ekki 37, eins og sagt var í gær. **- kóþ**



**DRÍFA SNÆDAL** Framkvæmdastýra VG segir að metþáttaka hafi verið í forvali VG fyrir síðustu kosningar. Skrifstofa flokksins hafi hvatt fólk til að skila upplýsingunum til Ríkisendurskoðunar.

Ríkisstarfsmenn:

## Dagpeningagreiðslur lækka

**STJÓRNSÝSLA** Greiðslur til ríkisstarfsmanna fyrir gistingu á ferðalögum innanlands hafa verið lækkaðar um rúman fjórðung samkvæmt nýrri ákvörðun ferðakostnaðarnefndar. Þá lækka greiðslur fyrir gistingu og fæði um 15,5 prósent.

Greiðslur vegna fæðis, hvort heldur sem er hálfan eða heilan dag, hækka hins vegar um 4,4 prósent.

Fyrri gjaldskrá tók gildi 1. júní, en núverandi um mánaðamótin. Dagpeninganefnd fer fram á að ráðuneyti kynni stofnunum og fyrirtækjum sem undir þau heyra nýju ákvörðunina, en hana er líka að finna á slóðinni www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostn.html. **- óká**

### BREYTTAR GREIÐSLUR

**Greiðslur til ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins á þessu ári.**

| Vegna | 1. nóv. | 1. jún. | Breyting |
|---|---|---|---|
| Gisting og fæði í einn sólarhring | 18.700 kr. | 22.132 kr. | -15,5% |
| Gisting í einn sólarhring | 10.400 kr. | 14.182 kr. | -26,7% |
| Fæði heilan dag | 8.300 kr. | 7.950 kr. | +4,4% |
| Fæði hálfan dag | 4.150 kr. | 3.975 kr. | +4,4% |

*Heimild: Lögbirtingablaðið*

**SVEITARSTJÓRNIR**

### Vilja landsmót í Voga

Bæjarráð Voga hyggst setja upp nefnd með Ungmennafélaginu Þrótti til að vinna að því að Unglingalandsmót UMFÍ verði haldið í Vogum á 80 ára afmælisári Þróttar sumarið 2012.

**STJÓRNSÝSLA**

### Fjórtán umsækjendur eftir

Fjórtán umsækjendur eru nú um stöðu forstjóra Bankasýslu ríkisins, því Viðar Kárason hefur dregið umsókn sína til baka.

# Nefndin sem semur við ESB

**Utanríkisráðherra hefur skipað níu manna samninganefnd vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Tíu sértækir samningahópar starfa með nefndinni. Flestir samningamanna eru lögfræðingar og/eða embættismenn.**

**EVRÓPUMÁL** Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra gagnvart Evrópusambandinu, verður aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Níu sitja í samninganefndinni en við hlið hennar starfa tíu samningahópar um sértæk málefni. Formenn þeirra hafa verið valdið en þá skipa fulltrúar ráðuneyta og stofnana ásamt fulltrúum hagsmunaaðila, félagasamtaka og háskólasamfélagsins. Sérstaklega var litið til samningareynslu og sérþekkingar við skipan í nefndina og hópana.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að gert sé ráð fyrir því að á næstu vikum eða mánuðum ljúki framkvæmdastjórn ESB gerð álits síns um aðildarumsókn Íslands en á grundvelli þess taki aðildarríkin ákvörðun um að hefja formlegar aðildarviðræður.



**BJÖRG THORARENSEN**

Deildarforseti lagadeildar HÍ frá 2007. Prófessor í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskóla Íslands frá 2002. Skrifstofustjóri og lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu frá 1995-2001. Formaður sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um bætt réttarfar í mannréttindamálum frá 2009.



**GRÉTA GUNNARSDÓTTIR**

Sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs utanríkisráðuneytisins frá 2007. Yfirmaður flóttamannaaðstoðar SÞ í Austur-Jerúsalem 2005-2007. Staðgengill sendiherra í Brussel, 2004-2005. Varafastafulltrúi Íslands hjá SÞ í New York, 2000-2004. Starfsmaður stjórnmáladeildar NATO, 1994-1997. Þátttaka í samningaviðræðum um aðild Íslands að EES.



**HÖGNI S. KRISTJÁNSSON**

Skrifstofustjóri á viðskiptasviði utanríkisráðuneytisins (ESB-mál) og staðgengill sviðsstjóra. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins í Brussel 2003-2007, staðgengill sendiherra 2005-2007. Hefur starfað í utanríkisþjónustunni frá 1999 en var áður fulltrúi dómsmálaráðuneytisins í Brussel. Hefur tekið þátt í ýmsum viðræðum fyrir hönd Íslands um EES og ESB.



**STURLA SIGURJÓNSSON**

Ráðgjafi í utanríkismálum í forsætisráðuneytinu frá 2006. Sendiherra Íslands á Indlandi, 2006. Skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu 2002-2005, sendifulltrúi í sendiráðinu í Brussel 200-2002, varafastafulltrúi hjá NATO og VES 1997-2000. Hefur tekið þátt í fjölda samningaviðræðna fyrir hönd Íslands, ekki síst á sviði öryggis- og varnarmála.



**MARTIN EYJÓLFSSON**

Sviðsstjóri viðskiptasviðs utanríkisráðuneytisins frá 2007. Skrifstofustjóri Evrópuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, 2007. Starfsmaður utanríkisráðuneytisins frá 1996. Í samninganefnd um Icesave, 2008-2009 og um lánaviðræður við Norðurlönd o.fl. Þátttaka í fjölda viðræðna fyrir hönd Íslands um málefni EES og ESB.



**STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON**

Sendiherra Íslands gagnvart ESB í Brussel. Fastafulltrúi gagnvart Alþjóðaviðskiptastofnuninni WTO, EFTA og SÞ í Genf 2001-2005. Starfsmaður utanríkisþjónustunnar frá 1986, skrifstofustjóri og starfsmaður fastanefnda. Hefur tekið þátt í margvíslegum samningaviðræðum fyrir hönd Íslands. Var formaður vinnuhóps um aðild Rússlands að WTO frá 2003 og formaður í þriggja manna gerðardómi í „stáldeilu" Bandaríkjanna og Evrópusambandsins, 2002-2003.



**KOLFINNA JÓHANNESDÓTTIR**

Kennsla við Símenntun Háskólans á Bifröst, 2009. Sérfræðingur á Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Bifröst, 2006-2008. Framkvæmdastjóri Nepals hugbúnaðar ehf., 2002-2004. Rekstrarstjóri Safnahúss Borgarfjarðar, 2004.

Hefur birt greinar í innlendum fræðitímaritum og flutt fjölmörg erindi á sviði landbúnaðar- og byggðamála.
Sat í sveitarstjórn Borgarbyggðar fyrir Framsóknarflokkinn.



**ÞORSTEINN PÁLSSON**

Ritstjóri Fréttablaðsins, 2006-2009. Sendiherra í Kaupmannahöfn og London, 1999-2005. Dóms- og kirkjumálaráðherra og sjávarútvegsráðherra 1991-1999. Forsætisráðherra, 1987-1988. Fjármálaráðherra, 1985-1987.

Formaður Sjálfstæðisflokksins 1983-1991. Alþingismaður 1983-1999.

Framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins 1979-1983, ritstjóri Vísis 1975-1979.



**ÞORSTEINN GUNNARSSON**

Sérfræðingur hjá Rannís, 2009. Rektor við Háskólann á Akureyri, 1994-2009. Fulltrúi menntamálaráðuneytis við sendiráðið í Brussel, 1993-1994. Deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, 1990-1994. Formaður rannsóknar- og þróunarhóps EES, 1994 og hefur verið fulltrúi í nefndum á vegum EES, EFTA og ESB.

### FORMENN SÉRSTAKRA SAMNINGAHÓPA

**EES I, vörur, orka, samkeppnismál o.fl.**
Bryndís Kjartansdóttir, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu.

**EES II, félagsmál, þjónusta, fjárfestingar, umhverfismál o.fl.**
Anna Jóhannsdóttir, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu.

**Lagaleg málefni**
Björg Thorarensen, deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands.

**Sjávarútvegsmál**
Kolbeinn Árnason, lögfræðingur, fyrrverandi skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

**Landbúnaðarmál**
Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

**Utanríkis- og öryggismál**
María Erla Marelsdóttir, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu.

**Fjárhagsmálefni**
Maríanna Jónasdóttir, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

**Myntbandalag**
Már Guðmundsson, seðlabankastjóri.

**Byggðamál og sveitarstjórnarmál**
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu.

**Dóms- og innanríkismál**
Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.



ÍMARK
LÚÐURINN
Val fólksins
*Vodafone*
2009

ÍMARK
LÚÐURINN
Besta útvarpsauglýsingin
*Vodafone*
2009

ÍMARK
LÚÐURINN
Besta sjónvarpsauglýsingin
*Vodafone*
2009



Fíton fékk flestar tilnefningar til verðlauna, alls 16.

ÍMARK
LÚÐURINN
Besta vöru- og firmamerkið
*Borgarleikhúsið*
2009

ÍMARK
LÚÐURINN
Besti markpósturinn
*Iceland Express*
2009

AUGLÝSINGAMIÐLUN
Garðastræti 38 | 520 9200 | am.is

# Fíton.
# Þar sem fagmennirnir versla...



**Markaðsmaður ársins 2009.** Við óskum Hermanni til hamingju með titilinn

Við á Fíton og Auglýsingamiðlun erum stolt af þeim árangri sem við höfum náð á árinu 2009. Við og viðskiptavinir okkar höfum hlotið fleiri verðlaun, viðurkenningar og tilnefningar á sviði mörkunar, hönnunar, auglýsinga- og markaðsmála en nokkur önnur stofa. Við erum stolt af þessum árangri og þökkum okkar ágætu viðskiptavinum fyrir frábært og árangursríkt samstarf við krefjandi aðstæður.

FÍTON

Fíton auglýsingastofa
Garðastræti 37 | 595 3600 | fiton.is

ÍMARK
Markaðsmaður ársins
*Hermann Guðmundsson*
*Forstjóri N1*
2009

ÍMARK
TILNEFNING
Markaðsfyrirtæki ársins
*Vodafone*
2009

Þetta er annað árið í röð sem Vodafone er tilnefnt sem markaðsfyrirtæki ársins.

ÍMARK
TILNEFNING
Markaðsfyrirtæki ársins
*N1*
2009



Þetta er annað árið í röð sem markaðsmaður ársins kemur úr röðum viðskiptavina Fítons. Í fyrra varð Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins fyrir valinu.

FÍT
1. VERÐLAUN
Mörkun
*Borgarleikhúsið*
2009

FÍT
1. VERÐLAUN
Prentað kynningarefni
*Borgarleikhúsið*
2009

FÍT
1. VERÐLAUN
Sjónvarpsauglýsingar
*Vodafone*
2009




Þar að auki fengu hönnuðir Fíton 5 viðurkenningar við afhendingu FÍT verðlaunanna


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS
1598
BÓNUS FROSNAR KJÚKLINGALUNDI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr.kg.
698
MÓA HEILL GRILLAÐUR KJÚKLINGUR (KALDUR)
CA 1250 GR 698 kr stk.
1598
KJÖRFUGL FERSKAR BRINGUR
1598 kr.kg.
1598
BÓNUS FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
1598 kr.kg.
598
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
598 kr.kg.
1998
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 kr.kg.
198
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR
198 kr.kg.
598
ALI FERSK KJÚKLINGALÆRI 598 kr.kg.
559
FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 4 STK M.BRAUÐI
MERKT VERÐ 798 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR 559 kr.
998
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR 1 KG
998 kr.
1049
Í.N FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR 1049 kr.kg.
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500 GR 159 kr.
298
DAN CAKE RÚLLUTERTUR 3 TEG. 400 GR 298 kr.
298
BÓNUS KLEINUR
15 STK 298 kr.
698
FILIPPO BERIO ÓLÍFUOLÍA
500+250 ML
698 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ

# GOTT VERÐ Í BÓNUS




398

K.F FROSIÐ SPARHAKK
MERKT VERÐ 498 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR **398 kr.kg.**




398

K.F NÝTT KJÖTFARS
**398 kr.kg.**




2099

K.F KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
MERKT VERÐ 2998 KR.KG. 30%. AFSLÁTTUR **2099 kr.kg.**
VINSÆLASTA HANGIKJÖTIÐ Í BÓNUS.




98

MALT Í DÓS 33 CL **98 kr.**




998

ANDREX WC PAPPÍR 12 RÚLLUR **998 kr.**



129

RÓFUR ÍSLENSKAR **129 kr.kg.**



498

K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT
1.FLOKKUR *HAUSTSLÁTRUN 2008*
MERKT VERÐ 664 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR **498 kr.kg.**




998

K.S FROSIÐ LAMABLÆRI
Í POKA
**998 kr.kg.**
*HAUSTSLÁTRUN 2008*




129

PEPSI - PEPSI MAX -EGILS APPELSÍN 1. LTR. **129 kr.**



268

K.S FROSIN LAMBASVIÐ
MERKT VERÐ 298 KR.KG. 10% AFSLÁTTUR **268 kr.kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30



**NÝR MAÓ** Risavaxin stytta af Maó formanni er nú í bígerð í Changsha í Kína. Styttan verður 32 metrar á hæð og er gerð í tilefni af því að brátt eru 115 ár liðin frá fæðingu formannsins. Hún sýnir Maó í nýju ljósi, unglegan með sítt og vindblásið hár. NORDICPHOTOS/AFP

Mannréttindadómstóll Evrópu telur rangt að hafa trúartákn í skólum ítalska ríkisins:

# Krossar eiga ekki heima í skólastofum

**ÍTALÍA** Krossar, sem boða kristna trú, ganga gegn réttindum fólks sem ekki er kristið, segir í úrskurði Mannréttindadómstóls Evrópu frá í gær. Þeir eigi því ekki heima í skólastofum ítalska ríkisins, og skulu teknir niður.

Soile Lautsi, finnskur innflytjandi á Ítalíu, hafði kvartað undan trúarlegri innrætingu fyrir hönd barna sinna og beðið um að krossarnir yrðu fjarlægðir.

Lautsi tapaði málinu fyrir ítölskum dómstólum og áfrýjaði til Mannréttindadómstólsins, sem féllst á rök innflytjandans. Honum voru dæmdar fimm þúsund evrur í „siðferðilegar skaðabætur“ að auki. Þetta eru rúmar 923 þúsund krónur, en Lautsi hefur barist í átta ár gegn krossunum.

Íhaldssamir stjórnmálamenn Ítalíu hafa mótmælt úrskurðinum mikið og segja hann ganga gegn ítölskum og evrópskum hefðum: kristilegum rótum menningarinnar.

Rök ítalskra stjórnvalda fyrir dómstólnum voru meðal annars þau að krossinn væri þjóðlegt tákn Ítala, tákn um menningu, sögu og sjálfsmynd þjóðarinnar, einnig tákn umburðarlyndis og veraldleika. Vatíkanið er á sama máli og hefur lýst yfir „hneykslun og sorg“.

Dómurinn gæti haft fordæmisgildi um notkun trúartákna í skólum hins opinbera um víða Evrópu.

Ítölsk stjórnvöld ætla að áfrýja dómnum til yfirdeildar dómstólsins. **- kóþ**



**KROSSINN** Ríkisreknir skólar Ítalíu eiga að hafa trúarlegt hlutleysi í hávegum, þegar skólaskylda gildir um alla nemendur, segir Mannréttindadómstóllinn. NORDICPHOTOS/AFP

Samráðshópur ráðherra:

# Þjóðskrá færi sig milli húsa

**STJÓRNSÝSLA** Hagkvæmni þess að sameina starfsemi Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands er í skoðun að beiðni Rögnu Árnadóttur, dómsmála- og mannréttindaráðherra.



**RAGNA ÁRNADÓTTIR**

Ráðherra hefur falið samráðshópi verkið, en hún hefur áður lagt til að tölvudeildir Þjóðskrár og Fasteignaskrár verði sameinaðar. Í tilkynningu ráðuneytisins kemur fram að þegar hafi verið ákveðið að stíga það skref frá og með næstu áramótum. Framkvæmdasýslan skoðar nú hagkvæmni þess að starfsemi Þjóðskrár flytjist til Fasteignaskrár í Borgartúni í Reykjavík. **- óká**

Þverpólitísk samtök blása til Keflavíkurgöngu:

# Ganga fyrir atvinnuúrbótum á Reykjanesi

**ATVINNUMÁL** Þverpólitískur hópur Suðurnesjamanna mun á sunnudag fara í eins konar Keflavíkurgöngu að undirlagi Einars Bárðarsonar. Yfirskrift göngunnar er Atvinna strax! Gengið verður frá Vogaafleggjara að Kúagerði til að krefjast úrbóta í atvinnumálum í landshlutanum.

Leiðin er um tíu kílómetrar og hefst gangan klukkan 11.30 á sunnudag. Rútuferðir verða á staðinn úr öllum helstu þéttbýliskjörnum á Suðurnesjum.

Á miðri leið stendur til að forsvarsmenn allra stjórnmálaflokka mæti göngunni og hlýði á boðskap göngumanna.

Reykjanesbrautin verður ekki lokuð á meðan, heldur verður aðeins önnur akreinin lögð undir gönguna. Á blaðamannafundi í gær var gangan kynnt, og voru þar saman komnir allir aðstandendur hennar, oddamenn stjórnmálaflokka, bæjarstjórar og forsvarsmenn verkalýðsfélaga á Reykjanesi, lögregla, slökkvilið og björgunarsveitir. **- sh**



**GÖNGUGARPAR** Aðstandendur göngunnar komu saman á fundi í gær og kynntu uppátækið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FALLNIR BRESKIR HERMENN** Bretum er farið að hætta að líta á blikuna, nú þegar afganskir lögreglumenn eru farnir að ráðast á breska hermenn. NORDICPHOTOS/AFP

# Árás vekur óhug Breta

**Uppnám er í Bretlandi eftir árás afganskra lögreglumanna á breska hermenn. Háværar raddir vilja kalla breska herinn heim frá Afganistan sem fyrst.**

**BRETLAND, AP** „Hvers konar stríð er þetta?“ spurði breska dagblaðið Daily Mail í fyrirsögn á forsíðu í gær, daginn eftir að fimm breskir hermenn voru skotnir til bana í Afganistan. Árásarmennirnir voru afganskir lögreglumenn, sem tóku upp vopn sín þegar Bretarnir voru að hita sér te.

Önnur blaðafyrirsögn í gær hljóðaði: „Blóðug svik“, og var á forsíðu dagblaðsins Times.

Árásin hefur vakið hörð viðbrögð í Bretlandi, og vilja margir að Bretar hætti þegar í stað allri þátttöku í hernaði í Afganistan. Hvernig eiga breskir hermenn að geta barist í Afganistan ef þeir geta ekki treyst afgönskum félögum sínum? spyrja gagnrýnendur.

Spurningar hafa vaknað um hvort fjölþjóðaherlið Bandaríkjanna og NATO hafi hraðað um of þjálfun afganskra lögreglumanna, sem hafi orðið til þess að þeim sé ekki treystandi.

Frá skrifstofu Gordons Brown forsætisráðherra bárust þau svör að breskan almenning þurfi að upplýsa betur um markmið og áherslur aðgerðanna í Afganistan.

Bæði ríkisstjórn Verkamannaflokksins og stjórnarandstaða Íhaldsflokksins hafa verið fylgjandi veru breskra hermanna í Afganistan, en svo virðist sem einhverjir í Verkamannaflokknum séu farnir að fá bakþanka, þar á meðal Kim Howells, fyrrverandi aðstoðarráðherra í breska utanríkisráðuneytinu, sem hvetur til þess að breskir hermenn verði kallaðir heim frá Afganistan í áföngum, þvert ofan í afstöðu Gordons Brown forsætisráðherra.

Brown heldur til Afganistans í dag og ætlar að flytja þar ræðu, en ekki er vitað hvert efni hennar verður.

Egon Ramms, yfirmaður í höfuðstöðvum NATO í Hollandi, segir að tíminn vinni gegn fjölþjóðaherliðinu í Afganistan, sem á í harðri baráttu við talibana og aðra uppreisnarhópa þar.

Ramms, sem hefur yfirumsjón með aðgerðunum í Afganistan, segir verulega hættu á því að pattstaða í Afganistan geti farið að grafa undan stuðningi almennings í aðildarríkjum NATO við hernaðinn í Afganistan.

Ástandið hefur versnað þar jafnt og þétt síðustu misserin. Í gær var svo komið að meira en helmingurinn af starfsliði Sameinuðu þjóðanna í höfuðborginni Kabúl var fluttur burt tímabundið af öryggisástæðum. **gudsteinn@frettabladid.is**


Áhrif á heilsu og lífsgæði

Atvinnuþátttaka eldra fólks

Norræn ráðstefna
Hilton Reykjavík Nordica hótel
9. nóvember 2009.

Á ráðstefnunni „Atvinnuþátttaka eldra fólks – áhrif á heilsu og lífsgæði“ munu virtir norrænir fræðimenn og fólk úr atvinnulífinu fjalla um eftirfarandi þætti frá ýmsum hliðum:

- Fyrirsjáanlegar breytingar á aldurssamsetningu Norðurlandaþjóðanna á komandi árum og samfélagsleg áhrif þeirra.
- Áhrif atvinnuþátttöku á lífsgæði og heilsu eldra fólks.
- Viðhorf til eldra fólks á vinnumarkaði.
- Lífeyristryggingakerfi Norðurlandaþjóðanna og hvernig uppbygging þeirra hefur áhrif á atvinnuþátttöku eldra fólks.

Ráðstefnan hefst kl. 9.00 og stendur til kl. 15.30. Hún er öllum opin eins lengi og húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis.

Ráðstefnan fer fram á ensku.



Skráning á: http://yourhost.is/arbejde-til-alle-2009
Dagskráin er birt á: http://www.felagsmalaraduneyti.is/radstefnur/

norden Nordisk Ministerråd
norden
FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ




| | |
|---|---|
| Frostlögur | 25% afsláttur |
| Rúðuhreinsir | 25% afsláttur |
| Bílaperur | 25% afsláttur |
| Quiznos-réttir | 20% afsláttur |
| Þurrkublöð | 25% afsláttur |
| Rúðusköfur | 25% afsláttur |
| Lásasprey og lásaolía | 25% afsláttur |
| Sómasamlokur og langlokur | 20% afsláttur |

Þessi tilboð gilda til 31. des. 2009

# Vetrartilboð til Staðgreiðslukorthafa

Það er hvergi hagstæðara að koma sér í vetrargírinn en hjá Olís – með Staðgreiðslukorti. Auk fastra afsláttarkjara og Vildarpunktasöfnunar fá korthafar aukaafslátt af ýmsum vetrarvörum og skyndibita í vetur hjá Olís og Quiznos. Afslátturinn er virkjaður rafrænt og reiknast sjálfkrafa við notkun Staðgreiðslukorts.

**Vetrarleikur – og veglegir vinningar!**
Að auki fer nafnið þitt sjálfkrafa í pott í hvert skipti sem þú notar kortið í vetur. Reglulega drögum við út vinninga og í lok vetrar þann stærsta, **100.000 Vildarpunkta Icelandair**. Því oftar sem kortið er notað, því meiri vinningslíkur.

**Alltaf með Staðgreiðslukortinu:**

-5 kr.



**3 kr. afsláttur** af eldsneytislítranum frá dæluverði
**2 kr. (1,5%)** afsláttur í formi Vildarpunkta Icelandair
**5% afsláttur** af vörum, nema tóbaki, tímaritum, símakortum og happdrætti.

Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.

*Við höldum með þér!*

olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 095883

## „ORÐRÉTT“

### *Þá ertu í réttum flokki*

**„Okkar markmið er að fjölga konum í pólitík.“**

DRÍFA HJARTARDÓTTIR, FORMAÐUR LANDSSAMBANDS SJÁLFSTÆÐISKVENNA

**Fréttablaðið, 5. nóvember**

### *Úff, Anna Mjöll*

**„Ég ætla að taka skilnaðarblúsinn út á áhorfendum.“**

ANNA MJÖLL ÓLAFSDÓTTIR SÖNGKONA SKILDI VIÐ MANN SINN FYRIR TVEIMUR MÁNUÐUM.

**Fréttablaðið, 5. nóvember**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐFINNUR SIGURVINSSON, FYRRVERANDI FRÉTTAMAÐUR

## *Nýtur lífsins á bökkum Rínar*



„Það er allt fínt að frétta, ég er byrjaður og þýskunámi og læt vel af mér,“ segir Guðfinnur Sigurvinsson, fyrrverandi fréttamaður hjá RÚV sem venti kvæði sínu í kross í haust og flutti til Düsseldorf í Þýskalandi. „Ég er smám saman að ná tökum á tungumálinu, farinn að bjarga mér í bönkum, úti í búð og þess háttar.“

Guðfinnur segir það óneitanlega skrítna tilbreytingu að vera ekki lengur í miðri hringiðu atburða á Íslandi. „Ég fylgist vel með á netinu og horfi á alla þætti á vefsjónvarpinu. Ég vildi helst auðvitað sjá meiri hreyfingu í þjóðmálunum. Þessi stöðnun gerir engum gott, og mér finnst hagur almennings í eftir hrunið enn skammarlega bágborinn.“

Að sama skapi fylgi því þó ákveðinn léttir að fá fjarlægð frá „ástandinu“. „Það er líka allt annar taktur í mannlífinu hérna, þó hér eigi líka að vera kreppa; ekki þessi bölmóður eins og heima. Ég nýt þess að ganga meðfram Rín, lesa góðar bækur, slappa af og eiga stund með sjálfum mér. Nokkuð sem ég var búinn að gleyma í asanum heima.“

Jólaundirbúningurinn er kominn í gang í Þýskalandi og Guðfinnur farinn að hlakka til jólanna úti. „Þjóðverjar eru mikil jólaþjóð og nú stendur undirbúningur jólamarkaða sem hæst. Ég hlakka mikið til að fara á þá í byrjun aðventunnar.“

**TUNGUTAK**

## *Fullkomin óvissa*

**■ Óvissa er eitt þeirra orða sem segja má að hafi verið gengisfelld í íslensku máli, þannig að dregið hefur úr merkingu þeirra. Þegar ekkert er vitað ríkir óvissa, en örlítil vitneskja útrýmir óvissunni. Órökrétt er að tala um „fullkomna óvissu“, því óvissan getur ekki verið annað en algjör. Á sama hátt er vafasamt að tala um „algjört einsdæmi“. Annað hvort er um einsdæmi að ræða eða ekki. Svo er hægt að fara langt yfir strikið, eins og þegar sagt var eitt sinn í frétt: „Bifreiðin er talin nánast gjörónýt.“ Var bíllinn þá ónýtur en ekki alveg gjörónýtur?** **- mt**

Hugmyndasamkeppni framhaldsskóla hefst í dag:

# Virði getur leynst í tómri plastflösku




**NÝSKÖPUN** „Matið á lausninni er huglægt og þarf ekki að vera metið til fjár,“ segir Stefán Þór Helgason, verkefnisstjóri Snilldarlausna Marel hjá frumkvöðlasetrinu Innovit.

Snilldarlausnir er hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna sem hefst í dag. Keppnin er liður í alþjóðlegri athafnaviku. Keppnin gengur út á það að þátttakendur taka einn ákveðinn einfaldan hlut og reyna að gera úr honum eins mikið virði og hægt er. Virðið getur verið af ýmsum toga.

Þátttakendur hafa rúma viku til að vinna hugmynd sína og koma henni til skila, eigi síðar en sunnudaginn 15. nóvember.

Stefán bendir á að Stanford-háskóli í Bandaríkjunum hafi haldið sambærilega keppni á síðasta ári. Þar hafi sigurliðið skorið tóma plastflösku í tvennt, snúið efri hlutanum á hvolf og sett hann undir borðfót. Tappi flöskunnar nýttist síðan til að stilla borðið af.

Þátttakendur geta verið allt frá einum upp í þrjá. Þeir eiga að taka myndband af undirbúningi sínum þar sem sýnt er fram á virði eða virkni hlutarins. Myndbandinu er síðan skilað inn í keppnina.

Dómnefnd velur úr innsendum myndböndum og veitir verðlaun við lok athafnavikunnar 22. nóvember næstkomandi. **- jab**



**LÉTTIR** Skriðjöklarnir sem voru stofnaðir fyrir rúmum aldarfjórðungi sjást hér valhoppandi með malt í hönd. Raggi er lengst til hægri.

# Það er mikið hringt

**Ragnar Gunnarsson – Raggi Sót – fagnar tímamótum í lífi sínu um helgina. Hann á 28 ára söngafmæli. Af því tilefni leika Skriðjöklar á stórdansleik á Spot á morgun.**

„Þetta kom nú þannig til að Jöklarnir urðu 25 ára í fyrra og við höfðum lengi ætlað að halda upp á það. En við gleymdum því og í kjölfarið bárust mér fjölmargar áskoranir um að halda upp á 28 ára söngafmæli mitt. Í fyrstu hafði ég í hyggju að gefa út fyrstadagsumslag en það fannst mér svo gamaldags að ég ákvað að gefa út nokkur Jöklabréf,“ segir Raggi.

„En að öllu gamni slepptu ætlum við Skriðjöklar að halda upp á þetta með stórdansleik á Spot í Kópavogi annað kvöld. Til upphitunar verður ung og sprellfjörug hljómsveit, MONO, auk góðra gesta sem heiðra mig á sviðinu, samferðamenn mínir í listinni.“

Ragga þekkja flestir af söngnum en færri vita að hann hóf tónlistarferilinn við trommusettið.

„Ég byrjaði sem trommuleikari og söngvari í tríói sem hét Straumar. Ég man að ég borgaði settið með þremur geymsluávísunum og tveimur mánuðum eftir að bandið hóf æfingar kom seljandinn, tók af mér settið og skilaði mér ávísununum. Þá sneri ég mér alfarið að söngnum og stofnaði Skriðjökla ekki löngu síðar. Annars hef ég sungið með mörgum nafntoguðum böndum og má þar nefna Bölvar og Ragnar, Alveg svarta og Víxla í vanskilum.“

Skriðjöklar spila ekki oft en þegar hljómsveitin kemur saman er það því meiri viðburður.

„Við tökum kannski eitt til þrjú böll á ári en það er mikið hringt. Okkur finnst þetta ágætt. Sumir af mínum undirleikurum eru sessjónmenn í öðrum hljómsveitum en ég einbeiti mér mest að því að semja,“ segir Raggi. Sú staðhæfing vekur eftirtekt því hann hefur jafnan eftirlátið öðrum að fást við lagasmíðar.

„Nú er ég til dæmis að leggja lokahönd á nýtt jólalag sem ber vinnuheitið „Dunni var sá tólfti“. Skriðjöklar eru hljómsveit margra kynslóða en í dag virðist yngra fólkið ekki þekkja nógu vel til okkar. Þess vegna er ég með í smíðum hipphopp-lag sem ber vinnuheitið „Kynferðisgirðingin“. Svo verður bara að koma í ljós hvað verður úr þessu efni.“

Raggi heitir úrvalsballi enda hljómsveitin og ekki síður hann sjálfur í toppformi.

„Í fyrsta skipti í langan tíma hefur bandið æft af krafti og við mætum gríðarlega vel stemmdir. Allir smellirnir verða á sínum stað, víbrarnir eru góðir og ég skora á fólk að fjölmenna. Því fleiri, því skemmtilegra.“

**bjorn@frettabladid.is**



**EINBEITTUR** Raggi syngur jafnan af mikilli innlifun. Hér sést hann á sviðinu í Hollywood árið 1986.



**Í DAG** Mörgum kílóum síðar en engu að síður staðráðinn í að gera sitt besta.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Komdu á morgun
Opið alla laugardaga
frá kl. 13-15



Situr þú á heillegum barnafötum?

# Skiptimarkaður

## Rauðakrosshússins fyrir barnaföt

Situr þú á barnafötum sem enginn er að nota? Gerðu góð skipti. Komdu og skiptu þeim út fyrir barnaföt sem þið getið notað. Eða gefðu þau áfram á skiptimarkaðnum. Hjálpumst að.

**Kuldaföt og íþróttaföt**

Okkur vantar sérstaklega útiföt og íþróttaföt af öllum stærðum og gerðum. Komdu endilega með það sem þú átt ónotað af þeim, hvort sem þú ert að skipta eða gefa.

**Opið alla laugardaga frá kl. 13-15**

Barnafataskiptimarkaður Rauðakrosshússins
Borgartúni 25, Reykjavík

**Komdu með barnaföt
á skiptimarkaðinn og fáðu
pakka af Frón mjólkurkexi**

Kexverksmiðjan Frón er stuðningsaðili Rauða kross Íslands

Frón




Rauði kross Íslands

**FRÉTTASKÝRING:** Byggðamál



# Breytir hrunið byggðaþróun?

Byggðaáætlun er til endurskoðunar á sama tíma og efnahagshrunið hefur breytt forsendum slíkrar vinnu. Því er spáð að sveifla verði frá vaxtasvæðum þenslutímans til þeirra byggða sem misstu af góðærinu. Einnig verði fólksflótta síðustu áratuga snúið við.

Það árabil sem næsta byggðaáætlun mun spanna verður að flestra mati tími samfélagskreppu. Þeir sem vinna að áætlunargerðinni renna því nokkuð blint í sjóinn þar sem þeir kraftar sem munu stjórna byggðaþróun næstu ára eru ekki að fullu þekktir.

### Sögubrot

Fyrstu aðgerðir ríkisvaldsins í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi byggðar í landinu má rekja til ársins 1951 en frá því ári var árlega varið nokkru fé til atvinnuskapandi verkefna í formi lána og styrkja. Byggðaáætlanir á Íslandi voru í byrjun miðaðar við afmörkuð svæði eða við atvinnugreinar. Á tíunda áratugnum færðist vinna á vegum Byggðastofnunar í þann farveg að skilgreina svæði og sértækar áætlanir og aðgerðir. Einkenni þessara áætlana var áhersla á þróun atvinnuvega sem fyrir voru, sama hvort þeir voru í vexti eða ekki. Ekki var horft til uppbyggingar opinberrar þjónustu, sem að miklu leyti var takmörkuð við höfuðborgarsvæðið.

**MANNFJÖLDI EFTIR SVÆÐUM 2006 OG BREYTING FRÁ 1986**




### Áherslur breytast

Byggðastofnun gerði það að tillögu sinni við gerð byggðaáætlunar fyrir árin 1999-2001 að sett yrðu á laggirnar þróunarsetur á landsbyggðinni. Þau áttu að byggja á stofnun atvinnuþróunarfélaga, háskóla og rannsóknarstofnana og verða vettvangur fyrir uppbyggingu rannsóknarstarfs og aðstoð við frumkvöðla með sérstaka áherslu á starfsemi tengda staðháttum. Markmið með þróunarsetrunum voru að veita atvinnuráðgjöf og aðstoða við stofnun nýrra fyrirtækja, auka rannsóknar- og þróunarstarf á landsbyggðinni og tengja það slíku starfi á höfuðborgarsvæðinu, veita fjármagn til rannsókna og nýsköpunar og efla félagslegar forsendur búsetu á landsbyggðinni.

Með byggðaáætlun 2002-2005 var meiri áhersla lögð á menntun og menningu, á að efla atvinnuþróun og nýsköpun og á frumkvæði og þátttöku heimamanna í því starfi. Þessar áherslur voru undir merkjum sjálfbærrar þróunar og bættrar samkeppnishæfni byggðanna. Í þeirri framkvæmd hafa vaxtarsamningar fyrir skilgreind svæði verið farvegur nánari starfsáætlana og framkvæmdin falin svæðisbundnum atvinnuþróunarfélögum.

### Skammaryrði

Margir halda því fram að markmið byggðastefnu undanfarinna ára hafi ekki gengið eftir og einfaldlega verið röng. Stefnan endurspegli ekki óskir eða þarfir landsmanna og gangi gegn eðlilegri þróun nútímasamfélags. Þessu til sönnunar er bent á íbúaþróun síðustu áratuga. Fólk flytur áfram frá landsbyggðinni til þéttbýlisins. Gagnrýnendur halda því á lofti að fórnarkostnaðurinn sé ekki réttlætanlegur og „krummaskuðin“ megi tæmast og sveitirnar líka. Það sé óvinnandi vegur að berjast gegn vilja fólksins til að leita lífsgæða sem byggi á fjölbreytni þéttbýlisins. Ef íbúaþróun á Íslandi, eftir að ríkisvaldið hóf afskipti sín af byggðaþróun, er notuð sem mælikvarði á árangur hafa gagnrýnendur rétt fyrir sér. Þróunin hefur verið eindregin. Hagþróun á milli svæða, sem einnig er notuð sem mælistika, sýnir jafnframt sömu slagsíðu á milli svæða.

Í þessu samhengi ber að ítreka að byggðaáætlun stjórnvalda er ekki ætlað að tryggja búsetu fólks miðað við forsendur liðins tíma, og þá sérstaklega fyrri framleiðsluhætti þjóðarinnar. Henni er hins vegar ætlað að jafna skilyrði til atvinnu- og mannlífs í landinu og bæta samkeppnishæfni byggðanna. Því er kannski gagnrýnendum, sem öðrum, hollt að velta því fyrir sér hvernig væri um að litast hér á landi ef almennar og sértækar aðgerðir stjórnvalda hefðu ekki komið til.

### Byggðastefna eftir hrun

Skömmu eftir bankahrunið stóð Byggðastofnun fyrir ráðstefnu til að leggja línurnar í undirbúningsvinnu fyrir byggðaáætlun áranna 2010-2013 í ljósi gjörbreyttra aðstæðna. Tekist var á við þá spurningu hvort áherslur áætlunargerðarinnar ættu að vera aðrar en fram til þess tíma. Var staða höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar gjörbreytt, vægi samfélaga og atvinnugreina?

### Hörð hagfræði

Í augum hagfræðingsins Ásgeirs Jónssonar er málið tiltölulega einfalt. Kraftar hafa losnað úr læðingi sem munu hafa meiri áhrif en nokkrar aðgerðir stjórnvalda eða heimamanna í byggðamálum. Gengi krónunnar er í forgrunni hans kenningar.

Landsbyggðaratvinnuvegir verði í lykilhlutverki á næstu árum þar sem þeir annars vegar framleiði vörur til útflutnings og hins vegar muni ferðaþjónusta njóta góðs af gengi krónunnar. Á móti hafi stórir byggðakjarnar sérhæft sig í þjónustu sem notuð sé á staðnum. Gengið komi þannig landsbyggðinni vel því um hreina tekjufærslu sé að ræða. Mörg sveitarfélög muni fá hærri tekjur og geti boðið góða þjónustu, jafnvel betri en á höfuðborgarsvæðinu. Það sé einnig gömul saga og ný að fólksflutningar aukast til þéttbýlis í þenslu og í niðursveiflu hægist á. Hrun ýki þessa eðlilegu sveiflu og þegar liggi fyrir að þau sveitarfélög sem uxu hraðast taki á sig þyngsta höggið. Húsnæðismál skipti hér miklu máli. Mun erfiðara sé að fjármagna íbúðarkaup en áður og munur á verði fasteigna, sem er gríðarlegur á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar, skipti því orðið sífellt meira máli.

Hvað undirbúning nýrrar byggðaáætlunar varðar segir Ásgeir að margt sem þar sé á stefnuskránni muni því gerast af sjálfu sér. Forsendur atvinnurekstrar á landsbyggðinni séu gjörbreyttar og margt annað fylgi í kjölfarið. Hann bendir á að byggðastefna sem byggist á millifærslum í gegnum ríkissjóð sé ákveðinn lúxus sem ríkar þjóðir geti leyft sér. Það sé ljóst að veikara höfuðborgarsvæði og erfiðleikar í ríkisfjármálum takmarki mjög allt svigrúm til að reka byggðastefnu í þeim anda sem hafi tíðkast. Byggðavandamál Íslands fari því að snúast um að halda fólkinu í landinu fremur en á landsbyggðinni – það er í hans huga gefið að fólk mun leita út á land. Byggðastefna næstu ára snúist því um atvinnusköpun, og þá hvar ný störf í útflutningsgreinum skapist.

### Menning og menntun

Á síðustu árum hefur athygli beinst mjög að menningu og hlut hennar í byggðaþróun. Kemur þar við sögu sjálfsmynd byggðasamfélaga og áhrif hennar á búsetu. Gildi menningararfleifðar á hverju svæði hefur sífellt meira vægi og áhugi hefur vaxið á sóknarfærum til atvinnusköpunar á menningarsviðinu. Rannsóknir benda einnig eindregið til þess að hlutur kvennastarfa hafi mikil áhrif á búsetuval fjölskyldna.

Atvinnugreinum sem byggja á sérþekkingu hefur vaxið ásmegin og áhrifa þessarar þróunar gætir um allt land. Í þessu tilliti er þróun menntastofnana mikilvæg. Skilningur á þessu hefur vaxið og leitt til þess að aðgengi að menntun hefur batnað stórlega, bæði með fjarnámi, háskólum og háskóla- og þekkingarsetrum víða um land. Þar hefur rannsókna- og fræðastörfum einnig fjölgað.

Þessi sjónarmið komu sterkt fram á ráðstefnu Byggðastofnunar. Dr. Ólína Þorvarðardóttir, þáverandi sérfræðingur við Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands og núverandi alþingismaður, undirstrikaði að menntun væri fjárfestingarkostur. Ekki þyrfti að horfa lengra en til Finnlands og kreppunnar þar í landi þar sem veðjað hefði verið á hugvit og menntun með góðum árangri. Hún minnti á mikilvægi framhaldsskólanna í uppbyggingu víða um land og í því ljósi mætti skoða uppbyggingu og staðsetningu háskóla á landsbyggðinni. Þeir tryggðu svæðisbundna þróun og ykju samkeppnishæfni fyrirtækja og samfélagsins í heild. Landsbyggðarháskóli sé náttúrulegt umhverfi raunvísinda og umhverfisrannsókna.

### Viðhorf en ekki málaflokkur

Gagnrýni á byggðastefnu stjórnvalda hefur ekki síst snúist um hversu ógagnsæ hún sé. Það sé erfitt að reiða hendur á hvert er stefnt og hvað ræður einstökum ákvörðunum. Einhver orðaði þetta sem svo að byggðamál væru viðhorf en ekki málaflokkur. Svo margt kæmi þar til álita. Starfshópur á vegum samgönguráðuneytisins komst að þeirri niðurstöðu fyrr á þessu ári að mikilvægt væri að einfalda kerfið og gera það skilvirkara. Koma þyrfti ábyrgð á byggðaþróun undir eitt ráðuneyti, eins og reyndar er boðað í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Svæðabundið samstarf er með ýmsum hætti og birtist meðal annars í landshlutasamtökum sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélögum, byggðasamlögum, vaxtar- og menningarsamningum, segir í skýrslunni. Skýrsluhöfundar eru þeirrar skoðunar að móta þurfi framtíðarsýn fyrir landið í heild, sem og einstaka landshluta, og hafa það í huga að byggðamál snúast ekki bara um atvinnu heldur ekki síður samgöngur, menntun, menningu og þjónustustig.

Það er í þessum anda sem ríkisstjórnin hefur ráðist í gerð sóknaráætlana í öllum landshlutum. Svæðaskiptingin er hugsuð til að ná megi nauðsynlegri viðspyrnu við endurreisn efnahagslífsins.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

**Á MORGUN:**
2020 sóknaráætlun

## HAGVÖXTUR EFTIR LANDSHLUTUM ÁRIN 2000-2006

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ**



| | |
|---|---|
| 2001 | 5% |
| 2002 | 1% |
| 2003 | 6% |
| 2004 | 10% |
| 2005 | 8% |
| 2006 | 5% |
| **00-06** | **39%** |

**VESTURLAND**



| | |
|---|---|
| 2001 | 6% |
| 2002 | -6% |
| 2003 | -3% |
| 2004 | 1% |
| 2005 | 11% |
| 2006 | 3% |
| **00-06** | **12%** |

**NORÐURLAND VESTRA**



| | |
|---|---|
| 2001 | -2% |
| 2002 | -3% |
| 2003 | -4% |
| 2004 | 1% |
| 2005 | -3% |
| 2006 | 12% |
| **00-06** | **-1%** |

**AUSTURLAND**



| | |
|---|---|
| 2001 | 10% |
| 2002 | -4% |
| 2003 | 10% |
| 2004 | 1% |
| 2005 | 23% |
| 2006 | 14% |
| **00-06** | **63%** |

**SUÐURNES**



| | |
|---|---|
| 2001 | -4% |
| 2002 | -2% |
| 2003 | -10% |
| 2004 | 12% |
| 2005 | 10% |
| 2006 | 11% |
| **00-06** | **15%** |

**VESTFIRÐIR**



| | |
|---|---|
| 2001 | 6% |
| 2002 | -6% |
| 2003 | -3% |
| 2004 | 3% |
| 2005 | 2% |
| 2006 | 4% |
| **00-06** | **7%** |

**NORÐURLAND EYSTRA**



| | |
|---|---|
| 2001 | -3% |
| 2002 | 1% |
| 2003 | 2% |
| 2004 | -2% |
| 2005 | -1% |
| 2006 | 0% |
| **00-06** | **-2%** |

**SUÐURLAND**



| | |
|---|---|
| 2001 | 4% |
| 2002 | -1% |
| 2003 | 0% |
| 2004 | 3% |
| 2005 | 2% |
| 2006 | 12% |
| **00-06** | **20%** |

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**




# Lágvöruverðsverslunin þín



**249** pr. stk
**SÚKKULAÐIDAGATAL**
- 75 gr



400 gr
**349**
**PIPARKÖKUR**



FRÁ **299**
**JÓLAKÖKUR Í MIKLU ÚRVALI**



**20% AFSLÁTTUR Á ÖLLUM RÖMMUM**
**FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS**




4 ltr
**499**
**RÚÐUVÖKVI**
- 4 ltr



**PRJÓNAGARN Í MIKLU ÚRVALI**



**199**
**SALERNISPAPPÍR - 8 Í PK**
- Miljø-spar



**2990**
**VIFTUOFN**
- 2000 W



**8990** pr. stk
**LOÐFÓÐRAÐUR KULDAGALLI**
- Allar stærðir
- Rauður/blár




3 kg
**699** pr. pk
**CLEVER ÞVOTTAEFNI**
- Fyrir hvítan og litaðan þvott
- 3 kg



**3990**
**HERRASKÓR**
- St 41-46

**www.europris.is**

**Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar.**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# Jólaútgá




Dj Margeir
- Blue Lagoon soundtrack 2




Raggi Bjarna
- Komdu í kvöld




Lady & Bird
- La Ballade of Lady & Bird




Ego
- 6. október




Manstu gamla daga?
- Jólalögin




Ég hlakka svo til
- 40 vinsæl jólalög fyrir börnin




Helgi Björns
- Kampavín




Heimir Sindrason
- Ást og tregi




Ragnheiður Gröndal
- Tregagás




Friðrik Karlsson og Hansa
- Sveitin milli sanda




Ellen Kristjánsdóttir
- Draumey




Stefán Hilmarsson
- Húm (Söngvar um ástina & lífið)




Gunnar Þórðarson
- Vetrarsól




Ríó tríó
- Gamlir englar - sígildir á jólum




Pottþétt FM957




Jóhann G.
- Á langri leið

# fan 2009




Lay low
- Flatey




Hafdís Huld
- Syncronised Swimmers




Friðrik Ómar & Jógvan Hansen
- Vinalög




Savanna tríóið
- Það er svo margt - Heildarútgáfa




100 íslensk 70's lög
- á 5 geislaplötum




Feldberg
- Don't Be a Stranger




Todmobile
- Spiladós




Jólagestir Björgvins
- í Höllinn 2008




Eivör
- Live




Ourlives
- We lost the race




Dikta
- Get it together




Friðrik Karlsson
- Töfrandi jól




Strumparnir
- Strumpafjör




Pottþétt 51

## Gefðu íslenska tónlistargjöf!

sena
okkar heimur // þín skemmtun

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þingmenn hikandi:

## Brýn réttarbót

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Í vikunni var í þriðja sinn umræða á Alþingi um breytingar á kosningafyrirkomulagi: dómsmálaráðherrann mælti fyrir frumvörpum um bætt lýðræði í kosningum til sveitarstjórna og Alþingis. Kjósendur raði frambjóðendum þess lista sem þeir hyggist kjósa. Umræðan er komin í gang í þriðja sinn á rétt sex mánuðum og enn geta sumir þingmenn ekki gert upp hug sinn. Það eru aum gagnrök að verði af séu prófkjörsmál sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi í uppnámi.

Íhaldsmenn allra flokka ætla sér að kæfa þetta frumvarp. Borgarahreyfingin, Þráinn Bertelsson og Framsókn hafa lýst stuðningi við það. Stalínistarnar í Vinstri grænum horfa með hryllingi til þess að kjósendur þeirra geti sett Árna Þór niður fyrir Álfheiði eða Kolbrúnu upp fyrir Lilju Móses. Uppskipunarnefnd ráði ekki listanum heldur kjósendur. Eins og oft áður er Samfylkingin hulduljós: þar, eins og í Sjálfstæðisflokknum eru menn svo eigingjarnir og sjálfhverfir að þeir hugsa mest um eigin stól, því næst um valdstjórn flokksins og síðast til umbjóðenda sinna – það gæti hent að niðurröðun kjósenda riðlaði svo hugmyndum ráðandi afla í flokkunum að menn sætu bara uppi með nýtt landslag. Það má ekki gerast, hugsa kontrólfríkin.

Vitaskuld er ég lýðræðissinni og allt það, sagði einn þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Svo eyddi hann löngu máli í að finna þessu fyrirkomulagi, sem er reyndar þrautreynt á Írlandi, allt til foráttu. Tónn þeirra sjálfstæðismanna var allur á einn veg. Þeir vilja ekki breytingar, hvorki í bráð né lengd, Þeir vilja fara sér hægt, fara með gát, sem var reyndar í hrópandi mótsögn við það sem Birgir Ármannsson sagði: sjálfstæðismenn hefðu ekki tekið efnislega afstöðu í málinu, enda væri það stjórnarfrumvarp. En hik er efnisleg afstaða.

Frumvörpin eru málamiðlun: þau gera ekki ráð fyrir að hægt sé að kjósa þversum á kjörseðlinum, einn maður geti krossað við Þráin, Illuga og Steinunni Valdísi í þessari röð. Lengra vilja menn ekki hætta sér í trausti sínu á lýðræði og kjósendum. Enda hvað þýddi það? Jú, flokkakerfið yrði að laga sig að nýjum aðstæðum, forkólfar í hverju kjördæmi söfnuðu sér fylgi, og ef stigið yrði lengra og landið gert að einu kjördæmi og lýðræðishallinn sem er á fjölmennustu byggðum landsins leiðréttur og við stæðum öll jöfn, sætum við uppi með sterka þingmenn með skýr stefnumál. Guð forði okkur frá því.

Lýðræði er alltaf tilraun. Hver kosning er tilraun og við sem gerum þessa tilraun erum sjaldnast ánægð með árangurinn þegar upp er staðið. Ef farið yrði alla leið, sem er hægt og fullkomlega lýðræðislegt séð frá sjónarhóli kjósenda, mætti ganga öllu lengra. Og því vilja sitjandi þingmenn forða í lengstu lög.

Skrýtið – einu sinni kallaði Sjálfstæðisflokkurinn sig, Framsókn og krata „lýðræðisflokkana". Og nú þegar flokknum gefst tækifæri til að losa sig við mein prófkjöranna, þá er sett í bakkgír og bremsur, menn sitja stífir í sætinu og hrópa: nei, nei, ó, ó, við höfum ekki lengur neina stjórn!

Miklir eru menn í ást sinni á lýðræðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Pólitíkin

Sumir stjórnmálamenn eru þeim eiginleikum búnir að geta haldið sig óralangt frá kjarna allra mála sem skipta máli. Björk Vilhelmsdóttir hefur aflað sér upplýsinga um mætingu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar á fundi hjá borgarapparatinu. Hún er slök og það vissi Björk. Þess vegna spurði hún. Björk spyr hins vegar ekki um verk Sigmundar Davíðs í borgarapparatinu. Það gæti bent til þess að henni finnist þau til fyrirmyndar. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur lagt spurningu fyrir samgönguráðherra í þinginu. Hún hljóðar svo: „Hefur ráðherra kannað hvort hér á landi séu uppfylltir Evrópustaðlar um malbik?" Þessi fyrirspurn er malbik.



### Getur

Árni Mathiesen er flottur. „Ég get alveg beðist afsökunar á mínum þætti en hann felst líklega helst í því að hafa ekki gengið harðar fram í því að reka ríkissjóð með afgangi og helst hafa hann meiri," segir hann í Viðskiptablaðinu í gær. Gott og vel. Ekki er hægt að krefja menn um að telja sig bera aðra ábyrgð en þeim sjálfum finnst. En úr því að þetta er mat Árna þá væri ágætt af honum að biðjast afsökunar. Það er nefnilega eitt að geta og annað að gera.

### Góðar kveðjur

Gunnari Svavarssyni hefur verið falin formennska í verkefnisstjórn vegna nýbyggingar Landspítalans. Í því felst að sjá um samskipti við þá sem fjármagna verkið og að hafa umsjón með samningum við hönnuði.

Gunnar var formaður fjárlaganefndar Alþingis síðasta vetur þegar fjárlög þessa árs voru samin og samþykkt. Hallinn á þeim stefnir í að verða 182 milljarðar króna. Gunnar er í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Var reyndar lengi forseti hennar. Tap Hafnarfjarðar á síðasta ári nam rúmum fjórum milljörðum. Skuldir bæjarins, reiknaðar á hvern íbúa, eru rúmlega 1,3 milljónir króna. Landsmeðaltalið er 770 þúsund. Það er vonandi að Gunnari gangi vel með Landspítalann.



bjorn@frettabladid.is

# Tvö hundruð vesen



**PAWEL BARTOSZEK**

**Í DAG** | Almenningssamgöngur

Hlutir á Íslandi eru ekki verðlagðir í krónum. Þeir eru verðlagðir í veseni. Flestir Íslendingar fá laun greidd í krónum en verðtilfinningin byggist á veseni. Krónurnar eru tölurnar sem við sjáum í heimabankanum og á pósaafrifunum. Krónurnar þykir okkur ekkert sérlega vænt um. Vesenið á sér ýmis birtingarform, eitt er tími, annað eru gömlu kringlóttu málmskífurnar með sjávarfanginu. Þannig er það rangt að það kosti bara 280 krónur að fara í strætó og 80 krónur á tímann að leggja við stöðumæli niðri í bæ. Í hugum flestra kostar hvort tveggja einfaldlega heilmikið vesen.

### Samgöngumáti hinna týndu barna

„Já, misstirðu prófið?" var kunningi undirritaðs spurður um daginn þegar hann upplýsti um að hann tæki strætó í vinnuna. Ímynd strætisvagna er enn sú að þeir séu samgöngumáti fyrir undirmálsfólk og þá sem geta ekki komist ferða á bíl. Valkostur fyrir fólk án valkosta. Af þessum ástæðum eru þær oft skipulagðar eins og félagsþjónusta: menn forðast fargjaldahækkanir í lengstu lög og skera frekar niður leiðir og ferðatíðni þeirra. En verð í krónum er ekki stóra vandamálið við strætó, enda er strætó mun ódýrari valkostur jafnvel þótt menn eigi bílinn samt. Vandamálið er í hugum fólks oftast tengt hinum gjaldmiðlinum: Að taka strætó er einfaldlega vesen.

### Bara klink

Greiðsluformið er eflaust einn stærsti þröskuldur í aðgengi að þjónustu Strætó, en strætisvagnar virðast vera seinasti staður á landinu þar sem hefðbundin greiðslukort eru óvelkomin. Þessu ætti að kippa í lag hið snarasta og til dæmis setja upp posa til reynslu á fjölförnustu leiðunum. En það eru jafnvel til enn einfaldari lausnir. Auðveldasta leiðin væri til dæmis að fjölga útsölustöðum strætómiða. Í dag er hægt að kaupa strætómiða á tíu stöðum í Reykjavík. Til samanburðar eru sölustaðir Lottó um 150 talsins. Að sjálfsögðu á að vera hægt að kaupa strætómiða í hverri sjoppu, á hverri bensínstöð og í hverjum stórmarkaði; helst í stykkjatali. Til hvers að hafa strætóstoppistöð fyrir utan BSÍ ef erlendu ferðamennirnir þurfa samt fyrst að tölta upp á Hlemm til að kaupa miða? Það er fáránlegt.

Mér er sagt að ástæða fyrir þessari lélegu dreifingu strætómiða sé sú að Strætó vilji ekki selja þá í umboðssölu. Eigandi söluturns þarf því fyrst að kaupa nokkur spjöld af strætómiðum og síðan vonast til að þeir seljist. Flestar aðrar vörur í söluturnum eru seldar í umboðssölu þannig að birginn fær ekki greitt fyrr en varan selst. Fljótt á litið verður ekki séð hvað Strætó getur tapað á því að reyna að dreifa vöru sinni til væntanlegra kaupenda með nákvæmlega sama hætti og allir aðrir.

Fá börn og fáir unglingar taka strætó. Flestum krökkum er skutlað, enda eru strætósamgöngur oft ekki raunhæfur valkostur þegar hverfisvagninn er farinn að ganga á klukkutíma fresti. Eitt af því sem þarf að gera sem fyrst er að bjóða upp á tímabilskort fyrir börn og unglinga. Slíkur valkostur mundi spara foreldrum heilmikið vesen. Barnafargjöldin fyrir börn eru auðvitað hræódýr í krónum talið: ein ferð fyrir 10 ára kostar 38 krónur ef keypt er afsláttarspjald, en það að kaupa reglulega ný farmiðaspjöld og fylgjast hvernig á þau gangi, það er vesen. Ef foreldri gæti keypt tímabilskort fyrir barnið fyrir 6 mánuði í senn væri það heildstæð lausn á ferðavanda barnsins. Það mundi sparar krónur en það sem er mikilvægara: það mundi spara þeim vesen.

### Einfaldar lausnir

Þegar kemur að almenningssamgöngum hefur því miður oft reynst auðveldara að finna milljónirnar heldur en þúsundkallana. Margar þeirra aðgerða sem farið hefur verið í hafa þannig reynst mjög dýrar en skilað litlu sem engu. Þannig var fyrir nokkrum árum hundruðum milljónum eytt í rafrænt kortakerfi sem reyndist því miður handónýtt. Áður en lagt verður af stað í fleiri framtíðarævintýri er ekki úr vegi að prófa lausnir sem kosta lítið sem ekkert en hafa reynst vel í öðrum löndum. Sala strætómiða í öllum söluturnum og útgáfa tímabilskorta fyrir börn eru dæmi um slíkar lausnir.

# Blekkingarleikur stjórnarformanns

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um Orkuveitu Reykjavíkur



**SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR**

Undanfarið ár hafa framkvæmdir Orkuveitunnar að miklu leyti verið fjármagnaðar með innlendum yfirdráttarlánum. Vegna þessa hefur fjármagnskostnaður fyrirtækisins hækkað verulega. Aðrir þættir hafa einnig orðið til að veikja fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Skemmst er að minnast þess að OR seldi skúffufyrirtækinu Magma Energy Sweden bréf í HS Orku með minnst 5 milljarða tapi. Snemma á árinu var tekin sú pólitíska ákvörðun að greiða verktökum 800 milljónir umfram samninga og nú krefst borgarstjóri 2 milljarða í arðgreiðslur af taprekstri fyrirtækisins. En til samanburðar var allur launakostnaður OR 4,8 milljarðar á árinu 2008. Þessar misráðnu pólitísku ákvarðanir hafa allar skaðað fjárhagsstöðu OR og aukið líkur á almennum gjaldskrárhækkunum.

OR semur nú við Norðurál um verulega hækkun á raforkuverði til fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Hækkunin kemur til vegna þess að kostnaður við Hverahlíðarvirkjun var vanmetinn, fjármagnskostnaður hefur aukist og kostnaðarsamar tafir hafa orðið einkum vegna erfiðleika við fjármögnun verkefnisins.

Loks glittir í að lán frá Evrópska fjárfestingabankanum skili sér til OR, en þakka má bréfaskriftum fjármálaráðherra til bankans, lausn Icesave-deilunnar og endurskoðun AGS fyrir að lánið er nú loks að skila sér. Þrátt fyrir þessi gleðitíðindi er langt í land með að Hverahlíðarvirkjun og raunar líka Hellisheiðarvirkjun séu fullfjármagnaðar en fyrr verður ekki haldið áfram með Hverahlíðarvirkjun auk þess sem ganga þarf frá bindandi orkusölusamningum áður en lengra er haldið.

Ég sé mig tilneydda til að fara yfir þessi viðkvæmu mál hér þar sem ósvífin framganga stjórnarformanns OR hefur leitt umræðuna á villigötur.

Seinkun á virkjunarframkvæmdum OR, óvissa um hvort hægt verði að taka á móti fimm aflvélum frá Mitsubishi, aukinn kostnaður OR vegna þessa, fyrirliggjandi hækkun á orkuverði og óvissa um álver í Helguvík hefur ekkert með umhverfismat á suðvesturlínu eða aðrar ákvarðanir ríkistjórnarinnar að gera. Tilraunir stjórnarformanns OR til að halda öðru fram er ómaklegur blekkingaleikur.

*Höfundur er borgarfulltrúi og stjórnarmaður í OR.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# JÓLIN KOMIN Í DORMA






Stillanleg rúm • Heilsurúm • Svefnkollar • Svefnsófar • Hægindastólar • Náttlampar



Dúnsængur • Dúnkoddar • Dúnsokkar • Sængurver • Heilsukoddar • Handklæði •



- Interbed heilsurúm
- Bólstraður botn
- 5 svæða gormakerfi
- Vandaðar kantstyrkingar
- 5 ára ábyrgð

Innifalið í verði:
Dýna botn og lappir

Nýtt rúm fyrir jólin!

## JÓLATILBOÐ

| | |
|---|---|
| 80x200 cm | 77.900 kr. |
| 90x200 cm | 79.900 kr. |
| 100x200 cm | 84.900 kr. |
| 120x200 cm | 95.000 kr. |
| 140x200 cm | 102.500 kr. |
| 160x200 cm | 149.000 kr. |
| 180x200 cm | 159.000 kr. |

DORMA
– býður góða nótt

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18:30
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17

www.dorma.is

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

# Æskulýðskakan 2010 – má bjóða þér sneið?

UMRÆÐAN
Sindri Snær Einarsson skrifar um æskulýðsmál

Það er áhyggjuefni að hugsa til þess niðurskurðar sem vofir yfir æskulýðsmálum í nýju fjárlagafrumvarpi. Þar á að skera niður um 12% af því litla fjármagni sem fyrir var en málaflokkurinn var einnig skorinn niður um tæp 7% árið 2009. Eins og frumvarpið liggur fyrir þá eru æskulýðsmál með um 200 milljónir á næsta fjárlagaári.

Því skal veita athygli að nánast allt fjármagn sem nú er lagt til æskulýðsmála rennur til um 10%-20% af æsku landsins og langminnsta fjármagnið rennur til aldurshópsins 15-25 ára. Það er sá aldurshópur sem er í hvað mestri áhættu þegar kemur að efnahagsþrengingum. Sérfræðingar og dæmin úr löndum í kringum okkur hafa staðfest hættuna. Skýrustu dæmin er helst að finna frá Finnlandi og Færeyjum og hvernig kreppan kom niður á ungu fólki í þessum aldurshópi í kreppunni við upphaf 10. áratugarins. Finnar skáru niður í málaflokkum ungs fólks og kom það niður á samkeppnishæfni kynslóðarinnar sem þá var á þessu aldursbili. Færeyingar misstu rúmlega fimmtung þjóðarinnar úr landi, þar af var langstærstur hluti ungt fólk. Einnig hefur komið fram í máli fjölda fræðimanna og athafnafólks frá Finnlandi að það sé ekki einungs mannúðlegt að standa vel við bakið á börnum og ungu fólki á erfiðum tímum heldur sé það til langs tíma litið ódýrara.


SINDRI SNÆR EINARSSON

Athuga skal þó að ungt fólk er stór og ólíkur hópur og þarf á mismunandi lausnum að halda. Því skal leggja áherslu á mismunandi lausnir fyrir mismunandi fólk. Dæmin og staðreyndirnar öskra á okkur. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum ekki fyrsta landið sem lendir í kreppu. Leggjum metnað í að hlúa sérstaklega að þeim sem veikastir eru fyrir umrótinu. Með þessu fjárlagafrumvarpi og aðgerðaleysi eru stjórnvöld að sýna vítavert andvaraleysi í garð þessa málaflokks.

Landssamband æskulýðsfélaga hefur talsvert unnið í þessum málum og er í dag að vinna samstarfsverkefni um atvinnumál ungs fólks ásamt sjö öðrum Evrópulöndum í samstarfi við Evrópska æskulýðsvettvanginn (YFJ). Þar hefur komið fram í samtölum við samtök í verkefninu og aðra sem starfa á þessu sviði í Evrópu að stjórnvöld annars staðar eru að gera heilmikið til að styðja við ungmenni sinna landa, enda þekkja þau afleiðingarnar að sinna ekki þessum málaflokki. Til dæmis veita Svíar þeim fyrirtækjum skattaívilnanir sem ráða til sín ungt fólk sem hefur verið lengi á atvinnuleysisskrá. Með þessu móti styrkist samkeppnisstaða þeirra á atvinnumarkaði og þau eiga meiri möguleika á að fá atvinnu. Á þessu, ásamt fjölda annarra þátta, tekur æskulýðsstefnan sem sænsk yfirvöld hafa mótað sér.

Til að hægt sé að sinna málaflokki ungs fólks sem best er nauðsynlegt að stefna verði mynduð í æskulýðsmálum hér á landi. Sú stefna skal vera unnin í samstarfi við alla sem vinna að æskulýðsmálum. Það er ekki bjóðandi af stjórnvöldum að ráfa um stefnulaus í þessum málaflokki, sérstaklega á tímum sem þessum. Enn fremur er mikilvægt að ítreka þetta andvaraleysi með því að benda á það er nánast ekkert tekið á þessum vanda í stjórnarsáttmálanum, né í liðinni 100 daga áætlun.

Kæru stjórnmálamenn vinsamlegast gerið kökuna nægilega stóra fyrir alla æsku landsins!

*Höfundur er varaformaður Landssambands æskulýðsfélaga og fulltrúi í Æskulýðsráði.*

# Forgangsröðum upp á nýtt

UMRÆÐAN
Halla Gunnarsdóttir skrifar um samfélagsmál

Það hlýtur að teljast sérstakt að á sama tíma og Íslendingar ganga í gegnum djúpa kreppu skuli forystumenn Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands tala einum rómi í mörgum mikilvægustu málum í þjóðfélagsumræðunni. Svo er komið að í fréttum þarf oft ekki nema eina samhljóða fyrirsögn og síðan er hægt að skrifa fréttina með endurtekningunni: „Vilhjálmur Egilsson og Gylfi Arnbjörnsson segja…“ Hnífurinn gengur ekki milli þeirra.

Þannig verður smám saman aðeins eitt sjónarmið ráðandi um hvernig skuli haga málum í þeirri uppbyggingu sem fram undan er á Íslandi og þessi háværa rödd kallar stöðugt á endurreisn atvinnulífsins. Í hugtakinu endurreisn felst auðvitað að byggja aftur upp það sem hrundi – í sömu mynd og það var. Og þannig komast menn upp með að tönnlast á orðinu atvinnulíf en vísa aðeins til örfárra starfsgreina sem snerta allar meira eða minna verklegar framkvæmdir. Halda mætti að til að atvinnulíf geti kallast atvinnulíf þurfi það að skilja eitthvað áþreifanlegt eftir sig eins og virkjun, hús, álver, brú eða jarðgöng. Atvinnulíf er ekki að hugsa vel um sjúka eða aldraða eða að kenna börnum að teikna eða hugsa á gagnrýninn hátt. Nei, einhvern veginn hefur því verið komið inn að eina raunverulega verðmætasköpunin sé í formi steypu og það þrátt fyrir að á landinu sé allt fullt af steypu fyrir.

**Tónlistarnám eða flísar?**

Skoðum smærra dæmi og snúum þessu upp á venjulega fjölskyldu. Einstæð móðir hefur náð að skrapa saman í lítinn sjóð og þarf á krepputímum að ákveða í hvað hún nýtir peninginn. Hún getur valið um að flísaleggja baðherbergið eða að senda sjö ára gamla tvíbura sína í tónlistarnám. Móðirin gerir ráð fyrir að ná að safna í sambærilegan sjóð á fimm árum. Þá kemur að forgangsröðuninni: Hvort má bíða, flísarnar eða tónlistartímarnir? Gagnsemi tónlistarnáms fyrir 12 ára gamalt barn er vissulega ekki sú sama og fyrir sjö ára gamalt barn. Flísar á baðherbergjum í nokkur ár til eða frá breyta hins vegar kannski ekki öllu máli og sennilega myndu flestar fjölskyldur láta tónlistartímana ganga fyrir og fresta baðherbergisframkvæmdunum.


HALLA GUNNARSDÓTTIR

En þegar kemur að fjármálum ríkis og sveitarfélaga horfir málið allt öðruvísi við. Þá stendur krafan á að skorið sé niður allt það sem máli skiptir en á sama tíma á að halda í horfinu fjárframlögum til framkvæmda, ef ekki auka þau. Senda á sjúkraliða, skólaliða, kennara og fólk í almennum umönnunarstörfum heim en byggingaverktakana og iðnaðarmennina aftur út á vinnumarkaðinn. Tilgangurinn helgar meðalið og hann er sá að byggingargeirinn og uppgangur stóriðjunnar séu eins og fyrir hrun.

Með þessum rökum þykir réttlætanlegt að byggja nýtt hús fyrir Landspítalann en alls ekki réttlætanlegt að nota peninga í rekstur starfseminnar. Vissulega er úrbóta þörf varðandi húsnæðiskost Landspítalans. Það breytir þó ekki því að þjónustan skiptir fólk sem á henni þarf að halda margfalt meira máli en umbúðirnar. Til að reisa nýja spítalabyggingu á að taka lán hjá lífeyrissjóðunum en þar sem ríkið má ekki skuldsetja sig meira á að fela skuldirnar með því að notast við svonefnda einkaframkvæmd. En hvað þýðir það? Jú, ríkið skuldbindur sig til að borga áratugi fram í tímann. Eitthvert fyrirtæki tekur hins vegar lánið og sér um framkvæmdina. Enn á ný: Einkaaðilar græða, almenningur á að borga.

**Tvöföld skuldabyrði**

Með þessu er jafnframt verið að skuldsetja komandi kynslóðir og láta þær þannig bjarga okkur út úr efnahagskreppunni. En ekki nóg um það heldur vörpum við líka byrðum yfir á komandi kynslóðir með niðurskurði í velferðarkerfinu. Þær þurfa að bera kostnaðinn af þeim skaða sem hlýst af því að börnum sé fjölgað í kennslustofum, sjúkum hent fyrr út en áður, verr búið að öryrkjum og svo framvegis. Skuldabyrði komandi kynslóða verður því tvöföld.

Er ekki kominn tími til að hugsa hlutina upp á nýtt?

Hvernig væri að lánsfé frá lífeyrissjóðunum færi inn í það mikilvægasta og dýrmætasta sem við Íslendingar eigum: Velferðarkerfið? Reikningsdæmið þarf ekki að vera flókið. Til eru ótal útreikningar á þeim sparnaði sem hlýst hjá hinu opinbera ef vel er haldið utan um málefni þeirra sem á velferðarþjónustu þurfa að halda. Að sama skapi er vel hægt að reikna út hagnað af ýmiss konar forvarnarverkefnum, sem nú er ekki til fé í. Þannig má á einfaldan og gagnsæjan hátt útbúa nokkurs konar leigusamning við lífeyrissjóðina þar sem ríkið skuldbindur sig til að greiða til baka það sem annars hefði orðið að kostnaði, t.d. við að skerða geðheilbrigðisþjónustu eða að sinna ekki vel ungum börnum í námi.

Með þessu móti má á einfaldan hátt komast hjá því að varpa tvöfaldri skuldabyrði yfir á komandi kynslóðir. Stjórnmál snúast ekki fremur um forgangsröðun og nú reynir verulega á hana. Hugsum hlutina til enda. Þannig mótum við Ísland upp á nýtt.

*Höfundur er blaðamaður.*

# Samráð?

UMRÆÐAN
Guðrún Erla Geirsdóttir (Gerla) skrifar um borgarmál


GUÐRÚN ERLA GEIRSDÓTTIR

Firringin sem tilheyrir borgarsamfélaginu er m.a. talin lýsa sér í kæruleysi íbúanna gagnvart umhverfinu og skorti á umhyggju fyrir náunganum. Sömuleiðis að borgararnir upplifa að kjörnir fulltrúar hafi það ekki að leiðarljósi að gera lífið betra og einfaldara. Velferð einstaklingsins sé ekki í fyrirrúmi. Til að vinna gegn þessum viðhorfum og færa ákvarðanatöku og þjónustu nær notendum hefur borgum nágrannalandanna verið skipt niður í nokkur sjálfstæð hverfi með þjónustumiðstöðvum og hverfaráðum sem í sitja m.a. fulltrúar íbúanna. Tilgangur ráðanna er að iðka samræðustjórnmál og valddreifingu – að stækka þann hóp sem leggur lóð sín á vogarskálarnar áður en ákvarðanir eru teknar um nærsamfélagið.

Fyrir rúmum áratug var ákveðið að gera tilraun með þjónustumiðstöð og hverfisráð í Grafarvogi. Hvoru tveggja sannaði ágæti sitt. Áður en skipt var um meirihluta í borgarstjórn höfðu önnur hverfi fengið sínar miðstöðvar og ráð með fé til að veita til hverfistengdra verkefna. Til stóð að þróa hugmyndina og færa aukið fjármagn og mikilvægari ákvarðanir inn í hverfin. Er núverandi borgarstjórnarmeirihluti tók við völdum kom í ljós að þeirra hugur stefndi ekki til valddreifingar. Enda eitt af slagorðum hans að nú væri tími aðgerða, ekki samráðs. Afstaða meirihlutans hefur komið fram í skertu fjármagni til hverfaráðanna og fækkun fulltrúa í þeim – undir yfirskyni sparnaðar. Það gerði minnihlutanum erfitt fyrir að mótmæla. Hver getur sett sig upp á móti sparnaði?

Nú hefur borgarstjóri gengið enn lengra og ákveðið að færa Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða út úr hverfinu. Virðingarleysið er slíkt að enn í dag (29. október) hefur ákvörðunin ekki verið kynnt hverfisráðinu né haft við það samráð. Í bréfi borgarstjóra (frá 5. október), þar sem Velferðarsviði borgarinnar er greint frá ákvörðuninni, segir að „Mikilvægt sé að fullt samráð verði haft við stjórnendur og starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar og hverfisráð um þessa tilhögun.“

*Sömuleiðis að borgararnir upplifa að kjörnir fulltrúar hafi það ekki að leiðarljósi að gera lífið betra og einfaldara. Velferð einstaklingsins sé ekki í fyrirrúmi.*

Skilningur borgarstjóra á samráði er greinilega annar en þorra almennings. Hvernig er hægt að hafa samráð um eitthvað sem þegar hefur verið ákveðið? Ákvörðun borgarstjóra gengur þvert á umræðu sem verið hefur meðal íbúanna. Að flytja ætti miðstöðina nær miðju hverfisins. Það myndi gera þá frábæru starfsemi sem þar er enn aðgengilegri fyrir alla íbúa hverfisins, ekki síst þá öldruðu og fötluðu.

*Höfundur er fulltrúi í Hverfisráði Miðborgar.*



# FRÁBÆR PHILIPS TILBOÐ




**Philips 32PFL7404H**
32" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p Full-HD upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, 80.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 3ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, 4 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ**
**189.995**
FULLT VERÐ 249.995

*Ný upplifun*
*Ný tækni*
*Ný vara*

FULL-HD
BLU-RAY
SPILARI



## FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ

**Philips BDP3000**
Full HD Blu-Ray SPILARI með Deep Color (yfir milljarður lita), x.v. Colour, mynd í mynd, Progressive Scan, USB 2.0 afspilun á videó og hljóði, DivX afspilun, Audio L/R, Component & Composite tengi, Digital Coaxial, USB og HDMI út. Spilar DVD myndir með 1080p uppskölun. Dolby True HD hljóðkerfi, DTS 2.0 + Digital out ofl.

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ 56.995




**Philips 220TW9FB**
22" LCD MONITOR með 1680x1050p upplausn, 1.000:1 skerpu, 3ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, innbyggðum hátölurum, VGA, 2 x HDMI, Component, Scart, Composite, Digital Coaxial út, Audio inn/út, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**69.995**
FULLT VERÐ 99.995




**Philips 32PFL5404H**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, dýnamískri 50.000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, 3 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ**
**149.995**
FULLT VERÐ 159.995




Full HD 1080p

**Philips 42PFL3604D**
42" Full-HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 30000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB með JPEG/MP3, 2x HDMI, 2x Scart, CI, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.

**TILBOÐ**
**224.995**
FULLT VERÐ 249.995




Full HD 1080p

**Philips 42PFL5604H**
42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**239.995**
FULLT VERÐ 249.995




Full HD 1080p

**Philips 47PFL5604H**
47" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**339.995**
FULLT VERÐ 399.995




Perfect Pixel HD ENGINE · Net TV · Ambilight · Perfect Natural Motion · Full HD 1080p

**Philips 46PFL9704H**
46"Full HD LED LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Perfect Pixel HD, Ambilight Spectra 3, LED Pro, Perfect Natural Motion, Progressive Scan, 5.000.000:1 skerpu, 1ms svartíma, Wide Color Gamut skjár, 17 Bita lita upplausn, 200Hz Clear LCD, ljósskynjara og Active Control, Net TV með Wi-Fi, stafr. DVB-T móttakari, 30w Nicam Stereó með Virtual Dolby Digital og 2 bassahát., 2 Scart, 5 HDMI 1.3, VGA, USB tengi ofl.

EISA AWARD Best Product 2009-2010
EUROPEAN LCD-TV
Philips 46PFL9704H

**TILBOÐ**
**749.995**
FULLT VERÐ 849.995

Fæst einnig 40"- 40PFL9704H
**TILBOÐ Kr. 549.990**
FULLT VERÐ kr. 599.990

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki** ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# Átak gegn akstri utan vega

**UMRÆÐAN**

Svandís Svavarsdóttir skrifar um utanvegaakstur

Aldrei áður hafa jafn margir erlendir ferðamenn sótt landið okkar heim og á liðnu sumri auk þess sem Íslendingar voru óvenju duglegir að ferðast um eigið land. Landið og fegurð þess er ein helsta auðlind okkar sem ber að umgangast með virðingu. Hafa ber í huga að meginástæða komu erlendra ferðamanna til Íslands er íslensk náttúra og sérstaða hennar.

Óbyggðir Íslands eru eitt af örfáum svæðum í Evrópu þar sem er að finna lítt snortin náttúruleg víðerni. Slík svæði eru sérstök upplifun fyrir gesti frá þéttbýlli löndum. Hins vegar steðjar nú vá að íslenskri náttúru vegna aksturs utan vega. Akstur utan vega skapar lýti á landinu og sums staðar getur hann valdið sárum sem tekur áratugi að gróa, jafnvel aldir. Gróður á hálendinu og raunar víðar er hægvaxta og hjólför á grónu landi geta gefið roföflum lausan tauminn í viðbót við sýnileg ör. Jafnvel á lítt grónu landi geta hjólför eftir utanvegaakstur gjörbreytt ásýnd landsins.

**Kortleggjum vegi**

Umhverfisráðuneytið vinnur gegn utanvegaakstri á margvíslegan hátt. Ein leiðin er að kortleggja alla þekkta vegi á hálendinu með það fyrir augum að geta síðan skorið úr um hverjir verði auðkenndir sem leyfilegir og hverjum skuli loka. Kortlagningin hefur farið fram í góðri samvinnu Landmælinga Íslands og Ferðaklúbbsins 4x4. Nú er að störfum nefnd með fulltrúum ráðuneytisins, sveitarfélaga, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar, sem vinnur að því að gera kort fyrir hvert sveitarfélag þar sem þeir slóðar verða merktir sem ekki stendur til að loka. Þessi kort verða birt til upplýsingar og umræðu, svo áhuga- og hagsmunasamtök



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

og allur almenningur geti komið að athugasemdum áður en þau verða lögfest með reglugerð.

Það mun taka nokkur misseri að gera kort fyrir öll sveitarfélög landsins sem eiga land á hálendinu. Þegar það hefur verið gert ætti að vera til áreiðanlegur gagnagrunnur fyrir ferðamenn, löggæslu og landverði til að eyða efa um hvar akstur er löglegur. Einnig verður hægt að loka vegum sem lenda utan kortagrunnsins. Gildi verkefnisins felst þó ekki síst í opinni umræðu og bættum skilningi allra helstu aðila á hvar umferð er heimil utan hins formlega vegakerfis og hvar ekki.

Árétta ber að þessi vinna breytir auðvitað í engu að utanvegaakstur er jafn óheimill og fyrr, hér er eingöngu verið að eyða vafa þar sem hann er uppi og auðvelda túlkun laganna. Skýrari reglur og bætt túlkun lagabókstafsins eru af hinu góða, en fræðsla og skilningur á mikilvægi náttúruverndar eru þó til lengri tíma litið líklega enn mikilvægari í baráttunni gegn akstri utan vega.

**Umhverfisvitund og ábyrgðartilfinning**

Sprenging hefur orðið í skráningu á torfærufarartækjum á Íslandi á síðustu árum. Flestir ökumenn fjórhjóla og torfæruvélhjóla eru löghlýðnir og vilja ekki valda skemmdum, eins og gildir um ökumenn bíla. Allt of mörg dæmi eru þó um ólöglega umferð og skemmdir af völdum torfærutækja. Landverðir og Landgræðsla ríkisins telja að utanvegaakstur vélhjóla sé orðinn alvarlegasti vandinn af því tagi víða á landinu. Sumir virðast telja að þessi tæki hafi eða eigi að fá annan og meiri rétt til umferðar í óbyggðum en bílar. Það er misskilningur. Torfæruökumenn geta nýtt sér sama vegakerfi og jeppamenn, vilji þeir nota ökutæki sín til að ferðast um landið. Torfærutæki hafa ekki rétt til aksturs utan vega frekar en aðrir. Mörg sveitarfélög bjóða upp á sérútbúin svæði fyrir torfærutæki þar sem heimilt er að spóla í sandi og möl og gert ráð fyrir fyrir aðstöðu til slíks. Vonandi verður þróunin meðal eigenda torfærufarartækja svipuð og meðal jeppamanna og annarra ferðamanna, þannig að umhverfisvitundin og ábyrgðartilfinningin vaxi og tilvikum utanvegaaksturs af völdum tví- og fjórhjóla fækki. Slíkt er affarasælla en hert refsiákvæði, en ef þróunin heldur áfram í þá veru að tækjunum fjölgi og skemmdum líka er ljóst að grípa þarf til slíkra úrræða.

Landið er okkar dýrmætasta auðlind. Góð umgengni um það er skylda okkar og tilgangslaus skemmdarverk á landinu óþolandi. Ég hyggst herða róðurinn í baráttu gegn akstri utan vega og vil vinna að því máli með öllum ábyrgum samtökum og einstaklingum, sama hvaða fararskjóta þeir kjósa sér til að ferðast um landið.

*Höfundur er umhverfisráðherra.*

# Atvinnubætur

**UMRÆÐAN**

Guðjón Sigurðsson skrifar um mannauð



GUÐJÓN SIGURÐSSON

Nú er tækifærið til að breyta rétt. Ekki króna til og ekkert annað að gera en finna nýjar leiðir. Þær gömlu leiddu okkur á slóðir sem gera lítið fyrir okkur.

„Góðan daginn! Við munum gera okkar besta til að útvega þér atvinnu eða aðra virkni í stað atvinnunnar sem þú misstir.“ Væri ekki frábært að fá svona viðbrögð þegar maður skráir sig á „Atvinnubótaskrifstofu Íslands“? Í dag stundum við söfnun fólks á bætur hvort sem þær eru vegna svokallaðrar örorku eða atvinnumissis. Tökum bara vel á móti þeim en gerum lítið sem ekkert til að koma þessu sama fólki í virkni sem er öllum svo mikilvæg.

Virk velferð er okkur öllum nauðsynleg. Það versta sem hægt er að gera manneskju er að gera viðkomandi óvirkan þegn í þjóðfélaginu. Það eru ótal leiðir til að gera viðkomandi óvirkan, gagnslausan eða hvað sem viðkomandi kýs að kalla ástandið. Ein mest notaða aðferðin er að setja manneskju á stofnun í stað þess að sinna henni heima hjá sér. En stofnun getur alveg verið í heimahúsi viðkomandi eins og það sem við yfirleitt köllum stofnun. Það fer eftir þjónustunni. Sé henni ekki stýrt af notandanum heldur veitt af hentugleika kerfisins þá skiptir engu hvar maður býr, við erum stofnanavædd. Afstofnanavæðum Ísland sem allra fyrst.

Að eiga rétt á bótum felur í sér skyldur. Enginn á að geta neitað tilboði um virkni á meðan viðkomandi þiggur bætur. Hvort sem það er atvinna, námskeið eða hvað annað sem kemur viðkomandi á lappir að morgni. Það er ekki verið að hugsa um hag einstaklingsins með því að leyfa viðkomandi að liggja í volæði heima hjá sér. Virkjum mannauðinn, það er gífurleg orka óbeisluð.

Hvernig á svo að útvega virkni fyrir fólk? 1. Fyrirtæki og stofnanir verði beðin um verkefni sem ekki yrðu unnin ef ekki fengist fólk af atvinnubótum. 2. Sérfræðingar á atvinnubótum væru fengnir til að halda námskeið fyrir aðra. 3. Góðgerðarfélög nýtt til hugmyndasmíða og fólk fengið til að vinna verkefni fyrir þau félög sem þurfa. 4. Átak í aðgengismálum um allt land. 5. Þjálfun til nýrra starfa og svo framvegis.

Efnum til hugmyndasamkeppni á meðal ungmenna í skólum landsins. Þar er á ferðinni fólkið sem erfa skal land og mun örugglega standa sig betur en við sem klúðruðum málum.

Hugsum út úr boxinu, að minnsta kosti stofnanaboxinu.

Lifið heil.

*Höfundur er formaður MND-félagsins á Íslandi.*

# Fermingarfrelsi í 22 ár

**UMRÆÐAN**

Hope Knútsson skrifar um borgaralegar fermingar



HOPE KNÚTSSON

Árið 1988 datt mér í hug að efna til borgaralegrar fermingar á Íslandi. Ég þekkti til slíkra ferminga í öðrum löndum sem voru óháðar trú og börnin mín sem voru að nálgast fermingaraldur höfðu áhuga á slíku vegna þess að við erum ekki kristin. Ég skrifaði grein í dagblöðin og sagði að börnin mín myndu verða fyrstu Íslendingarnir til að fermast borgaralega og spurði hvort fleiri vildu vera með. Síminn byrjaði að hringja og hefur ekki stoppað síðan. Það sem ég ætlaði að gera einu sinni hefur orðið að ævistarfi. Fimmtán aðrar fjölskyldur höfðu samband við mig fyrsta árið og við bjuggum til nefnd sem setti saman fermingarnámskeið. Við tókum til fyrirmyndar skipulag Norðmanna, sem hafa staðið að borgaralegum fermingum síðan 1951. Við höfum verið að þróa námskeiðið síðan.

Borgaraleg ferming er valkostur fyrir þá sem t.d. eru ekki reiðubúnir að strengja trúarheit eða fyrir þá sem af öðrum ástæðum vilja ekki taka þátt í hefðbundinni kirkjulegri fermingu. Tilgangur borgaralegrar fermingar er að efla heilbrigð og farsæl viðhorf ungmenna til lífsins. Þátttakendur rækta meðal annars með sér jákvæðni og ábyrgðarkennd gagnvart sjálfum sér og samborgurum sínum.

Fjallað er meðal annars um siðfræði, gagnrýna hugsun, að taka erfiðar ákvarðanir, mannleg samskipti, mismunandi lífsskoðanir og lífsstíl, tilfinningar, skaðsemi vímuefna, sjálfsmyndina og samskipti kynjanna, hamingjuna, tilgang lífsins, fordóma og fjölmenningu, að vera unglingur í auglýsinga- og neyslusamfélagi, umhverfismál, lífsferlið, sorg og áföll. Þátttakendur fá mörg tækifæri til þess að mynda sér skoðanir á hinum ýmsu málum og taka þátt í rökræðum. Að námskeiðinu loknu fer fram falleg og virðuleg athöfn og taka þau fermingarbörn sem vilja virkan þátt í henni með ýmsum hætti s.s. tónlistarflutningi, dansi, ljóðalestri og ávörpum. Einnig koma gestir sem flytja ávörp. Í lok athafnar fá þátttakendur viðurkenningarskjal til staðfestingar þess að hafa tekið þátt í námskeiðinu.

Í haust förum við af stað í tuttugasta og annað skiptið. Frá upphafi hafa rúmlega 1.200 íslensk börn verið fermd borgaralega og um 16.000 gestir hafa verið viðstaddir útskriftarathafnirnar. Við höfum verið með börn alls staðar að af landinu og haldið sérstakt helgarnámskeið fyrir landsbyggðarfólk. Nú þegar hafa 138 fjölskyldur skráð börnin sín í BF í haust og er það metþátttaka. Undanfarin fjögur ár hafa ríflega 100 unglingar verið í hverjum árgangi og höfum við haft tvær athafnir á hverju vori.

Siðmennt verður í vetur með sex námskeiðshópa, fimm í Reykjavík og einn á Akureyri fyrir ungmenni sem búa á Norður- og Austurlandi. Einnig erum við yfirleitt með nokkur fermingarbörn í fjarnámi sem búa erlendis. Nýjung er að fermingarathafnir verða einnig haldnar á Akureyri og Fljótsdalshéraði.

Alls konar unglingar velja að fermast borgaralega. Sumir tilheyra trúfélögum, aðrir ekki, sumir eiga við fötlun að stríða og aðrir ekki, sumir eru af erlendum uppruna og sumir hafa ekki náð fullkomnum tökum á íslensku, sumir eru bráðgerir og eiga mjög auðvelt með nám og sumir eiga erfitt með nám. Tekið er á móti hverjum og einum eins og hann er og er fjölbreytt mannlíf álitinn mikill kostur. Trúarbrögð, kyn, uppruni, aldur, fötlun o.s.frv. skipta engu máli. Við eigum það öll sameiginlegt að vera manneskjur hvernig sem við erum og borgaraleg ferming er fyrir alla.

Sumir hafa spurt okkur af hverju orðið ferming er notað. Íslenska orðið „ferming“ er dregið af latneska orðinu „confirmare“ sem þýðir meðal annars „að styðja“ eða „að styrkjast“. Ungmenni sem fermast borgaralega eru að styrkja þá ákvörðun sína að vera ábyrgir borgarar í lýðræðislegu samfélagi.

Árið 1990 var lífsskoðunarfélagið Siðmennt stofnað í kringum borgaralega fermingu, en frá maí 2008 hefur félagið boðið upp á alhliða athafnarstjórnun við allar tímamótaathafnir fjölskyldna (nafngjöf, giftingu og útför) á veraldlegan húmanískan máta, stýrt af faglærðum athafnarstjórum félagsins.

*Höfundur er formaður Siðmenntar.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




Kauptu margskipt gleraugu í Augastað og þú færð sérhönnuð vinnugler í kaupbæti.

Tilboðið gildir til 20. nóvember 2009.

Styrkleikinn í vinnuglerjunum er sniðinn sérstaklega að því sem er næst þér. Þú þreytist síður í augunum.



Margskipt gler fyrir margvísleg tilefni

Þér líður betur í augunum við tölvuna, lesturinn eða prjónaskapinn. Komdu í Augastað og við leiðum þér kostina fyrir sjónir.

Gleraugnaverslunin þín

AUKAKRÓNUR

augastaður

Mjóddinni • Höfða • Firði • Akureyri • Selfossi



**BLÚS- OG DJASSHÁTÍÐ** Akraness verður haldin dagana 6. til 8. nóvember. Hátíðin fer að mestu fram í Gamla kaupfélaginu og einnig er dagskrá á kaffihúsinu Skrúðgarðinum á laugardaginn. Miðaverð fyrir hvert kvöld er 2.000 krónur en einnig er hægt að fá helgarpassa á 4.000 krónur.




Aðeins 790 kr.

Snitzel samloka

*Kaffitería Perlunnar á 4. hæð*

Snitzel samloka með súrsuðum rauðlauk, fersku káli og piparrótarsósu

Villibráðarhlaðborðinu lýkur 18. nóvember
*Tilboð mán.-þri. 7.290 kr. — Verð: 8.290 kr.*

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 19. nóvember
*Tilboð mán.-þri. 6.890 kr. — Verð: 7.890 kr.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



Lára Björg Björnsdóttir með brauðið góða sem hún hefur bakað síðan hrunið varð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bakar brauð sem stelur senunni í matarboðum

**Lára Björg Björnsdóttir er ekki ein af þeim sem leika sér að því að vippa upp flóknum réttum. Þess vegna leggur hún meira upp úr því að skreyta matarborðið. Nema þegar kemur að brauðinu hennar.**

„Maður verður auðvitað þreyttur á því, eftir að hafa undirbúið matarboð í þrjá daga sem inniheldur flóknar borðskreytingar, silfurfægingar, útskorin grasker, flugelda og nánast lifandi dúfur flögrandi um stofuna, að falla svo í skuggann af vinkonunni sem mætir með sósu „from scratch“ og hún fær allan heiðurinn,“ segir Lára Björg Björnsdóttir sagnfræðingur.

Lára ákvað því, þar sem hún kann ekki að elda mat, að ná tökum á ákveðnu brauði og þróa uppskrift þess og segir það hafa tekist vel. „Saga þessa brauðs er löng og merkileg. Upphaflegu útgáfuna fann ég í uppskriftabók Nigellu en þá bók fékk ég á því tímabili sem fólk gerði heiðarlegar tilraunir til að láta mig læra að elda mat. Nema hvað, sú uppskrift var af „pigs in a blanket“ þar sem ostadeigi er rúllað utan um pylsubita. Fyrir nákvæmlega ári síðan þegar þjóðin fór á hliðina og allir urðu hræddir við hungursneyð kom ég heim úr vinnunni og þá gerðist kraftaverkið. Ég breytti uppskriftinni í brauð. Ég fór að baka þetta vikulega og fyllti frystinn af þessu. Það er magnað hvað fólk ber mikla virðingu fyrir nýbökuðu brauði. Allir halda að þetta sé svo erfitt og flókið. En fyrir mitt brauð þarf ekki einu sinni hrærivél, bara gaffla guðs.“

*vera@frettabladid.is*

## CHEDDAR-BRAUÐ

375 g hveiti
3 sléttfullar tsk. lyftiduft
1 kúfuð tsk. salt
100 g cheddar-ostur, rifinn gróft (má nota parmesan ef vill)
1 egg
3 msk. jurtaolía
100 ml ab-mjólk (eða 250 ml nýmjólk í staðinn)
smá rifinn parmesanostur

**Eggjablanda til penslunar:**
½ tsk. salt
1 egg
örlítil mjólk

*Fyrst er hveiti, salti, lyftidufti og rifnum osti blandað í skál. Í aðra skál er blandað mjólk, ab-mjólk, eggjum og olíu. Svo er þessu öllu blandað saman í skál og hrært laust með gaffli. Bæði má gera bollur úr þessu eða brauð. Galdurinn er að hafa deigið eins blautt og hægt er því þá verður brauðið svo mjúkt. Eftir að deigið er komið á plötuna er það penslað með eggjablöndunni og jafnvel smá parmesan stráð yfir. Brauðið er bakað í 20-30 mínútur við 180 gráður á celsius.*



Brakandi fersk og holl nýjung á Nings

Nýtt

JAPANSKT
Wakame
SALAT

*Wakame salatið er einnig afgreitt í hentugum skálum fyrir þá sem eru á ferðinni.*



*Frábær blanda af salati, grilluðum kjúklingaspjótum, ristuðum cashew hnetum og sesam dressingu.*

Kynningarverð
995
krónur



NINGS
Suðurlandsbr. 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • Sími: 588 9899
www.nings.is

**SJÓNBLEKKINGAR OG VÍSINDI** leika aðalhlutverkið í fjölskylduleiðsögn sem verður á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn klukkan 15. Smiðjan tengist sýningunni Blik sem er í vestursal Kjarvalsstaða en um helgina er síðasti sýningardagur.








Á vefsíðu Odda er boðið upp á skemmtilegar nýjungar. Þar er hægt að hanna sína eigin innbundnu ljósmyndabók og búa til kort, dagatöl og veggspjöld. Fínt að dunda sér við það í tölvunni heima þegar tími gefst til.

www.oddi.is



Inga Dóra innan um brúðkaupsgesti í þorpi í Malaví. Eftir athöfnina var dansað og sungið í marga klukkutíma. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Að vera kona í Malaví

**Afrískar konur eru oft álitnar fátækar, fáfróðar og kúgaðar. Mun meira er þó í þær spunnið, eins og Inga Dóra Pétursdóttir og Stella Samúelsdóttir segja frá í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á morgun.**

Að vera kona í Malaví er yfirskrift UNIFEM-umræðna sem fram fara í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Laugavegi 42 á morgun klukkan 13. Þar munu þær Inga Dóra Pétursdóttir og Stella Samúelsdóttir fjalla um líf og stöðu kvenna í Malaví.

Stella fjallar um menntun kvenna í Malaví en Inga Dóra fjallar um það hvernig hefðbundin kynhlutverk í Malaví eru að breytast. „Í Afríku er mjög sterk kynmótun og sterk hefð fyrir kynhlutverkum. Sérstaklega á það við Malaví enda ríkti einræðisherrann Hastings Banda þar í mörg ár. Hann ýkti þessi hlutverk mjög mikið. Konur urðu til að mynda að ganga í pilsum og karlar máttu ekki safna hári. Hann bjó til sterkar stereótýpur af kynjunum en það hefur verið að breytast með auknum áhrifum frá vestrænum löndum,“ segir Inga Dóra. Hún telur oft gleymast þegar rætt sé um konur í Afríku að mikil fjölbreytni sé í löndunum sjálfum. Hún mun taka þrjár vinkonur sínar sem dæmi í fyrirlestri sínum. Allar eru þær frá Malaví en hlutskipti þeirra mjög frábrugðin.



Inga Dóra Pétursdóttir dvaldi í Malaví í tæp tvö ár við nám og starf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ein þeirra fæddist í þorpi sem hún hefur alltaf búið í, giftist manni og átti sín börn. Hún er fátæk og notar ekki vestræna læknisþjónustu. Önnur vinkona mín er kona sem fæddist við sömu aðstæður, giftist manni og eignaðist með honum þrjú börn. Hann beitti hana ofbeldi svo hún skildi við hann, flutti í annað þorp og er í dag sjálfstæð kona sem vinnur fyrir sér sjálf. Þriðja konan fæddist inn í efnameiri fjölskyldu, er hjúkrunarfræðingur og giftist manni sem vinnur í utanríkisráðuneytinu. Hún hefur ferðast um allan heim sem diplómatafrú. Nú vinnur hún hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands og hefur miklu meiri völd en allir malavísku karlarnir í kringum hana,“ lýsir Inga Dóra sem vill draga fram þá staðreynd að í Malaví sé jafn mikil fjölbreytni og hér á landi.

Inga Dóra er mannfræðingur og er að ljúka MA í þróunarfræði við HÍ. Hún dvaldi í Malaví í tæp tvö ár við nám og störf og lætur vel af. „Í fyrstu bjó ég í litlu þorpi og rannsakaði hvernig konur upplifa HIV. Eftir það fékk ég vinnu hjá Þróunarsamvinnustofnun og vann við stjórnsýslu í höfuðborginni,“ segir hún og þótti gaman að geta kynnst þessum tveimur hliðum á Afríku. solveig@frettabladid.is












# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 6. nóvember 2009



## ÞYKIR VÆNT UM LAY LOW

**Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir um leikkonuhlutverkið, tónleikaferðalög um heiminn og velgengnina sem kemur henni sjálfri stöðugt á óvart.**

+ DAVÍÐ ÖRN HALLDÓRSSON + SAUÐABINDI SEM SLÁ Í GEGN

GÓGÓDANS OG HEITUSTU YFIRHAFNIRNAR Í VETUR




FLAKKARI

1TB DISKUR

WD

Western Digital Elements

Ferðahýsing með 1TB harðdisk. USB 2.0. Tilbúin til notkunar.

Kr. 19.750

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ fylgist vel með



helgin MÍN

**HILDUR MARAL HAMÍÐSDÓTTIR** Ég er að fara út að borða á föstudaginn og langar líka að kíkja á Sinfó það kvöld þar sem Eldfuglinn eftir Stravinskí verður fluttur. Á laugardaginn er ég svo að fara í tvítugsafmæli og strax á eftir er fyrsta kvöld í frábærri tónleikaröð sem nefnist „Duplex“ á Sódómu og Batteríinu.




## Brjáluð hrekkjavaka

Aldrei hefur jafnmikið verið haldið upp á hrekkjavöku hérlendis og í ár en um síðustu helgi myndaðist öngþveiti í miðbænum af fólki í búningum. Á Bakkusi var ekki þverfótað fyrir hryllilegum verum en þar mátti sjá margar af listaspírum borgarinnar. Meðal gesta voru Hafsteinn Mikael Guðmundsson listmálari í drakúlagervi, Berglind Hlynsdóttir myndlistarkona og Hákon Aðalsteinsson tónlistarmaður.

## Dansað í hljóði



Í Bandaríkjunum eru atburðir nefndir „Silent raves“ mjög vinsælir en þar kemur hópur fólks saman og dansar við sömu tónlistina sem er í heyrnartólunum á i-podinum þeirra. Annað kvöld verður svipuð stemning í gangi á Austurvelli en þar verður haldið Þögult diskó í hálftíma, milli klukkan tíu og hálf ellefu en þar er fólk hvatt til að mæta með bros og góða skapið.



## Nolo og Sykur á laugardag

Það verður spennandi dagskrá á Sódómu og Batteríinu á laugardagskvöldið en þar verður boðið upp á sannkallaða tónlistarhátíð sem nefnist Duplex. Á meðal flytjenda eru nýstirnin Nolo, sykursætu unglingarnir í Sykur og uppáhalds plötusnúður allra, Pétur Eyvindsson aka DJ Musician.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Ritstjóri** Anna M. Björnsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

FUNDU SNILLDARHUGMYND EFTIR HRUNIÐ :

# ÍSLENSK HÁLSBINDI




Hjónin Birgir Hafstein og Kristbjörg María Guðmundsdóttir hanna saman ullarbindi undir nafninu Herra Mókollur. Bindin, sem kallast sauðabindi, fást ýmist einlit eða með íslensku lopapeysumynstri sem hannað var af Rögnu Ágústsdóttur, ömmu Kristbjargar, á sjöunda áratug síðustu aldar.

„Ég starfaði í banka allt þar til þeir hrundu fyrir rúmu ári. Stuttu eftir hrunið förum við hjónin saman í fæðingarorlof. Konan mín hefur alltaf verið mjög dugleg að prjóna og í orlofinu ákvað ég að prufa að prjóna og gerði eitt bindi. Bindið var ekkert í líkingu við bindin sem við erum að selja núna, en í kjölfarið ákváðum við að kannski væri hægt að gera þetta almennilega og koma þessu í framleiðslu,“ útskýrir Birgir. Hjónin eru nú búsett í Lundi í Svíþjóð þar sem Birgir leggur stund á meistaranám í hagfræði, en Kristbjörg María, sem er menntaður jarðfræðingur, vinnur að fyrirtækinu.

þetta HELST



**Herra Mókollur** Hjónin Birgir Hafstein og Kristbjörg María Guðmundsdóttir hanna saman rammíslensk sauðabindi.

Sauðabindin þykja einkar þjóðleg á að líta, bæði hvað varðar litaval auk munstursins. „Amma konu minnar var einn af frumkvöðlum lopapeysugerðar hér á árum áður og hún hannaði munstrið sem við notum á sauðabindin. Við fengum að glugga í gömlu munsturbókina hennar og fundum þetta munstur sem við svo minnkuðum og létum á bindin.“

Birgir segist hafa orðið var við jákvæð viðbrögð frá viðskiptavinum og segist vart anna eftirspurn. Spurður segir hann það enn ekki komið á hreint hvort Herra Mókollur fari í útrás. „Þetta er allt í skoðun, en við viljum gjarnan koma vörunum í verslanir hér í Svíþjóð. En eins og er ætlum við bara að byrja smátt og sjá svo hvernig gengur og vonandi stækkar fyrirtækið með tímanum,“ segir Birgir að lokum.

Hægt er að skoða bindin á vefsíðunni www.herramokollur.is.

*- sm*



**Í undirbúningi** Ný föt og gömul, húsbúnaður, húsgögn, jólavörur og kristall er meðal þess sem hægt er að nálgast á bílskúrssölu Arndísar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bílskúrssala á Granda

Ég er ekkert að skrökva þegar ég segi að hér er allt milli himins og jarðar,“ segir bóksalinn Arndís B. Sigurgeirsdóttir, sem er er orðin bílskúrssölukona í hjáverkum. „Þetta er svolítið eins og „mini“ Kolaport, bara bjartara yfir,“ segir Arndís, sem var að ganga frá stóru dánarbúi þegar henni bauðst þetta 150 fermetra húsnæði úti á Granda. „Þá kom þessi hugmynd upp að vera með risabílskúrssölu. Ég byrjaði um síðustu helgi. Síðan hafa fleiri bæst í hópinn og nú erum við með heilmikið af dóti,“ segir Arndís og nefnir gömul föt frá 5. og 6. áratugnum, ný föt, dúka, sængurföt, húsbúnað, húsgögn, jólavörur, kristal, silfurbúnað og allt mögulegt fleira. Markaðurinn verður opinn á milli klukkan tólf og fjögur á laugardag og sunnudag að Fiskislóð 79a, í sama húsi og Skór Outlet.

*- hhs*

✻ augnablikið



**OFURFYRIRSÆTAN OG TVEGGJA BARNA MÓÐIRIN**

Claudia Schiffer kynnti nýjan ilm frá Alberta Ferretti í fyrradag í Harrodsstórversluninni í London.

Frábær fjölskyldustaður

ljúffengur matur og góð þjónusta.

RED CHILI





Red Chili - Laugavegur 176
sími: 562 6000 - www.redchili.is




# Sony BRAVIA LCD sjónvarp

## Gæði á frábæru verði



### S5650 línan - vandað og fallegt tæki

1920 x 1080 Full HD upplausn í 42"
1366 x 768 HD Ready upplausn í 32"
Bravia Engine 2 myndstýring
33.000:1 skerpa
24p True Cinema
3 x HDMI tengi

32" - verð áður 159.990 verð nú 139.990
40" - verð áður 279.990 verð nú 239.990

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669
www.sonycenter.is

# núna
✻ fataskápurinn




**STJÖRNUAUGU** Þessi blauti augnskuggi frá Bobbi Brown er skínandi fallegur og fæst í sex glimmerlitum. Fullkominn fyrir jólaboðin.

Sunna Kristín Hannesdóttir, listnemi

# EKKERT Á ÓSKALISTANUM!

***Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?*** Hann er síbreytilegur. Hann er samt að verða óhugnanlega afslappaður. Ég hef til dæmis ekki nennt í hæla síðan á stúdentsútskrift í maí þegar ég keypti mér voða fína skó í Topshop og var farlama daginn eftir. Kannski þarf hælapásan að fara í frí bráðum.

***Hver veitir þér innblástur?*** Alls konar fólk í kringum mig. Það er alltaf gaman að mismunandi týpum.

***Hvað er efst á óskalistanum hjá þér fyrir veturinn?*** Ekki neitt! Þetta er viðhorf sem allir ættu að tileinka sér, bæði ódýrt og einfalt! Mig vantar reyndar sjampó.

***Hverjar eru uppáhaldsverslanirnar þínar?*** Mér finnst American Apparel alltaf góð en svolítið dýr miðað við vörurnar. Mér finnst flóamarkaðir yndislegir og Kolaportið stendur alltaf fyrir sínu. Annars held ég ekki tryggð við neina sérstaka búð. Nema Kjólabúðina Fix.

***Hverjir eru uppáhaldsfatahönnuðirnir þínir?*** Kannski bara enginn.

***Hvað, að þínu mati, er algjörlega bannað ef maður ætlar að halda í stílinn?*** Magabolir.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Já, einu sinni ég var rosalega kát með einhverjar ljósbláar, þröngar glansandi buxur sem ég keypti í Kaupmannahöfn. Kannski gef ég einhverjum þær í gríngjöf.

***Hvert er uppáhaldstímabilið þitt í tískunni?*** Misjafnt eftir dögum. Í dag er það morgundagurinn og ég er í öllum fötunum sem ég verð í á morgun.

*- amb*










1. Gallajakkinn er úr H&M og var keyptur með blóðugum dönskum krónum.
2. Kragi, saumatilraunaár. Ég er sjúk í hringi og kúlur af einhverjum ástæðum.
3. Útskriftarkjóllinn minn hefur tilfinningalegt gildi. Við mamma, sem er í klæðskeranámi, gerðum hann í sameiningu.
4. Röndótti jakkinn er úr Kolaportinu og var keyptur með 100 íslenskum krónum.
5. Appelsínugulur kjóll úr Kjólabúðinni Fix.
6. Lopapeysa sem var stödd hér heima og ég tók hana að mér.
7. Leðurbuxur úr Einveru, vestið hans pabba, hattur keyptur í Berlín og hálsmen frá H&M.
8. Kjóll úr Kjólabúðinni Fix sem amma mín, Kristín Eyfells, rak við Laugaveg 21 á árunum 1940-70.




















Glæsilegt
úrval af
kertum
með langan líftíma
á frábæru
verði
2.990,-
590,-
1.990,-
190,-
2.390,-
88cm
6.990,-
38cm
2.990,-
1.390,-
dúkar tvær stærðir
144x220
2.590,-
verð frá
1.990,-
144x270
2.790,-
27.900,-
3.490,-
2.990,-
2.990,-
6.990,-
2.990,-
the
PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# DREYMDI ALDREI UM AÐ LEIK

**Jólamyndin Desember verður frumsýnd í kvöld með söngkonunni *Lovísu Elísabetu Sigrúnardóttur* í einu aðalhlutverka. Lovísa ræðir leikarareynsluna í viðtali við Föstudag, tónleikaferðir með Emilíönu, baráttuna við lamandi sviðsskrekk og sambúð hundar, kattar og tveggja söngkvenna í miðborg Reykjavíkur.**

*Viðtal:* **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
*Ljósmyndir:* **Stefán Karlsson**



**Fjölhæf** Þrátt fyrir að vera haldin sviðsskrekk hefur Lovísa spreytt sig á ótrúlegustu sviðum frá því fyrsta plata hennar kom út.

Lovísa er að dunda við að koma sér fyrir á nýju heimili í hjarta miðbæjarins þegar blaðamaður bankar upp á. Hún er nýkomin aftur heim úr Evróputúr þar sem hún hitaði upp fyrir Emilíönu Torrini. „Ég fékk að fljóta með í rútunni hennar Emilíönu og var fljótt komin í þá rútínu að keyra á daginn, sofa á nóttunni í rútunni og vakna í nýrri borg. Við vorum úti um alla Evrópu en mest í Þýskalandi. Ég túraði líka með henni í vor og það var magnað að sjá muninn á því hvernig þetta var þá og núna, því hún hefur slegið í gegn þarna. Þetta var mjög skemmtileg ferð. Bandið hennar Emilíönu var líka allt mjög hjálplegt við mig. Þegar líða tók á túrinn höfðu allir í bandinu boðist til að hjálpa mér og á einum tímapunkti var ég komin með fullt band í upphituninni og Emilíönu að syngja bakraddir, klæðda upp sem flottur karlmaður. Svo spilaði ég líka á bassa með þeim í nokkrum lögum í settinu þeirra.“

### UPPHAF LEIKFERILS?

Það er ekki laust við eftirvæntingu hjá Lovísu, enda stutt í frumsýningu bíómyndarinnar Desember, þar sem hún þreytir frumraun sína sem leikkona. Það var í desember í fyrra að Lovísa fékk símtal frá Hilmari Oddssyni kvikmyndaleikstjóra. Hann vildi vita hvort hún kynni kannski líka að leika. „Ég svaraði strax nei! Alls ekki, enda hef ég aldrei sóst eftir því,“ segir Lovísa. En þegar Hilmar útskýrði fyrir henni að karakterinn sem hann vildi fá Lovísu til að leika væri söngkona í myndinni ákvað hún að hugsa málið. Hún fékk handritið sent og fylltist áhuga. „Stuttu seinna var ég mætt í prufu með Tómasi Lemarquis. Þetta endaði svo með því að Hilmar ákvað að taka sénsinn og velja mig og ég tók áhættu með því að treysta mér í þetta. Þetta var mjög mikil áskorun fyrir mig. En mér finnst gaman að ögra sjálfri mér. Og það er ekki beint oft sem manni býðst að leika í kvikmynd svona upp úr þurru.“

### LÍK AÐALPERSÓNUNNI

Ástu, sem Lovísa leikur, langar mikið að verða söngkona en lítið hefur orðið úr því hjá henni. Hún á auðugan unnusta sem er útfararstjóri og vinnur hjá honum sem líksnyrtir. Flækjan hefst svo fyrir alvöru þegar fyrrverandi kærastinn, leikinn af Tómasi Lemarquis, snýr aftur frá útlöndum og hristir upp í gömlum tímum. Lovísa er nýbúin að sjá myndina sjálf. Hún segir það hafa verið skrýtið að horfa á sjálfa sig á bíótjaldinu. „Mér finnst myndin góð og allir hinir leikararnir frábærir. En ég sá auðvitað lítið annað en mig sjálfa. Og ég fór til dæmis að taka því persónulega hverju mín persóna svaraði hinu eða þessu. Mér fannst þetta bara vera ég sjálf þarna á tjaldinu,“ segir Lovísa, sem náði ágætri tengingu við persónuna, sem hún segir líka sér að mörgu leyti. „Hún er samt miklu meiri pæja heldur en ég, er alltaf voðalega vel til höfð og svona. Hún býr líka í voða fínu húsi, enda er kærastinn hennar svolítið ríkur.“

### FLÓKIN FJÖLSKYLDUBÖND

Lovísa segist sjálf vera rík, þótt hún syndi ekki í seðlum eins og kvikmyndapersónan. Hún á margt gott fólk að – stóra og flókna nútímafjölskyldu. Pabbi hennar er ættaður frá Srí Lanka en alinn upp í Bretlandi, þannig að hún á skyldfólk bæði í Bretlandi og á Srí Lanka. Amma hennar í móðurætt býr í fögrum dal í Portúgal, þar sem hún ræktar grænmeti og ávexti. Og mamma hennar býr á Íslandi með eiginmanni sínum og systkinum Lovísu. „Ég er mjög rík. Ég á tvo pabba og fjögur systkini. Mamma á tvö börn, pabbi á eitt og ég eina stjúpsystur.“

### TVÆR SÖNGKONUR

Sjálf hefur Lovísa komið sér upp vísi að fjölskyldu. Hún samanstendur af kærustunni, Agnesi, hundinum Sheva, sem býr til skiptis hjá Lovísu og fyrrverandi eiginmanni hennar, og hinum ógnarstóra, loðna og silfurgráa Gosa, ketti Agnesar. Þær Agnes og Lovísa eru að stíga fyrstu sambúðarskrefin og íbúðin er full af hljóðfærum. Það má ímynda sér að mikið verði sungið á nýja heimilinu enda er Agnes söngkona eins og Lovísa. „Hún er með massífa rödd,“ segir Lovísa með aðdáun. „Það er gaman að syngja með henni og ég er viss um að við eigum eftir að gera meira af því einhvern tímann. Hún




## * bak við tjöldin

**Uppáhaldsborgin þín:**
Reykjavík.

**Tónlistin sem kemur þér í gott skap:**
Það fer bara eftir því hvernig gott skap ég vil komast í, ég á nokkur.

**Fyrirmyndir lífs þíns:**
Fjölskyldan mín og vinir.

**Land sem þig langar að heimsækja:**
Srí Lanka.

**Skemmtilegast að gera:**
Mér finnst gaman að reyna og læra nýja hluti.

**En leiðinlegast:**
Ef mér finnst eitthvað leiðinlegt þá nenni ég ekki að velta mér upp úr því, auðvitað er ýmislegt sem mér finnst leiðinlegt.

**Stutt uppskrift að góðri helgi:**
Vakna ekki of seint, borða góðan mat, hitta kæra vini og helst plana ekki of mikið og bara sjá hvað gerist.





# jólahlaðborð

FÖSTUDAGUR 6. NÓVEMBER 2009

## Löngu farnir að hlakka til

**Nokkrir herramenn hafa verið fastagestir á jólahlaðborði Hótel Loftleiða í fjölda ára.**

BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR


# Jólaævintýri Argentínu 2009

## Amerísk kalkúnaveisla – hefst fimmtudaginn 26. nóvember

**Meðal rétta á glæsilegu hlaðborði okkar eru eftirfarandi réttir:**

| | |
|---|---|
| Graflax | Brownies með súkkulaðimús |
| Kryddgrafinn nautavöðvi | Ávaxtasalat |
| Hreindýrapaté | Fylltir súkkulaðibollar |
| Gæsapaté | Lemontarte |
| Nauta carpaccio með | Vanilluís |
| klettasalati og parmesan | Karmellusósa |
| Kókos og engifermarineraður skelfiskur | Jarðaberjasósa |
| Kalkúnasalat | Graflax sósa |
| Hamborgarhryggur | Rauðlaukssulta |
| Reykt kalkúnabringa | Piparrótarsósa |
| Kalkúna galantine fyllt | Spánskt kartöflusalat |
| Seranoskinku og sólþurrkuðum tómötum | Hefðbundið kartöflusalat |
| Kalkúnaskinka með villisveppum | Bigardesósa |
| Roast beef | Villisveppasósa |
| Heilsteiktur kalkúnn | Rauðvínssósa |
| Kalkúnabringur | Kalkúnafylling |
| Grillað oriental kryddlegið lamb | Sætar kartöflur |
| Risa súkkulaðiterta | Sykraðar kartöflur |
| Creme Brulée | |

**Afsláttar tilboð og 2 fyrir 1 gildir ekki í „Jólaævintýri"**

Verð fimmtudaga til laugardaga kr. **8.300,-**
Verð sunnudaga til miðvikudaga kr. **7.300,-**





Barónsstíg 11A
101 Reykjavík
Sími 551 9555
www.argentina.is

ARGENTÍNA

**● ÞAÐ VERÐUR JACKSON UM JÓLIN** Jólahlaðborðið á Broadway er allsérstakt í ár. Meðan gestir gæða sér á hangikjöti og uppstúfi flytja þekktir tónlistarmenn tónlist eftir snillinginn Michael Jackson og að borðhaldi loknu er slegið upp dansleik með hljómsveitinni Bermuda.



Á sýningunni er farið yfir feril Jacksons í Jackson Five og sólóferil hans og allra bestu lögin hljóma undir borðhaldinu.

Þeir sem bregða sér í hlutverk poppkóngsins eru Alan Jones, Edgar Smári, Arnar Jónsson og María Ólafsdóttir. Tónlistarstjóri er enginn annar en Gunnar Þórðarson og leikstjóri er Egill Eðvarðsson. Þá tekur þátt í sýningunni stór hópur dansara sem stígur dans í anda Jacksons.

Fyrsta jólahlaðborðið verður hinn 20. nóvember.

**● SMÖRGÅSBORD UM VÍÐA VERÖLD** Í seinni tíð hefur ekki verið mjög algengt að orð af skandinavískum uppruna brjóti sér leið, nánast óbreytt, inn í enska tungu. Sú er þó raunin með sænska orðið smörgåsbord, sem þýðir hlaðborð eða kalt borð.

Smörgåsbord er venjulega skrifað smorgasbord í enskumælandi löndum sem þekkja hvorki bókstafina ö né å. Það varð þekkt á alþjóðlegum vettvangi þegar boðið var upp á slíkt hlaðborð á heimssýningunni í New York árið 1939. Jólahlaðborð eða julbord er ein vinsælasta útfærslan af smörgåsbord.



Víðast hvar utan Norðurlandanna er orðið þó notað yfir hvers kyns hlaðborð þar sem ýmsir réttir eru á boðstólum sem tengjast í engu norrænum hefðum. Smorgasbord getur einnig þýtt hverjar þær aðstæður þar sem fólki býðst að velja á milli margra jákvæðra kosta, til dæmis er hægt að tala um smorgasbord af háskólakúrsum, smorgasbord af bókum í bókabúð og svo framvegis.


# JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**kemur út þriðjudaginn 24. nóvember.**

**Matur, gjafir, viðtöl, föndur og fleira.**
Allt um jólaundirbúninginn, jólamatinn og jólastemmninguna í Jólablaði Fréttablaðsins 2009.



**Nánari upplýsingar veita:**
Sigríður Dagný í síma 5125462 eða sigridurdagny@365.is
Benedikt í síma 512 5411 eða benedikt@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynur@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is







Fossatún er miðsvæðis í Borgarfirði. MYND/ÚR EINKASAFNI



Hangikjöt með uppstúfi er á meðal þess sem er í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Steinar Berg Ísleifsson, staðarhaldari að Fossatúni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tröllkona blasir við gestum jólahlaðborðsins

**Veitingastaðurinn Tíminn og vatnið í Fossatúni í Borgarfirði býður upp á jólahlaðborð með kvikmyndamyndasýningu, kveðskap og karókí að loknu borðhaldi.**

„Það er mjög skemmtileg reynsla að koma hingað. Við lýsum upp Tröllafossana, sem er afar fallegt og sérstakt, og tröllkona ein í kletti blasir hér við. Svo er útipallur á veitingastaðnum sem er mjög gaman að fara út á á kvöldin, ég tala nú ekki um þegar norðurljósin skarta sínu fegursta,“ segir Steinar Berg Ísleifsson, staðarhaldari að Fossatúni í Borgarfirði. Þar við Grímsána starfrækja Steinar og Ingibjörg, eiginkona hans, veitingastaðinn Tímann og vatnið, sem býður upp á heimalagað jólahlaðborð með fjölbreyttu sniði.

Ferðaþjónustan í Fossatúni er nú á sínu fimmta rekstrarári og segir Steinar jólahlaðborðin hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Fiskréttir af ýmsu tagi eru áberandi á forréttaseðlinum, meðal annars er boðið upp á saltfiskbollur í ostasósu, bleikjubollur, laxafiðrildi og taðreykt hrátt hangikjöt með suðrænum ávöxtum. Aðalréttirnir samanstanda af villikrydduðu og bjórsteiktu jólalambi, smjörsteiktri og estragonkrydduðri kalkúnabringu, léttreyktu grísalæri og hangikjöti með uppstúfi.

Fyrir borðhaldið er gestum sýnd stuttmyndin Tónmilda Ísland eftir Friðþjóf Helgason, þar sem íslensk tónlist hljómar yfir náttúrumyndum. Á milli rétta fer Steinar með limrur og segir frá umhverfi, staðháttum og tröllum. „Ég og Brian Pilkington erum um þessar mundir að senda frá okkur bókina Tröllagleði, en við gáfum út bókina Tryggðatröll fyrir tveimur árum. Ég hef mikið kynnt mér tröll og er orðinn hálfgerður sérfræðingur í þeim,“ segir Steinar og hlær. „Limrurnar koma flestar úr sjaldséðri og skemmtilegri bók eftir Jónas Árnason, sem bjó lengi í Reykholti og hann yrkir um tröll, borðsiði, enska knattspyrnu og allt þar á milli.“

Að borðhaldi loknu er svo spiluð skemmtileg tónlist og karókí opnað fyrir þá sem vilja tjá sig með söng. Um klukkustundarlöng keyrsla er frá Reykjavík að Fossatúni. „Flestir sem koma hingað fara aftur heim eftir kvöldið, en það eru líka hótel hér í kring sem hægt er að gista á,“ segir Steinar.

*- kg*

# Fær útrás fyrir athyglisþörf

Gísli Einarsson, frétta- og dagskrárgerðarmaður, hefur verið eftirsóttur veislustjóri í jólahlaðborð og árshátíðir í gegnum tíðina. Honum þykir starfið alltaf jafn skemmtilegt. „Maður er náttúrlega að fá þarna útrás fyrir einhverja svakalega athyglisþörf,“ segir hann og hlær. „Manni líður líka svo vel í hjartanu ef það heppnast að skemmta fólki og oft fæst góður matur með í bónus.“

Gísli segir algengan misskilning að veislustjórn sé auðveld. „Þvert á móti. Það getur tekið gríðarlega á að halda athyglinni þegar líða tekur á. Daginn eftir er maður stundum jafnvel þreyttari en fólkið sem var að skemmta sér, drekka og djamma kvöldið áður,“ segir hann.



„Bannað er að drekkja fólki með langri dagskrá,“ segir Gísli.



„Ég hef nú lent í ýmsu á ferli mínum sem veislustjóri en yfirleitt hefur þetta gengið eins og í sögu.“

Þótt Gísli sé vanur veislustjóri hefur hann nokkrum sinnum lent í aðstæðum þar sem allt stefndi í óefni. „Ég minnist nú atviks þar sem tiltekinn félagsskapur var samankominn. Innan hópsins hafði skapast sú skrítna hefð að taka koníak í nefið. Mitt í kynningu á einu atriðanna vatt sér að mér gestur sem bauð mér að taka þátt í því og ég kunni ekki við annað en að verða við því. Afleiðingarnar voru þær að mér leið dauðilla allt kvöldið.“ Hann bætir við að yfirleitt hafi veislustjórnin þó gengið vel.

En er Gísli með einhver ráð handa þeim sem vilja leggja veislustjórn fyrir sig? „Númer eitt, tvö og þrjú er að drekkja ekki fólki með einhverri langri skemmtidagskrá, því fólk vill jú líka spjalla saman og hafa það gott.“

*- rve*




*22. október - 18. nóvember*

# Villibráðarhlaðborðið

## *Ef hægt væri að senda lykt af villibráðarhlaðborði Perlunnar þyrfti engar myndir.*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

Verð 8.290 kr.
*Tilboð mán. - mið.*
***7.290 kr.***

## Jólahlaðborð
*19. nóvember - 30. desember*
*(Jóla- og skötuhlaðborð í hádeginu þann 23. des.)*

Það borgar sig að panta borðið strax á jólahlaðborði Perlunnar — enda eitt vinsælasta jólahlaðborð landsins.
Verð 7.890 kr. - Tilboð mán.-mið. 6.890kr.

## Nýárskvöldverður
*1. janúar 2009*

5 rétta hátíðarseðill valinn af matreiðslumeisturum okkar. Lifandi kvöldverðartónlist með Þremur röddum og dansað fram eftir kvöldi með hljómsveit Þóris Baldurs.

## Allt í steik
*Hefst 8. janúar 2009*

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik" seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.
Verð frá 5.590 kr.





**Tilvalið fyrir árshátíðina!**

Hönnun & ljósmyndir: Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is



Jólahlaðborðin voru með dönskum brag í byrjun enda sótt þangað.

# Jólahlaðborðin til sögunnar á 9. áratugnum

Það var árið 1980 sem veitingahúsið Brauðbær/Óðinsvé auglýsti „danskt jólahlaðborð“ í hádeginu.

Í Morgunblaðinu árið 1985 er skrifuð grein um þetta uppátæki, sem þá hafði staðið yfir í fimm ár. Segja veitingamenn þar að jólahlaðborðið sé sótt í danska fyrirmynd og jólahlaðborð sé eitthvað sem Danir „hugga“ sig við í aðventunni. Þá sé jólahlaðborðið svipað í hugum Dana og þorrabakkinn hjá okkur.

Næstu árin á eftir jukust vinsældir jólahlaðborða og þau unnu sér fastan sess á mörgum veitingahúsum og eru orðin að föstum lið á aðventu.

En jólaborðið var þó enn um sinn auglýst undir „dönsku“ þema og auglýsti Hótel Saga jólahlaðborð „að dönskum hætti“ og með „dönsku snapsi“ og árið 1987 auglýsti Holiday Inn einnig jólahlaðborð með „dönsku þema“.

Árið 2003 var ár jólahlaðborðanna ef marka má dagblöðin, en þá var fólk líka farið að panta sér sæti á hlaðborðinu með miklum fyrirvara, jafnvel í september og október.

Nú má segja að réttirnir á jólahlaðborðinu séu danskir í grunninn þótt íslenskt hráefni fái alltaf meira og meira að njóta sín. *-jma*



Fyrstu jólahlaðborðin voru meðal annars haldin á Hótel Óðinsvéum.



Pottormarnir og smurbrauðsjómfrúin. Bjarni Sigurðsson, Oddur Eiríksson, Sigurjón Stefánsson, Marentza Poulsen, Eyþór Tómas Heiðberg, Karl Nilson Guðbjartsson, Bjarni Ásbjörnsson og Örn Ottesen Hauksson. MYND/MOTIV/JÓN SVAVARSSON

# Við köllum okkur pottorma

**Nokkrir herramenn hafa verið fastagestir á fyrsta jólahlaðborði haustsins á Hótel Loftleiðum í fjölda ára. Það er orðin hátíðleg hefð og Örn Ottesen, fjármálastjóri Nóa Siríus, sem er einn úr hópnum, útskýrir hvers vegna.**

„Ákveðinn kjarni er búinn að hittast reglulega í sundi þrisvar í viku í fimmtán ár, frá því Árbæjarlaug var opnuð 1994. Alltaf í hádeginu. Fleiri hafa svo bæst í hópinn. Við köllum okkur pottorma og umræðuefnið í pottinum er yfirleitt matur og hvaða vín sé best með hvaða rétti. Við erum svoddan matmenn. Fljótlega eftir að sá siður komst á að hittast í lauginni datt okkur í hug að skella okkur á jólahlaðborð saman og byrjuðum á að fara á Hótel Borg. Þar voru þá Ida Davidsen og Marentza Poulsen að sjá um matinn. Síðan fóru þær þaðan út á Loftleiðir og við fylgdum þeim. Ida hefur verið stopult síðan en Marentza staðið vaktina og við mætum alltaf fyrsta kvöldið sem hlaðborðið er.“

Þetta eru sem sagt vanafastir menn. Örn segir þá jafnan fá sér einn forrétt áður en þeir setjast í salinn og svo sé Marentza alveg búin að kenna þeim hvernig þeir eigi að umgangast jólahlaðborðið. „Mörgum hættir til að fara að borðinu og fá sér á fullan disk. Þá vita þeir ekkert hvað þeir eru að gera,“ segir hann með áherslu. „Marentza kenndi okkur að taka eitt, í mesta lagi tvennt á diskinn í einu, borða rólega og njóta bragðsins. Hún sagði við okkur: „Þið megið fara hundrað sinnum að borðinu en ég vil ekki sjá ykkur fara með hlaðna diska til baka!“ Svo við förum margar ferðir og höfum gaman af. Dönsku hefðirnar kringum jólahlaðborðið eru alveg frábærar að mínum dómi. Smurða brauðið er það sem við sækjum mikið í og svo smökkum við alla hina réttina líka.“

Nú styttist í þessa miklu matarhátíð og Örn segir þá félaga fyrir löngu farna að hlakka til enda sé byggð upp spenna allt árið. „Um leið og jólahlaðborðið er búið förum við að telja niður til þess næsta. Það er auðvitað löng bið eftir 51. föstudeginum en nú er bara einn eftir þar til sá rétti kemur.“ *-gun*


## Jólahlaðborð Veislunnar í yfir 20 ár!

Jólahlaðborð Veislunnar hefur í fjöldamörg ár notið mikilla vinsælda enda er ekkert til sparað til að skapa jólalegt andrúmsloft yfir glæsilegum veitingum í hæsta gæðaflokki

**Bjóðum upp á tilboð á jólahlaðborðum okkar ef pantað er fyrir 20. nóvember.**

**Við sendum jólahlaðborð Veislunnar hvert sem er, heim, á vinnustað eða í einn af okkar glæsilegu veislusölum.**

Veislan leigir út 2 glæsilega sali til veisluhalda og funda, alla daga vikunnar.

- Ferðafélags Íslands, í Mörkinni 6, Reykjavík,
- Félagsheimilið á Seltjarnarnesi, Suðurströnd

Öll aðstaða í báðum sölum er eins og best gerist með góðum hljómburði, píanó, skjávarpa og fullkomnu hljóðkerfi.

**Við erum byrjuð að taka við pöntunum núna í síma 561-2031 þú getur líka sent okkur tölvupóst á netfangið: veislan@veislan.is**

Upplýsingar um matseðil jólahlaðborðs er að finna á vefsíðu Veislunnar www.veislan.is

Hlökkum til að taka á móti ykkur í hátíðarskapi, starfsfólk Veislunnar.



VEISLAN VEITINGAELDHÚS

Handverksbakarí - Veislueldhús - Smurbrauðstofa

Veislan - Austurströnd 12 - Seltjarnarnes - Sími: 561 2031 - Fax: 561 2008 - www.veislan.is




Rómantíkin ræður ríkjum á Hótel Klaustri.

# Rólegheit og rjómantík

Jólamatseðill á rólegum og „rjómantískum“ nótum verður í notkun á Hótel Klaustri Kirkjubæjarklaustri laugardagskvöldin 5. og 12. desember og Sigurður Daði Friðriksson matreiðslumaður sér um að töfra fram hvern réttinn eftir annan. Þá verða líka sértilboð á gistingu og morgunverði fyrir þá sem taka allan pakkann, 9.250 krónur fyrir manninn eða 18.500 krónur fyrir parið en annars kostar jólahlaðborðið 6.250 krónur á mann. Sérstakur barnaafsláttur er svo fyrir sex til tólf ára börn.

Þess má geta að Kirkjubæjarklaustur er annálað fyrir náttúrufegurð og veðursæld. *-gun*

# Grýluglögg og krásir

Hlaðborð Fjörukrárinnar svignar undan jólakrásum alla föstudaga og laugardaga frá 20. nóvember til jóla og rammíslensk stemmingin svíkur engan því þar er líka þjóðleg dagskrá. Á undan borðhaldi geta gestir heimsótt Grýlu í helli hennar fyrir utan Fjörukrána þar sem hún býður upp á Grýluglögg. Jafnframt sér sú kerling um veislustjórn.

Að borðhaldi loknu mun hljómsveit Rúnars Þórs spila fyrir dansi þrjár jólahlaðborðshelgar. Sérstakur gestur Rúnars í tvígang verður Gylfi Ægisson. Aðrar helgar sér Dans á rósum frá Vestmannaeyjum um að halda uppi fjöri. *- gun*



**Fjörukráin fer í jólaskap strax í nóvember.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



● **SVISSNESKT JÓLAHLAÐBORÐ** Þótt fyrstu jólahlaðborðin hérlendis hafi verið að danskri fyrirmynd bauð Hótel Borg upp á svissneskt jólahlaðborð á árunum 1987-1988. Eigendur Hótel Borgar fluttu þá inn svissneskan kokk, Erwin Denings, og bjó hann til svissneskar veitingar úr íslensku hráefni.

Í desert útbjó Erwing meðal annars ostafondú, sem á þessum árum þótti það heitasta, og boðið var upp á svissneskt konfekt með kaffinu. Ekki er vitað til þess að jólahlaðborð hérlendis hafi verið með svissnesku þema í seinni tíð.






Boðið verður upp á lamb af Skarðsströnd og bláskel úr Breiðafirði í Narfeyrarstofu.



Sæþór H. Þorbergsson veitingamaður.



Notaleg stemning ríkir á efri hæð staðarins þar sem fallegt útsýni er til allra átta.



Kengúrukjöti verður skipt út fyrir lambakjöt á jólamatseðlinum í ár.

# Hvannarlamb í stað kengúru

**Í Narfeyrarstofu í Stykkishólmi verður eingöngu boðið upp á íslenskt hráefni á jólamatseðlinum í ár.**

Mörgum þykir gaman að skreppa út fyrir bæinn á aðventunni og njóta góðs matar og samveru í sveitasælunni. Jólahlaðborð í Narfeyrarstofu hefur notið vinsælda síðustu ár en þar á bæ ætla menn að bregða út af vana og bjóða upp á jólamatseðil í ár eingöngu með réttum unnum úr íslensku hráefni.

„Við höfum síðustu átta ár boðið upp á jólahlaðborð þar sem við höfum leikið okkur með hráefni sem er ekki er daglega á boðstólum hjá fólki á þessum slóðum, eins og kengúru, kanínu, dádýr og sel. Og við vorum orðin leið á þessu fyrirkomulagi svo við ákváðum að breyta til,“ segir matreiðslumaðurinn Sæþór H. Þorbergsson, sem á og rekur Narfeyrarstofu ásamt eiginkonu sinni Steinunni Helgadóttur.

Helsta breytingin er sú að jólahlaðborð víkur fyrir jólamatseðli, auk þess sem staðbundið hráefni verður í aðalhlutverki. „Já, nú velur fólk bara af matseðli, þar sem hægt verður að velja um rétti unna úr hráefni úr Breiðafirðinum og því sem í kringum hann þrífst. Okkur finnst þetta skemmtilegra fyrirkomulag,“ segir Sæþór. „Af þessu tilefni verði boðið sérstaklega upp á lambakjöt, sem alið var á hvönn síðasta sumar og kemur frá Höllu Steinólfsdóttur bónda á Ytri-Fagradal á Skarðsströnd í Dölunum.“

Narfeyrarstofa tekur 32 í sæti á neðri hæðinni og 44 á þeirri efri sem kallast Sjávarloftið, þar sem leitast er við að mynda rómantíska stemningu með fallegu útsýni. Jólamatseðillinn verður í boði um helgar á aðventunni og mælir Sæþór með að pantað sé tímanlega. *- rve*






● **UPPRUNI JÓLAÖLS** Jólaöl nýtur ávallt vinsælda um jólin, en farið var að blanda þennan drykk líklegast um 1940. Þá tók fólk upp á því að blanda malt með gosdrykkjum til að drýgja það, því að maltið var mjög dýr drykkur. Egils appelsín var ekki til á þessum tíma, að minnsta kosti ekki í núverandi mynd, en ýmsir aðrir drykkir voru notaðir. Þetta virðist hafa verið nokkuð algengt.

Þegar Egils appelsín kom á markað um 1955 fóru menn að blanda maltið með því og hefur trúlega líkað vel því að um 1960 var þetta orðið nokkuð almennur siður.

Heimild: www.visindavefur.is.

# Virðing, tillitssemi og hreinlyndi í veislum

Þegar haldið er á jólahlaðborð og önnur mannamót er mikilvægt að muna eftir mannasiðunum. Bergþór Pálsson óperusöngvari kann nokkrar gullnar reglur. Hann segir gott að gera eftirfarandi:

**1** Skanna hlaðborðið og velja sér vel samansetta máltíð. Yfirleitt eru réttirnir svo margir að það er engin leið að smakka á öllu.

**2** Fá sér einn rétt á hvern disk og fara margar ferðir. Þannig verður máltíðin snyrtilegri og ánægjulegri.

**3** Fara hægt af stað og miða magnið við að magapláss verði fyrir aðalrétt og eftirrétt.

**4** Ef mikill fjöldi er, er um að gera að fá sér hratt og fumlaust það sem verður fyrir valinu í það skiptið og ganga síðan aftur að borðinu þegar hægist um.

**5** Muna þá almennu og gullvægu reglu að það sem mann langi til að segja eða gera sé út frá virðingu, tillitssemi og hreinlyndi.

**Dæmi:** Kurteislegt er að einbeita sér að máli annarra, beina máli sínu til allra við borðið og fá alla til að taka þátt í umræðum, slökkva á símum eða setja þá á titring og tala ekki í síma við borðið, sleppa kvörtunarefnum og slúðri. Veitingarnar eru ekki aðalatriðið, heldur létt andrúmsloft; að skemmta sjálfum sér og öðrum.



Bergþór Pálsson óperusöngvari segir mikilvægt að miða magnið við að magapláss verði fyrir aðalrétt og eftirrétt.




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Brauðhleifar, jöklasalat og skinkusúpa voru á jólamatseðli Arnarhóls árið 1986.

## Pylsur og brauð í boði árið 1986

Ýmislegt hefur breyst í eldamennsku jólahlaðborðanna í gegnum árin en til gamans má skoða það sem boðið var upp á á jólahlaðborði veitingahússins Arnarhóls árið 1986, sem þá var á horni Ingólfsstrætis og Hverfisgötu. Meðal þess sem var á boðstólum var skinkusúpa, súrsæt grísarif með hrísgrjónum, jöklasalat, grísarúllupylsa, fiskréttur „au gratin", sjávarréttir í sítrónuhlaupi, svartpönnubrauð, munkabrauð og þriggja korna brauðhleifar. Einnig var tekið fram að boðið væri upp á kokkteilpylsur. *-jma*



Frá jólahlaðborði Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

## Grýla verður veislustjóri

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn stendur líkt og undanfarin ár fyrir Jólahlaðborði fjölskyldunnar. Hlaðborðin hefjast síðustu helgina í nóvember og verða allar aðventuhelgarnar fram að jólum en veislustjórn er í höndum sjálfrar Grýlu og jólasveinanna. Verðinu er stillt í hóf en ókeypis er fyrir fjögurra ára og yngri.

Matseðillinn verður með hefðbundnum hátíðarbrag, þar sem hangikjöt, uppstúf og svínakjöt og kjúklingaleggir verða í boði. Einnig ljúffeng salöt, sósur og girnilegir eftirréttir.

Jólasveinn kemur í heimsókn og segir sögur af fjöllum og svo verða dýrin á sínum stað, börnum og foreldrum til mikillar gleði.



# Girnilegur matseðill fyrir grænmetisætur

Matreiðslumennirnir á Grand hóteli hafa ákveðið að breyta út af vana og útbúa girnilegan matseðil fyrir grænmetisætur á jólahlaðborðinu í ár.

Meðal rétta sem í boði verða má nefna karrí- og chilikryddaða grænmetis- og kartöflurétti, hnetu- og baunasteikur, grænmetislasagna og hrísgrjónasalat.

Markmiðið með þessum sérútbúnu jólalegu grænmetisréttum er að koma til móts við ört stækkandi hóp grænmetisætna.

Þess skal þó jafnframt getið að hefðbundni jólamaturinn verður líka á sínum stað á jólahlaðborði Grand hótels.



Grænmetisréttir eru nýjung á jólamatseðli Grand hótels.





Íslensk jól, íslenskur djass, íslensk náttúra ...

Jólahlaðborð á **LAVA** í nóvember og desember.
Fordrykkur í boði hússins.
Djass í höndum meistara á borð við Egil Ólafsson,
Björn Thoroddsen, Gunnar Hrafnsson og fleiri.
Tilboðsvínseðill með sérvöldum jólavínum.
Allir gestir fá boðsmiða í Bláa lónið.

**Verð 6.500 kr. á mann.**

LAVA bar & restaurant

Borðapantanir í síma 420 8800 eða á sales@bluelagoon.is

# KA

hefur hjálpað mér heilan helling, enda kann ég í rauninni ekki að syngja.“

### FEIMIN VIÐ SÖNGINN

Það er nefnilega ekki langt síðan Lovísu fannst hún raunverulega ekki kunna að syngja. „Ég hélt alltaf að ég væri ekki með söngrödd og þorði ekki að syngja upphátt fyrir framan fólk. Mamma og amma eru líka svona en eftir að ég fór að syngja er ég orðin viss um að þær kunni það líka. Ég hef líka heyrt ömmu mína í föðurætt raula yfir pottunum á meðan hún er að búa til karrí. Hún hefur mjög fallega rödd.“

Lovísa hefur alla tíð verið í tónlist. Hún lærði á píanó sem barn og færði sig svo yfir í gítar og bassa á unglingsárunum. Hún skemmti sér vel í því en var lítið að prófa sig áfram við hljóðnemann. Hún hefur reyndar aldrei kunnað neitt sérstaklega vel við sig í sviðsljósinu. „Mér er fyrst núna farið að líða ágætlega á sviði og finnst það meira að segja stundum skemmtilegt. Ég kveið því alltaf mikið að spila og ég reyndi oft að koma mér undan því. Ég er búin að vera heilmikið að glíma við þá hugsun að finnast ég vera að gera fólki óleik með því að vera þarna á sviðinu. En nú er ég búin að ákveða að standa með sjálfri mér og hætta að brjóta mig niður. Því til hvers að vera að þessu ef maður ætlar stöðugt að vera að brjóta sig niður með því að hugsa hvað maður líti asnalega út og hljómi illa?“

### GERÐIST AF SJÁLFU SÉR

Það var kannski ekki skrýtið að það tæki Lovísu tíma að venjast sviðsljósinu, enda var hún ekkert á þessari leið þegar hún dróst inn í bransann með ógnarhraða fyrir fjórum árum. „Á þeim tíma var ég í Benny Crespo's Gang, sem ég er reyndar enn þá í. Einn daginn vorum við vinkonurnar að leika okkur og stofnuðum kántríband. Það slitnaði svo upp úr því þegar þær fóru út í nám, en upp frá þessu fór ég að syngja og semja lög í fyrsta skipti. Ég samdi lag sem vinkonur mínar hvöttu mig til að setja á netið. Ég setti það á MySpace en tók það fljótt út aftur, því mér fannst þetta eitthvað vandræðalegt. En í millitíðinni rákust þeir hjá Cod Music á lagið og höfðu samband við mig.“ Þetta var snemma árs 2006. Lovísa gerði samning og fyrsta platan hennar kom út þá um haustið. Lagið sem fór á netið, Please Don't Hate Me, var titillag plötunnar, sem seldist gríðarvel og var með þeim mest seldu í jólaflóði þessa árs. Á þessum tíma var Lovísa að vinna í Skífunni og svaraði daglega spurningum um hver þessi Lay Low væri nú eiginlega.

### JAY LO, LÚLA OG LAYLA

Nafnið Lay Low hefur fest rækilega við Lovísu. Það var þó ekki útpæld markaðssetning heldur hálfgerð tilviljun, eins og svo margt annað á ferli Lovísu. „Ég man vel þegar þau hjá Cod Music hringdu í mig, áður en ég átti að spila á fyrstu tónleikunum, og spurðu hvað ég vildi að þau settu á plakatið. Ég vissi ekkert hverju ég ætti að svara. Svo stakk vinkona mín upp á Lay Low og mér leist ágætlega á það.“

Lovísa hefur heyrt ýmsar skemmtilegar útgáfur af nafninu. „Sumir halda að ég heiti Jay Lo, Layla, eða kannski Lúla. Eða bara eitthvað sem rímar við Lay Low. Fyrst var ég alltaf í því að leiðrétta fólk ef það ætlaði að fara að kalla mig sjálfa Lay Low. En nú er mér orðið það sama, enda er mér farið að þykja vænt um þetta nafn. Svo finnst mér þægilegt að vera Lay Low þegar ég er að koma fram. Svo er ég sjálf og prívat bara Lovísa. En ég er sko ekki Lay Low þegar ég kem fram með Benny Crespo's Gang. Þá er ég Lovísa.“

### SEMUR KVIKMYNDATÓNLIST

Fram undan eru ekki minna spennandi tímar en þeir undangengnu. Og Lovísa ætlar að halda áfram að troða áður óþekktar slóðir. Næsta stóra verkefni er að semja tónlistina við Kóngaveg 7, nýja kvikmynd Valdísar Óskarsdóttur. Í millitíðinni er svo ein tónleikaferðin enn og sú ekki af leiðinlega taginu, ef það er þá til. Hún ætlar að fylgja Emilíönu alla leið til Ástralíu á milli jóla og nýárs. „Emilíana er að fara að spila á tónlistarhátíðum svo ég veit ekki hversu mikið ég fæ að hita upp fyrir hana. En ég er að fara að spila á bassa og hjálpa til við að halda stuðinu góðu. Ég hef aldrei komið til Ástralíu þannig að ég var ekki lengi að segja já við þessu boði.“





# tíðin
✻ tónlist og myndlist




**HÚÐ SEM GLÓIR** Creme scintillante frá Occitane er dásamlegt mýkjandi rakakrem með litlum gullögnum. Fagurt á nakta handleggi.

MYNDLISTARMAÐURINN DAVÍÐ ÖRN HALLDÓRSSON UNDIRBÝR SÝNINGU OG BÓKAÚTGÁFU:

## BÓK UM DAVÍÐ ÖRN KEMUR

Bók um listamanninn Davíð Örn Halldórsson kemur út á vegum bókaútgáfunnar Ókeibæ í dag. Sú heitir Ofhlæði og í henni er að finna helstu verk Davíðs, hugleiðingar hans sjálfs og ljóð eftir Sjón.

„Ég á sjálfur ágætis safn af listaverkabókum og það skemmtilegasta sem ég geri er að fletta þeim. Þannig að maður er þokkalega ánægður með sjálfan sig,“ segir Davíð, þar sem hann var staddur á vinnustofunni sinni. Þar hefur hann alið manninn flesta undanfarna daga, við undirbúning á sýningu sem verður opnuð í Hafnarborg á laugardaginn.

Davíð er þekktur fyrir litrík og glaðleg verk sín en með sýningunni í Hafnarborg sýnir hann á sér nýjar hliðar. „Ég lét meðal annars búa til veggfóður fyrir tíu metra langan vegg upp úr mynstri sem ég hannaði fyrir borðstofuborð með og fyrir vinafólk mitt. Svo er ég með málverk og myndir sem ég mála á ljósmyndir eftir frændur mína ofan af Akranesi, feðgana Árna Böðvarsson og Ólaf Árnason. Á þessari sýningu er ég að vinna hugmyndirnar lengra en venjulega og í meira samstarfi við aðra, sem er mjög spennandi.“

*holmfridur@frettabladid.is*




**Á vinnustofunni** Davíð Örn Halldórsson myndlistarmaður leggur lokahönd á verk fyrir sýningu sem verður opnuð í Hafnarborg á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**Brian og Steinunn** Í verkinu Love Always, Debbie and Susan.

Steinunn og Brian sýna þríleik í Hafnarfjarðarleikhúsinu:

## DJ og gógódans á milli verka

„Við ætlum að sýna þrjú dansverk sem við höfum samið á síðastliðnum þremur árum og höfum ferðast með og sýnt um alla Evrópu,“ segir Steinunn Ketilsdóttir, um þríleik hennar og bandaríska dansarans Brian Gerke, Crazy Love Butter, sem þau sýna í Hafnarfjarðarleikhúsinu um helgina.

Á milli verka verður gleði og glaumur sem nær hámarki með partíi eftir sýninguna. „Við fengum í lið með okkur DJ og gógódansara til að skemmta fólkinu á milli atriða. Barinn verður opinn og matur í boð. Okkur langaði að gera skemmtilegan viðburð og svolítið stuð úr þessu.“

Ástin er gegnumgangandi þema verkanna þriggja. Í takti við það verður ljósmyndari sem tekur mynd af öllum pörum og plötusnúðurinn spilar bara ástarlög, allt frá Edith Piaf til Beyoncé.

Brian og Steinunn eru ekki par, þótt ástin sé þeim báðum hugleikin og þau hafi eytt undanförnum árum saman. „Við erum danspar og bestu vinir. Við kynntumst í skóla í New York árið 2004. Brian flutti hingað í kjölfar okkar samstarfs, því það hefur verið nóg að gera hjá okkur við að sýna um alla Evrópu. Nú er hann fagstjóri í Listaháskólanum og kominn með sitt líf hér.“

Sýningarnar verða í Hafnarfjarðarleikhúsinu á laugardagskvöldið klukkan 20 og kostar 1.500 krónur inn.

- hhs

Sérfræðingurinn knái
Knud Warming

Erik Jørgensen®

Montana

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal



Sérfræðingur frá Erik Jørgensen verður í verslun okkar föstudag, laugardag kl. 11-16 og sunnudag kl. 12-16 og veitir faglegar ráðleggingar um val á húsgögnum. Verið velkomin.



20%
afsláttur af vörum
Erik Jørgensen
og Montana
meðan á
heimsókninni
stendur.





**GULLFALLEG KÁPA MEÐ HANDSAUMUÐUM PERLUM Í KRAGA**
Str. 36-40. Verð 98.990 kr.

Varan fæst í Day Birger og Mikkelsen, Kringlunni,
www.day.dk

Varan fæst í Warehouse, Kringlunni og Smáralind.
www.warehouse.co.uk



**ÞESSI FLOTTA WAREHOUSE-KÁPA FÆST Í ÞREMUR LITUM, SVÖRTU, RAUÐU OG FJÓLUBLÁU.**
stærðir 6-16. Verð 24.900 kr.



**AÐSNIÐIN OG FLOTT KAREN MILLEN ULLARKÁPA** 2 litir – Rautt og svart. Str. 8-16, Verð 79.990 kr.

**KLASSÍSK OG SMART KAREN MILLEN ULLARKÁPA** 2 litir – svart og grátt. Str. 8-16 Verð 69.990 kr.



Vörurnar fást í Karen Millen, Kringlunni og Smáralind.
www.karenmillen.co.uk

**Föstudagur kynnir flottustu kápurnar fyrir veturinn**

# KLÆDDU AF ÞÉR KULDANN

Vörnar fást í Gk Reykjavík Laugavegi 66
www.gk.is



**KLASSÍSK OG FALLEG**
Svört Filippa K tvíhneppt ullarkápa. Stærðir XS-XL
Verð 79.900 kr.



**GRÁ ULLARKÁPA FRÁ SPORTMAX**
Stærðir 38-42. Verð 89.900 kr.



**SPORTMAX-ULLARKÁPA**
Fæst í svörtu og dökkbláu.
Stærðir 38-44 Verð 84.900 kr.



**HLÝ OG FALLEG DÚNÚLPA FRÁ SAND** Fæst í tveimur litum, svörtu og bláu, úr 80 prósent dún og 20 prósent fiðri í stærðum 36-46. Verð 54.990.

Vörurnar fást í Boss og Sand Kringlunni



**FALLEG JAKKAPEYSA FRÁ BOSS ÚR MÓHAIR OG ULLARBLÖNDU.** Fæst í tveimur litum, fjólubláu og gráu, í stærðum S-XL. Verð 54.990 kr.



**GLÆSILEGUR BOSS-PELS ÚR LAMBASKINNI** í stærðum 36-42. Verð 299.990 kr.

Vörurnar fást í ELM DESIGN
Laugavegur 1, 101 Reykjavík
Sími: 511 0991
www.elm.is



**BABY ALPACA-STAKKUR FRÁ PERÚ** Einstaklega mjúkur og hlýr og sést hér ásamt vinsælu leðurtuðrunni.



**EINSTAKLEGA VÖNDUÐ LEÐURKÁPA** úr mjúku leðri sem er nýjung frá ELM Design og er framleidd í London.





## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstýra Nýs lífs**

1 Allir dagar eru betri þegar þeir hefjast með faðmlagi. Ég knúsa alla strákana mína, Darra, Lúkas Emil og Daníel Elí, hvern á fætur öðrum.

2 Á jóladag og afmælinu mínu fæ ég stundum litlar gjafir á morgnana. Það er draumur í dós.



3 Ein vinkona mín sagði einu sinni að konur ættu alltaf að fara í kjól og háa hæla á föstudögum.



4 Ég veit fátt betra en morgunstundir með morgunverðarklúbbnum mínum en í dag myndi ég vilja hitta hann í High Tea á Vox.

5 Í tilefni dagsins langar mig að fá mína allra nánustu vini og vandamenn í humarveislu og hvítvín, sjálf kýs ég þó frekar appelsín í gleri.









Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Þvottaþjónusta fylgir. Leigist reglusömum & skilvísum karlmanni í fastri vinnu. Uppl. í s. 557 2183.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

**Til leigu - laus strax**
Herbergi til leigu á frábærum stað í bænum, afnot af fallegu eldhúsi, 2 baðherb. og þvottavél, nettenging. Er laus strax, uppl í s. 863 3328 & 846 0408. Arnar.

130 fm íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 894 0022 & 553 0022.

195 fm. einbýlishús ásamt 50 fm. bílskúr til leigu í Seljahverfinu. Laust fljótlega. Upplýsingar í síma 694-2544 Guðlaug.

Til leigu er 3 herbergja 86.fm íbúð á rólegum stað í Gullsmára í Kópavogi. íbúðinn er á jarðhæð og er vel rúmgóður pallur með henni.íbúðinn leigist á 135.000 kr og + rafmagn. Íbúðin er laus. A.t.h íbúðinn er reyklaus og gæludýr bönnuð. Frekari uppl í síma 692 8188.

100 fm 3-4 herb. íbúð í atvinnuh. á Bildshöfða. Leiga 130 þús. Laus strax. S. 699 0059.

## Húsnæði óskast

**Heimili óskast**
**Saga Film óskar eftir heimilum til nota við upptöku á sjónvarpsþáttunum Rétti. Allt frá litlum íbúðum upp í stór einbýlishús. Fyrir sanngjarna greiðslu. Nánari upplýsingar í s. 822 2504, eða sveinnvidar@hive.is**

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu í Rvk. Greiðslug. 60-70þ. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið. Uppl. www.hallur53@visir.is

Lítil fjölskylda óskar eftir 3-4h. íbúð í Mosó sem fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. S. 896 0774.

Óska eftir íbúð ekki minni en 3ja herb. S. 860 3948.

## Húsnæði til sölu

For sale apartment in Njardvik 77m², 3.floor, price 14,6.More information by gsm 8451434

## Fasteignir

Einstaklingsíbúð í Vesturbergi , 111 RVK, laus strax. Stutt í bæði skóla, sund, strætó og aðra þjónustu. Uppl í 5571861 eða 8241861 eftir hádegi.

## Sumarbústaðir

Nýtt sumarhús í Grímsnesi, heitur pottur, hlýlegur staður og s. 893 9220

## Atvinnuhúsnæði

180 fm atvinnuhúsnæði til sölu eða leigu á Stokkseyri. Ódýr leiga. Trésmíðavélar geta fylgt með. S. 894 7261.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Er með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi - tjaldvagna - hjólhýsi - pallhýsi. S. 867 1282.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhús.is**
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH! gott verð!! Uppl, í síma 770-5144

**Sparaðu þér sporin**
Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í pósnúmeri 105 Reykjavík. Uppl í síma 824-8425

## Bílskúr

Bílskúr til leigu á sv. 104 Uppl. í s. 697 4032

Til leigu bílskúr í Hafnarfirði. Hiti og rafmagn. Ekki íbúðarhæfur. Upplýsingar í síma 864-7272.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið í Nóv-Jan. Uppl. í s. 821 0881.

Starfsmenn óskast í útivinnu,góð aðstaða á vinnustað. Uppl í síma 8970731

Vantar 4 vana línumenn á beitingarvélabát í Noregi! Eingöngu vanir og ábyrgir menn koma til greina S:00298-231605

Góð Aukavinna fyrir Framhaldsskólanema óska eftir starfskrafti í afgreiðslu, hlutastarf um helgar,hentar einkar vel með skóla íslenskukunnátta skilyrði. upplýsingar hjá Þóri í síma 7706108 eða 5442277

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Óska eftir vinnu við að gera við bíla. Uppl. í s. 897 3732.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Guðspekifélagið**
**Í kvöld, föstudaginn 6. nóvember kl. 20:30** mun Anna S. Bjarnadóttir halda erindi, sem hún nefnir: Að hlusta, í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 7. nóvember: kl. 14:00** er hugleiðing, kl. **14:30** fræðsluefni Sigvalda í umsjá Birgis Bjarnasonar. **Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30:** heldur Lilja Steingrímsdóttir, hjúkrunarfræðingur erindi sem hún nefnir: Öndunartækni eykur orku og léttir lund.
**Á fimmtudögum** kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.gudspekifelagid.is**

## Einkamál



**Konur í ævintýraleit ath!**
Rauða Torgið Stefnumót kemur þér fljótt og örugglega í sambandi við karlmennina sem þú vilt kynnast. Þú auglýsir og spjallar frítt í s. 555-4321. Karlar heyra auglýsingar kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

**Símadömur 908 1616 okkur langar að heyra í þér !**



Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem njóta þess að daðra við karlmenn í síma. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)



**Samkynhn. KK ath:**
Nú er mikið af auglýsingum samkynhneigðra karlmanna á Rauða Torginu Stefnumót, sem leita bæði skemmri og lengri kynna. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en heyrir auglýsingar annarra í s. 905-2000 og 535-9920.

Vandaður vinnuskúr á hjólum til sölu. Stærð 457 cm. x 217 cm. Topplausnir, Lyngás 18, 210 Garðabæ


**Blaðberinn bíður þín**
**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**




...góðar fréttir fyrir umhverfið


## Tilkynningar

**Kanada kallar á þig!**



**Viltu lifa og starfa í Kanada ?**
Munið kynningarfundina á laugardaginn 7.nóv. n.k. að Hótel Loftleiðum, sem hefjast kl. 10:00-16:00 á klukkustundar fresti. Komdu og kynntu þér málið.
**Allir velkomnir.**

**Uppl. Í síma 773-4800**
**Sjá: www.pic-canada.com**
**netfang: peggy@pic-canada.com**

MOSFELLSBÆR

**3 deiliskipulagstillögur:**

**Lóð Skátasambands við Hafravatn**
**Háholt 7 - Áslákur**
**Reykjavegur 36**

Mosfellsbær auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 2 tillögur að breytingum á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 26. gr. sömu laga:

**Lóð Skátasambands Reykjavíkur við Hafravatn**
Tillaga að deiliskipulagi. Skipulagssvæðið/lóðin er um 4,8 ha, liggur að Hafravatni suðaustanverðu og er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi. Á tillögunni eru sýndir byggingarreitir fyrir 8 gistiskála auk byggingarreita fyrir þjónustuhús og opið skýli, og gerð er grein fyrir aðkomu og bílastæðum.

**Háholt 7, Áslákur (endurauglýsing)**
Tillaga að breytingum á deiliskipulagi frá 2003. Breytingar felast í því að lóðin stækki úr 5.600 í 8.500 $m^2$, núverandi bygging fyrir hótel hækki um eina hæð og að austan hennar komi bygging fyrir stækkun hótels, 2 hæðir og ris með kjallara undir, sem verði að hluta bílageymsla og að hluta salarkynni hótels. Hámarksnýtingarhlutfall verði 0,6. Breyting frá áður auglýstri tillögu felst í því að fyrirhugaðar nýbyggingar lækka í landi um 2 m.

**Reykjavegur 36**
Tillaga að breytingum á deiliskipulagi frá 2005. Skv. tillögunni breytist lögun lóðarinnar og hún minnkar um 750 $m^2$, byggingarreitur stækkar og leyft nýtingarhlutfall hækkar úr 0,30 í 0,39.

Tillöguuppdrættir með greinargerðum og skipulagsskilmálum verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð, frá 6. nóvember 2009 til 18. desember 2009, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni: www.mos.is/Skipulagogumhverfi/Skipulagsmal/Skipulagsauglysingar/Umkynningu/.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar eigi síðar en 18. desember 2009. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

2. nóvember 2009,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA


**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**




**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**

**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

**www.visir.is/posthusid – sími 585 8330**

FRÉTTABLAÐIÐ



**Auglýsingasími**
**512 5050**




– Mest lesið



*Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Ari Guðmundsson**

fyrrverandi innheimtustjóri Landsímans í Reykjavík,

lést fimmtudaginn 29. október sl. á hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 9. nóvember kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| Jón Jóhannsson | Ásta Þóra Valdimarsdóttir |
| Sigríður Jóhannsdóttir | Þórarinn Þórarinsson |
| Páll Guðjónsson | Ingibjörg Flygering |
| Fanný Guðjónsdóttir | Þorsteinn Höskuldsson |
| Herjólfur Guðjónsson | Anna Kristín Fenger |

Rebekka Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigurbjörg Guðmundsdóttir (Dídí)**

Laugarnesvegi 100, Reykjavík,

lést á heimili sínu föstudaginn 23. október. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát Sigurbjargar.

| | |
|---|---|
| Svavar Þór Jóhannesson | |
| Sigrún Jóhannesdóttir | |
| Styrkár Jóhannesson | Erla Júlía Viðarsdóttir |
| Erna Ýr Styrkársdóttir | |
| Írena Líf Styrkársdóttir | |
| Heiðar Atli Styrkársson | |
| Brynjar Elí Styrkársson. | |



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þórdísar Brynjólfsdóttur (Dúllu)**

Megi minning hennar vera áfram perla í lífi okkar.

| | |
|---|---|
| Dröfn Þórarinsdóttir | Sigurður B. Friðriksson |
| Þórunn Sigríður Sigurðardóttir | Sigurður Pálsson |
| Friðrik Sigurðsson | Guðbjörg Anna Jónsdóttir |
| Þórdís Rósa Sigurðardóttir | Rósberg Óttarsson |
| Eva Dögg Sigurðardóttir | Hákon Melstað Jónsson |
| Sigurður Grétar Sigurðsson | Harpa Dögg Sigurðardóttir |
| Þórarinn Jakob Þórisson | Maren Óla Hjaltadóttir |
| Hanna Bryndís Þórisdóttir | Gunnar Eysteinsson |
| Brynjar Davíðsson | Gréta Björk Halldórsdóttir |
| Sigurður Heiðar Davíðsson | Sylvía Dögg Tómasdóttir |

og langömmubörnin stór og smá.



*Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Kristínar Friðriksdóttur**

frá Norður Hvoli í Mýrdal,

sem andaðist föstudaginn 23. október sl. á hjúkrunarheimilinu Hjallatúni í Vík fer fram frá Víkurkirkju laugardaginn 7. nóvember og hefst athöfnin kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim, sem vilja minnast hennar, er bent á Hjallatún.

| | |
|---|---|
| Bjarni Kristjánsson | Snjólaug Bruun |
| Elínborg Kristjánsdóttir | Baldur Jóhannesson |
| Ester Kristjánsdóttir | Bjarni Gestsson |
| Friðrik Kristjánsson | Auður Sigurðardóttir |
| Magnús Kristjánsson | Tordis A. Leirvik |
| Þórarinn Kristjánsson | |
| Sigríður Kristjánsdóttir | Guðmundur Antonsson |
| Sigurður Kristjánsson | Alfa V. Sigurðardóttir Hjaltalín |

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

**SALLY FIELD ER 63 ÁRA Í DAG.**

*„Ég tel það mjög sorglegt að ég hafi aldrei leyft neinum að valda mér hjartasári. Ég hef sært nokkur hjörtu sjálf.“*

***Sally Field er þekktust fyrir hlutverk sín í myndum á borð við Not Without My Daughter, Forrest Gump, Norma Rae og Places in the Heart en hún hlaut Óskarsverðlaun fyrir tvær síðastnefndu myndirnar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. NÓVEMBER 1954

## Naustið opnað

Veitingahúsið Naustið var opnað í Reykjavík þennan dag árið 1954. Naustið var ávallt þekkt fyrir sérstakar innréttingar en Sveinn Kjarval innanhúsarkitekt var fenginn til að hanna útlit Naustsins. Borðsalurinn átti að líkjast borðsal í gömlu skipi. Súlurnar voru gömul möstur og ýmsum munum, eins og veiðarfærum og nafnskiltum, var safnað við sjávarsíðuna.



**NAUSTIÐ**

Naustið var fyrst veitingahúsa til að bjóða upp á þorramat á þorranum. Í raun var orðið þorramatur ekki til í málinu fyrr en Naustið tók það upp.

Naustið var selt árið 2006 og húsnæðinu var breytt í kínverskan veitingastað. Sá lifði þó ekki lengi og engin starfsemi er í húsinu í dag.

**ÍSLENSK GRAFÍK:** HELDUR UPP Á 40 ÁRA AFMÆLI MEÐ SÝNINGUM

# Félagið hefur vaxið og dafnað

Félagið Íslensk Grafík opnar á morgun klukkan 16 sýninguna Íslensk Grafík 40 ára í Norræna húsinu. Á sýningunni sýnir meirihluti félagsins, eða rúmlega fjörutíu manns, verk eftir sig. Þar má sjá hefðbundna grafík á pappír en einnig framsækna nútímavædda þrykktækni með nýjum útfærslum og framsetningu. Megintilgangur sýningarinnar er að gefa mynd af því sem er í deiglunni í íslenskri grafík í dag.

Gunnhildur Þórðardóttir er í sýningarnefnd og var beðin um að segja aðeins frá sögu Íslenskrar Grafíkur en sýningin er sett upp í tilefni af 40 ára afmæli félagsins. „Íslensk Grafík, eða Grafíkfélagið, var upphaflega stofnuð árið 1954 og voru upphafsmennirnir Kjartan Guðjónsson, Jón Engilbert, Hafsteinn Guðmundsson, Benedikt Gunnarsson og fleiri myndlistarmenn. Síðan lagðist félagið niður þar sem lítil aðstaða var fyrir listgrafík á landinu,“ lýsir Gunnhildur. „Félagið var síðan endurvakið í núverandi mynd árið 1969 og aðalhvatamaður að því var Einar Hákonarson myndlistarmaður,“ segir hún og bendir á að afmælið sé miðað við það ár.



**ÍSLENSK GRAFÍK 40 ÁRA** Gunnhildur Þórðardóttir, Soffía Sæmundsdóttir og S. Anna E. Nikulásdóttir voru í óða önn að setja upp sýninguna í Norræna húsinu í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún segir félagið hafa vaxið og dafnað á þessum fjörutíu árum. „Við höfum alltaf fylgt prenttækninni sem hefur auðvitað breyst mikið í gegnum árin en á sýningunni má einmitt sjá þá fjölbreytni sem er í starfi félagsmanna okkar,“ segir Gunnhildur en Grafíkfélagið hefur gert ýmislegt á afmælisárinu. „Við tókum meðal annars þátt í safnanótt að venju. Á Listahátíð vorum við með gjörning og yfirlitssýningu á verkum Kjartans Guðjónssonar. Við vorum með sýningu á Menningarnótt og héldum málþing í Þjóðminjasafninu nýlega,“ telur hún upp. Sýningin í Norræna húsinu markar hápunkt afmælisársins en hún deilir þeim heiðri þó einnig með annarri sýningu sem opnuð verður í sal félagsins í Hafnarhúsinu 12. nóvember. Nokkrar uppákomur hafa verið skipulagðar samhliða sýningunni Íslensk Grafík 40 ára í Norræna húsinu. Fræðast má nánar um þá dagskrá á vef félagsins www.islenskgrafik.is.

**solveig@frettabladid.is**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnars Jakobssonar**

Lerkilundi 18, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

Guðrún Helgadóttir,
Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns, föður, afa og langafa,*

**Björgvins S. Sighvatssonar**

fyrrv. skólastjóra á Ísafirði.

Einnig færum við þakkir starfsfólki Landspítalans við Hringbraut sem annaðist hans í veikindum hans.

Jóhanna Sæmundsdóttir
Sighvatur, Elín, Björgvin, Rúnar, Bryndís og fjölskyldur.



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingunn Tryggvadóttir**

Efstasundi 63, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi 4. nóvember sl. Útförin verður auglýst síðar.

Hörður Lárusson

| | |
|---|---|
| Unnur Harðardóttir | Jón Eiríksson |
| Lárus Harðarson | Tina Hardarson |
| Tryggvi Harðarson | Harpa Jónsdóttir |
| Anna Guðrún Harðardóttir | Hallgrímur Guðmundsson |
| Hafdís Harðardóttir | Jóhann Jónsson |

barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórmundur Þórmundsson**

Fossvegi 10, Selfossi,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands 4. nóvember. Útförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Unnur Jónsdóttir | |
| Vilborg Þórmundsdóttir | Benedikt Benediktsson |
| Margrét Þórmundsdóttir | Sveinn Guðmundsson |
| Þórunn Þórmundsdóttir | Gísli Steindórsson |
| Jóhann Þórmundsson | Sigríður Möller |

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.


LAGERSALA
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
JÓLAPOKAR
LAGERVERÐ FRÁ:
99
MYNDA ALBÚM
SJÁÐU
NOKKUR DÆMI
PÚSLUSPIL
LAGERVERÐ FRÁ:
299
JÓLAPAPPÍR
LAGERVERÐ FRÁ:
49
PAKKASKRAUT
LAGERVERÐ FRÁ:
50
TUSKUDÝR
LAGERVERÐ FRÁ:
199
JÓLASVEINAR, ÓDÝRT DÓT Í SKÓINN
RIT FÖNG
FÖNDUR VARA
OPIÐ
VIRKA DAGA 10-18
LAUGARDAG 11-17
SUNNUDAG 12-17
ALLTAF ÓDÝRARI
GRIFFILL
SKEIFUNNI 11
MEÐ FYRIRVARA UM MYNDABRENGL, INNSLÁTTAR VILLUR OG GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI




## BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009.
Í viku 40 var hlustun á Bylgjuna, Létt Bylgjuna og Gull Bylgjuna 52%.
Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




# Athvarf

**BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur**

Heima hjá mér er herbergi með drasli. Það er pínulítið, innan við sex fermetrar, frekar hátt til lofts en þröngt til veggja og hefur örugglega í upphafi átt að vera búr enda við hliðina á eldhúsinu. Herbergið er lítið að utan en miklu stærra að innan, eins og slíkra vistarvera er siður.



**ÞEGAR** við keyptum íbúðina okkar fyrir fjórum árum var þessu herbergi ætlað mikið hlutverk. Það átti að verða skrifstofa sem síðan breyttist ef til vill í barnaherbergi. Fyrsta hlutverk þess átti samt að vera athvarf fyrir húsbóndann.

**ÞAÐ** vill gerast þegar fólk flytur saman að annar aðilinn á meira dót. Í blönduðu kynjasambandi er það oftast konan. Hún byrjaði kannski að safna sér í búið um fermingu og hver hlutur var valinn af kostgæfni í samhengi við annan. Dótið hans er hins vegar oft sitt úr hverri áttinni, stóllinn hennar langömmu, lampinn sem síðustu leigjendur skildu eftir, stórar og veglegar afrískar styttur sem passa einhvern veginn ekki inn í sænsku sveitalínuna sem hún hefur verið að draga árum saman.

**ÞÁ** er athvarf góð lausn. Herbergi þar sem má hengja upp gömlu Iron Maiden og Hómer Simpson plakötin, hafa hnattlíkanið og spliffið, donkið og gengjuna sem gárungarnir gáfu honum einhvern tíma í jólagjöf. Að ógleymdum metraháum afrískum stríðsmönnum. Þar ætti líka að vera tölva til að spila Football Manager, vínylplötuspilari með stórum heyrnartólum og bækurnar um seinni heimsstyrjöldina.

**SUMUM** finnst eins herbergis athvarf ekki nóg og koma sér upp heilsársathvörfum úti á landi. Þá bætast í safnið veiðistangir og vöðlur, golfsett, snjósleðar og uppstoppuð bráð, billjardborð og gufubað. Og ef bústaðurinn verður of lítill þarf bara að rífa hann og byggja stærri. Sem þú gerir náttúrlega ekki við lítið herbergi.

**EINS** og áður sagði endaði athvarfið heima hjá mér sem geymsla, full af drasli. Smám saman tíndist meira og meira dót þar inn sem enginn vissi almennilega hvar ætti annars staðar að vera og áður en varði var ekki lengur hægt að setjast þar niður, hvað þá lesa bók eða hlusta á plötur. Sem betur fer gátum við samt ekki rifið athvarfið okkar og stækkað það.

**ÞAÐ** er nefnilega miklu erfiðara að taka til eftir svoleiðis framkvæmdir. Sérstaklega þegar þyrlunnar nýtur ekki lengur við.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 30-50 % afsláttur
## af vinsælum bókum




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Bókatíðindaverð 5.690,-

Lýsir í myrkri




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.130
Bókatíðindaverð 3.290,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Bókatíðindaverð 5.960,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Bókatíðindaverð 5.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Bókatíðindaverð 5.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.880
Bókatíðindaverð 5.980,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Bókatíðindaverð 5.680,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Bókatíðindaverð 5.680,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 4.540
Bókatíðindaverð 6.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Bókatíðindaverð 5.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.580
Bókatíðindaverð 3.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.430
Bókatíðindaverð 5.290,-




50%* afsláttur
TILBOÐ 1.499
Alm. verð 2.999,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.690
Bókatíðindaverð 5.690,-

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.

Gildir 6.-8. nóvember

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**! ath. Austfirðingar**

*Á sunnudag er í boði sýning með tónleikum í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði. Þar eru á ferð feðginin Peter Behrens sem sýnir myndskreytingar sínar við Hrafnkelssögu og á tónleikunum flytur Hildur, dóttir hans, einsöngsperlur við undirleik Hrefnu Eggertsdóttur. Sýning og tónleikar hefjast kl. 16 á sunnudag.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Umbreyting flutt ytra

Bernd Ogrodnik brúðuleikari er nú farinn í útrás til að svara kalli stjórnvalda um að færa heim dýrmætan gjaldeyri. Bernd er fullbókaður vestra í einar átta vikur, þar sem hann sýnir tvær til þrjár sýningar á dag, bæði í leikhúsum og í skólum um alla vesturströnd Kanada. Síðustu tvær vikur hefur hann verið að sýna í Michael Jay Fox-leikhúsinu í Vancouver, fyrir um 600 börn á hverri sýningu, og viðtökurnar hafa verið hreint frábærar.

Bernd ferðast með valda þætti úr sýningu sinni Umbreytingu – ljóð á hreyfingu, sem hann frumsýndi í Þjóðleikhúsinu við mikið lof en hann var síðast með hana á erlendri grund í febrúar síðastliðnum, þar sem hann sýndi nokkrar sýningar í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn.

Von er á Bernd aftur til hins ylhýra í byrjun desember en þá byrja sýningar á jólaleikritinu um Pönnukökuna hennar Grýlu og eru allar sýningar uppbókaðar fram að jólum. Pönnukakan verður sýnd meðal annars í Landnámssetrinu í Borgarnesi um helgar og um að gera að sækja sér smá jólastemningu til þeirra í Landnámssetri. **- pbb**



**LEIKLIST** Bernd Ogrodnik brúðumeistari fer víða með sýningar sínar.

**> Ekki missa af**

tónleikum Eddu Erlendsdóttur í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík á morgun, laugardaginn 7. nóvember kl. 15.

# Erna meðal andfætlinga

Hinum megin á hnettinum hefur Erna Ómarsdóttir, dansari og danshöfundur, verið að vinna við danssmíði og frumsköpun. Það hefur hún gert í samstarfi við Damien Jalet og tókst svo til að þau sömdu og sýndu nýtt verk, Black Marrow, Svartamerg, þann 20. október á hinni virtu og öldnu listahátíð í Melbourne. Var verkið á dagskrá hátíðarinnar og fékk það stórgóðar viðtökur. Uppselt var á allar sex sýningarnar í 500 manna sal Malthouse Theater.

Svartimergur var samið fyrir sex dansara Chunky Move, sem er einn einn helsti danshópur Melbourne. Tónlistin er eftir Ben Frost og leikmynd og búningar eftir Alexöndru Mein. Í einu stærsta dagblaði Ástralíu, The Australian, segir meðal annars um sýninguna: „Verkið er sannfærandi og verulega frumlegt dansleikhús sem kannar frumeðlið innan okkar sameiginlegu minninga, helgisiða og líffræði. Átakanlegt og huggandi á sama tíma, lýsir verkið hinu erfiða samlífi jarðar og mannskepnunnar … Hin hugvitsama kóreógrafía er framkvæmd af fullkomnun og hljóð- og leikmynd hjálpa til við að draga fram hinar tilfinningalegu sveiflur og undirliggjandi leyndardóma verksins,“ segir Eamonn Kelly í Ástralanum. **- pbb**



**LISTDANS** Úr nýju verki Ernu Ómarsdóttur sem húnn vann fyrir Chunky Move, einn helsta listdansflokk Ástralíu.
MYND/MELBOURNE ARTS FESTIVAL








**DANSLEIKHÚS** Steinunn Ketilsdóttir og Brian Gerke.

# ÞRÍLEIKUR UM ÁST OG ÓGN

**Nú um helgina verður dansparið og höfundarnir Steinunn Ketilsdóttir og Brian Gerke með sýningu í Hafnarfjarðarleikhúsinu: „Crazy Love Butter“ kalla þau dagskrá sem verður samsett af þremur dönsum sem þau hafa unnið saman og sýnt víða um álfur. Sýningin verður flutt í tvígang, laugardags- og sunnudagskvöld kl. 20.**

Dúettarnir eru þríleikur um ástina sem samanstendur af dansverkunum „Crazy in Love with MR.PERFECT“, „Love Always, Debbie and Susan“ og „The Butterface“. Verkin eiga það sameiginlegt að fjalla um ástina á einn eða annan hátt. Steinunn og Brian semja og flytja öll verkin.

Fyrsta verkið „Crazy in Love with MR.PERFECT“ var frumsýnt á Reykjavík Dance Festival árið 2007 og voru þau tilnefnd til Grímunnar fyrir það. Annað verkið þeirra „Love Always, Debbie and Susan“ var frumsýnt á danshöfundakeppninni Danssolutions í Kaupmannahöfn 2008 og hlaut þar fyrstu verðlaun. Bæði verkin voru einnig valin í lokahóp Aerowavesþátttakenda sem er eitt stærsta net danshátíða í Evrópu. Þriðja verkið „The Butterface“ var framleitt af Dancescenen-leikhúsinu í Kaupmannahöfn og frumsýnt í febrúar á þessu ári. Hlaut það góðar viðtökur þar ytra en hefur enn ekki verið sýnt hér á landi og er því um Íslandsfrumsýningu að ræða.

Danshöfundarnir Steinunn Ketilsdóttir og Brian Gerke eru bæði búsett hér á landi og starfa við danskennslu og listsköpun. Þau hafa skapað sér nafn sem danslistamenn og verið verðugir fulltrúar íslenskrar danslistar á erlendri grundu síðastliðin tvö ár. Hófu þau samvinnu sína í Hunter College í New York árið 2004 þar sem þau voru bæði við nám og hafa unnið saman síðan að hinum ýmsu verkefnum. Listrænt samstarf þeirra hófst árið 2007. Síðan þá hafa dansverk þeirra fengið góðar viðtökur á 54 sýningum í 18 erlendum borgum auk sýninga hér á landi. Þau hafa skapað sér nafn fyrir snjalla blöndu af dansi og leikhúsi og hlotið góða dóma í erlendum blöðum. Verkum þeirra hefur verið lýst sem sönnum, áköfum, fallegum, dimmum, djörfum, furðulegum og fyndnum. Þau hafa sýnt hæfileika til að finna dýpt í aðstæðum sem virðast við fyrstu sýn léttvægar og jafnvel hversdagslegar. Leit þeirra að tilfinningalega þrungnum undirtóni sem falinn er í daglegum aðstæðum hefur aðgreint þau frá jafningjum sínum og gert þau að danspari sem spennandi er að fylgjast með.

Eins og áður sagði hefjast sýningarnar í Hafnarfjarðarleikhúsinu kl. 20 og lofa þau Steinunn og Brian góðu partíi með dansi, dj og skemmtun. Hægt er að panta miða í síma 555-2222 og einnig á midi.is.

**pbb@frettabladid.is**

# Stórbrotin leikhúsveisla!

★★★★½

GB, Mbl



**„Allt er svo satt og rétt í þessari túlkun... Stjörnurnar skína á Stóra sviði Borgarleikhússins.“**
GB, Mbl 3/11

**„Sigur leikstjórans Hilmis Snæs sem fær þetta til að virka svona skínandi vel.“**
JVJ, DV 2/11

**„Stjörnuleikur sem endar með flugeldasýningu.“**
BS, pressan.is 1/11

**„Eitt besta leikrit síðustu ára... afar kröftug sýning.“**
LL, RUV 31/10

**„Unnin af mikilli og aðdáunarverðri fagmennsku.“**
MK, eyjan.is 1/11

# FJÖLSKYLDAN

*(ágúst í Osage-sýslu)*

Pulitzer verðlaun
**Besta leikrit ársins 2008**
Tony verðlaun
**Besta leikrit ársins 2008**
Drama Desk verðlaun
**Besta leikrit ársins 2008**

## AUKASÝNINGAR
## Vegna gríðarlegrar eftirspurnar
## Miðasalan er í fullum gangi!

| | | | | Nýjar aukasýningar | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 6/11 kl. 19 | UPPSELT | Sun 22/11 kl. 19 | UPPSELT | Mið 25/11 kl. 19 | Aukasýning |
| Sun 8/11 kl. 19 | UPPSELT | Fim 26/11 kl. 19 | UPPSELT | Fim 3/12 kl. 19 | Aukasýning |
| Fim 12/11 kl. 19 | UPPSELT | Fös 27/11 kl. 19 | UPPSELT | Sun 6/12 kl. 19 | Örfá sæti |
| Fös 13/11 kl. 19 | UPPSELT | Sun 29/11 kl. 19 | UPPSELT | Fim 10/12 kl. 19 | Aukasýning |
| Sun 15/11 kl.19 | UPPSELT | Lau 5/12 kl. 19 | UPPSELT | Sun 13/12 kl. 19 | Örfá sæti |
| Mið 18/11 kl. 19 | UPPSELT | Fös 11/12 kl. 19 | UPPSELT | Fös 18/12 kl. 19 | Aukasýning |
| Fös 20/11 kl. 19 | UPPSELT | Mið 30/12 kl. 19 | Örfá sæti | Lau 19/12 kl. 19 | Örfá sæti |

Sýningin er þrír þættir, hver 1 klst. að lengd. Hlé er eftir 1. og 2. þátt.

**Njóttu leikhúsveislunnar til fulls og fáðu þér lystauka í hléi**

Glæsilegir smurbrauðsplattar fyrir tvo eða fleiri frá **2.490 kr.**
Pantaðu fyrir sýningu og þín bíður ljúffengur lystauki í hléi.

Miðasala í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið






# Hjólin hans Óla duga vel

Bókmenntir ★★★★

**Fuglalíf á Framnesvegi**
Ólafur Haukur Símonarson


ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON RITHÖFUNDUR

Út er komið áframhald á lífsferli Ólafs Hauks Símonarsonar skálds eins og hann kýs að tilreiða það fyrir okkur lesendur hans og aðdáendur. Nú er píslin hans Óla flutt frá Jófríðarstöðum við Kaplaskjólsveg í hús sem afi hans hefur keypt fyrir fjölskylduna á Framnesvegi. Ókunnugum kann að þykja þetta lítið efnisatriði, að fara norður fyrir Hringbraut, en þar skildi í milli: norðanmegin var gamli vesturbærinn, sunnanvið var hin marglita byggð nýbygginga mela og haga, skjólin, kamparnir og Grímsstaðaholtið. Hafandi átt minningaskjól á þessum slóðum lungann úr ævinni gleðst maður yfir að einhver ráfi í minningum á pappír um þessar slóðir.

Ólafur les sig áfram eftir grein, þýtur gegnum skóg minninganna eins og Tarsan á ferð og flugi: situr raunar lengi framanaf í skjóli móður sinnar og afa meðan faðirinn gengur inn og út eins og vermanna er háttur. Skemmtigildi verksins er falið í samskiptum hins státna stráks, það er svolítill gorgeir í drengnum en hann er fæddur í heim þar sem menn verða að bjarga sér, bæði í strákagerinu á götunni, í skólanum og svo í vinnunni: þetta er á þeim tíma í sögu lýðveldisins þegar frelsi barna fólst meðal annars í því að vinna og fara frjálst um byggðina og óbyggðir í kring: hvorugt veitist þeim nú, það frelsi er frá þeim tekið.

Fuglalífið er nokkuð sjálfhverf frásögn. Hann er ekki mikill í eftirtekt sögumaðurinn, fer ekki í huganum hús úr húsi til að tína til þau merkilegu smáminni sem gleymast svo oft í geymslunni en bíða á hillunni. Nokkur þeirra rífur hann út en gefur þeim sjaldnast rými: hvað varð um Dalla rauða? Hver var hans heimur utanvið völlinn? Var rygti hans meira, hvar var hans púsl í hinni stóru mynd, bara þetta brot í hinni stóru myndgátu?

Það er semsagt lítill egóisti sem er að segja sína sögu þótt inn í frásögnina þvælist aukapersónur, En þetta er skemmtileg frásögn, með nokkrum sterkum og smekklega dregnum dráttum, smágerðu drama, miklum örlögum eins og lýsingu á afanum í Eyjum, kurteislegri kvensemi og bjartri náttúru drengsins yfir stömpunum í þvottahúsinu. Ólafur er leiftrandi höfundur þegar hann er bestur. Hann temur sér snarpt en nokkuð stuttaralegt frásagnarsnið, málar ekki mikið og forðast útleggingar. Það er heiður himinn yfir frásögninni allri, væntumþykja og ekkert væl.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Falleg og frískleg endurminningabók sem hefði mátt vera ítarlegri og meiri að vöxtum.

# Nýir söngvarar í Drykknum

Þau Þóra Einarsdóttir og Gissur Páll Gissurarson verða í aðalhlutverkum í Ástardrykknum á sýningunni næstkomandi sunnudag, 8. nóvember. Syngja þau þá hlutverk Adinu og Nemorinos, eins og ráðgert hefur verið frá upphafi. Á sýningunni á morgun, 7. nóvember, syngja hins vegar Dísella Lárusdóttir og Garðar Thór Cortes aðalhlutverkin, og föstudaginn 13. nóvember verður enn ný útfærsla í hlutverkaskipaninni, því þá syngur Þóra aftur hlutverk Adinu en Garðar Thór syngur hlutverk Nemorinos. Í öðrum hlutverkum í öllum sýningum eru þau Bjarni Thor Kristinsson, Ágúst Ólafsson og Hallveig Rúnarsdóttir.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir miðum á Ástardrykkinn og er það mikið ánægjuefni – enda er hér um glæsilega og stórskemmtilega sýningu að ræða. Uppselt er á allar þær átta sýningar sem upphaflega voru ráðgerðar á Ástardrykknum, auk einnar aukasýningar sem seldist upp á innan við viku. Eru því tvær nýjar aukasýningar komnar í sölu og verða þær föstudagskvöldið 27. nóvember og sunnudagskvöldið 29. nóvember kl. 20. Hlutverk Adinu og Nemorino á sýningunum syngja þau Dísella Lárusdóttir og Garðar Thór Cortes. **- pbb**


**LEIKLIST** Þóra og Gissur komin í gervin sín í Ástardrykknum sem þau syngja á sunnudag. MYND/ÍSLENSKA ÓPERAN
















## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 6. nóvember 2009**

### ➜ Tónleikar

**16.00** Nemendur **Tónlistarskólans á Akureyri** spila á tónleikum í **Eymundsson** við Hafnarstræti á Akueryri.

**21.30** Ljótu hálfvitarnir og Hvanndalsbræður verða með tónleika á Nasa við Austurvöll.

**21.30** **Hundur í óskilum** verður með tónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 20.30.

**21.00** Tónleikar **Sinfóníuhljómsveit Íslands „Heyrðu mig nú!“** sem eru sérstaklega ætlaðir ungu fólki og öllum aldri, fara fram í **Háskólabíói** við Hagatorg. Flutt verður verkið Eldfuglinn eftir Stravinskíj. DJ Þorbjörn spilar að loknum tónleikum.

### ➜ Opnanir

**14.00** **Gussi** (Gunnar G. Gunnarsson) opnar myndlistasýningu á vinnustofu sinni á 3ju hæð í **Menningarmiðstöðinni Hólmaröst** við Hafnargötu 9 á Stokkseyri. Opið næstu þrjár helgar kl. 14-18.

**17.00** Brynhildur Þórðardóttir opnar sýninguna „Áferðir 1“ hjá Café Loka við Lokastíg 28.

### ➜ Leikrit

**21.00** **Möguleikhúsið** sýnir einleikinn **Aðventu**, sem byggir á samnefndri sögu Gunnars Gunnarssonar í **Félagsheimilinu Végarði** í Fljótsdal.

### ➜ Brúðuleikhús

**Helga Arnalds** flytur **Sólarsögu**, brúðuleiksýningu fyrir fyrir börn á aldrinum 2-6 ára í bókasöfnum Kópavogs í dag. Sýningin tekur um 40 mín. Enginn aðgangseyrir.



**13.00** Sýning í Lindarsafni við Núpalind 7.

**15.00** Sýning í Aðalsafni við Hamraborg 6a.

### ➜ Sýningar

Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu 15 (6. hæð) hefur verið opnuð sýning á ljósmyndum **André Kertész**. Opið alla virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

**Sólveig Edda Vilhjálmsdóttir** hefur opnað sýninguna **„Hrafnaþytur“** í sýningarsalnum **Hurðir** við Laugaveg 170 (3. hæð). Opið alla daga kl. 9-17.

### ➜ Listahátíð

**Unglist**, listahátíð ungs fólks 11.-14. nóvember. Nánari upplýsingar á www.hitthusid.is.

**13.00** **Myndlistarmaraþoni** hleypt af stokkunum. Afhent verða gögn og reglur um þátttöku í upplýsingamiðstöð Hins hússins.

**15.00** **Birta Rán Björgvinsdóttir** opnar ljósmyndasýningu hjá Hinu húsinu.

**20.00** Tónleikar í kjallara Hins hússins. Fram koma **Nóra**, **Ljósvaki**, **Bróðir Svartúlfs** og **Ramses**.

### ➜ Dansleikir

**Klaufar** verða á **Players** við Bæjarlind í Kópavogi.

**Geir Ólafsson** og **Furstarnir** verða á **Kringlukránni**, Kringlunni. Einnig koma fram **Ólafur Gaukur**, **Svanhildur Jakobsdóttir**, **André Bachmann**, **Egill Ólafsson** og **Páll Rósinkrans**.

**Boogienights** verða á skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

### ➜ Málþing

**10.00** Málþing undir yfirskriftinni **„Þjóðkirkja verður til - 100 ár frá almennri prestastefnu“** verður haldið í kapellu **Háskóla Íslands**, aðalbyggingu við Sæmundargötu. Allir velkomnir.

### ➜ Fyrirlestrar

**15.15** **Jón Ólafsson** prófessor við Háskólann á Bifröst, flytur erindið **„Siðfræði og samfélag: Afleiðingar umburðalyndis“**. Fyrirlesturinn fer fram í **Þjóðarbókhlöðunni** við Arngrímsgötu.

### ➜ Fræðslufundir

**14.00** **Haraldur Briem** sóttvarnalæknir flytur erindi og svarar fyrirspurnum um svínaflensuna og bólusetningu gegn henni í húsnæði **Félags eldri borgara í Reykjavík** við Stangarhyl 4. Allir velkomnir.



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Skáldin okkar

Ævisaga Jóns Leifs - örlagasaga frumkvöðuls

## Jón Leifs - líf í tónum

Tónskáldið Jón Leifs er ótvírætt einn umdeildasti listamaður Íslendinga á 20. öld og meðal okkar merkustu frumkvöðla á tónlistarsviðinu. Einkalíf hans var líka stormasamt - hann elskaði mikið en sveik að lokum þá sem unni honum mest og missti sjálfur það sem honum var kærast. Vönduð og spennandi ævisaga eftir tónlistarfræðinginn Árna Heimi Ingólfsson.



Árni Heimir Ingólfsson

„Tímamótaverk...Árni getur verið afar ánægður með sitt verk sem hlýtur að teljast eitt það merkilegasta sem komið er út á þessu ári... Ítarleg og vönduð ævisaga um jöfur í íslenskri tónsköpun.“

***** *Páll Baldvin Baldvinsson/ Fréttablaðið*

„Hreint út sagt frábær bók... Ef ég væri að deila út stjörnum þá myndi ég gefa henni fullt hús og jafnvel, að stórhuga hætti Jóns Leifs, taka kúlulán fyrir aukastjörnu...“

*Helgi Jónsson /Víðsjá*

„Jón Leifs hefur fengið þá umfjöllun sem hann verðskuldar.“

***** *Jón Viðar Jónsson / DV*




**4.890 kr.**
~~6.990 kr.~~




Tilboð gilda frá 5. - 8. nóvember

Ný bók eftir Óskar Guðmundsson

## Þekkir þú Snorra Sturluson?

Snorri Sturluson setti meira mark á Íslandssöguna og menningarsögu Vestur-Evrópu en flestir aðrir einstaklingar. Ævisaga hans sætir því miklum tíðindum. Hér er sögð saga mikilhæfs manns sem þurfti að kljást við konunga í útlöndum, höfðingja heima fyrir, börn sín og breyskleika.



Óskar Guðmundsson

Óskar Guðmundsson hefur hér bundið í frásögn örlagasögu sem margir kannast við en fáir þekkja til hlítar. Sagt er frá vígamönnum og vopnaskaki, hefðarfólki og alþýðu, guðsmönnum og gróðapungum, konungum og kotungum.

Óskar starfaði um árabil sem blaðamaður og ritstjóri á ýmsum miðlum en hefur í hálfan annan áratug unnið sem sjálfstætt starfandi fræðimaður og komið að útgáfu fjölda verka sem ritstjóri og höfundur.

„...saga Snorra sögð á mannamáli. Snorri er væntanlega frægasti íslendingur allra tíma.“ *DV*

**4.890 kr.**
~~6.990 kr.~~

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

## > ERFITT AÐ GRENNAST

Ofurfyrirsætan **Heidi Klum** segist eiga erfitt með að losna við aukakílóin sem hún bætti á sig þegar hún gekk með dóttur sína Lou. Dóttirin fæddist fyrir þremur vikum og Klum er með böggum hildar yfir því að vera ekki búin að ná öllu af sér. „Þetta er erfiðara nú með fjórða barnið en með hin. Ég er líka orðin 36,“ segir hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Farfuglar á fæðingarslóðum Davíðs

„Davíð Oddsson ólst þarna upp til átta ára aldurs. Hann er meira að segja fæddur í húsinu,“ segir athafnamaðurinn Valdimar Árnason.

Valdimar vinnur nú að því að breyta hinum sögufrægu Ljósheimum á Selfossi í farfuglaheimili. Húsið hefur staðið autt í tvö ár, en héraðsfréttablaðið Dagskráin sagði frá áformum Valdimars í gær. Dvalarheimili aldraðra var síðast í húsinu, en það var á sínum tíma byggt yfir héraðslækninn Lúðvík Norðdal, afa Davíðs Oddssonar, sem rak læknastofu í kjallaranum.

„Það er gríðarlegur og mjög vaxandi iðnaður hér á Selfossi,“ segir Valdimar spurður um ferðamannastrauminn í gegnum bæinn. „Það er ekkert farfuglaheimili hér í kring, nema á Eyrarbakka. Þar er Anna Sigríður, systir mín, með farfuglaheimili.“

Valdimar hyggst safna sögum fólksins sem eyddi ævikvöldinu í húsinu og hengja á veggi farfuglaheimilisins ásamt myndum. „Ég ætla að hafa sögurnar bæði á íslensku og ensku. Það verður gaman fyrir ferðamennina að sjá gömul skrítin andlit og lesa góða sögu fyrir neðan,“ segir hann. „Við ætlum að reyna að halda í þessi gömlu sögulegu gildi.“

Farfuglaheimilið tengist Hostelkeðjunni í Reykjavík og opnar 1. maí á næsta ári. 25 tveggja manna herbergi verða í boði ásamt svefnpokaplássi fyrir 30 manns og að sjálfsögðu morgunmatur fyrir gestina. - afb



**SÖGUSLÓÐIR** Valdimar hyggst halda í gömlu sögulegu gildin. MYND/MHH



**ÆTLI HANN PANTI GISTINGU?** Davíð Oddsson fæddist í húsinu sem Valdimar breytir nú í farfuglaheimili.

# Duplex haldin í fyrsta sinn

**DAGSKRÁIN:**

**SÓDÓMA**
22.30 - Nolo
23.30 - Snorri Helgason
01.00 - Retro Stefson

**BATTERÍ**
23.00 - DJ Musician
00.00 - Sykur ásamt gestum
01.30 - XXX Rottweiler



**SYKUR** Hljómsveitin Sykur er á meðal þeirra sem spila á Duplex á laugardaginn. MYND/HÖRÐUR

Tónleikaserían Duplex verður haldin í fyrsta sinn á Sódómu og Batteríinu á laugardaginn. Þar koma fram Retro Stefson, XXX Rottweiler, Sykur, Snorri Helgason, Nolo og DJ Musician.

„Hugmyndin spratt upp af annarri hátíð, Innipúkanum, sem var líka á Sódómu og Batteríinu,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, einn af skipuleggjendunum. „Þarna getur fólk labbað á milli staða enda er dagskránni raðað þannig að þú getur til dæmis byrjað á Sódómu og farið síðan yfir á Batteríið.“

Duplex verður haldin fyrsta laugardagskvöld hvers mánaðar og boðið verður upp á margt af því forvitnilegasta sem er að gerast í íslenskri tónlist. „Ég held að þetta ætti að verða skemmtileg viðbót í tónlistarlífið,“ segir Steinþór, sem kom einnig að skipulagningu tónleikaraðarinnar Réttir í haust. „Þetta er mun einfaldara og ekkert eins og Réttir eða Airwaves, enda er þetta bara eitt kvöld á tveimur stöðum.“ Miðaverð er 1.000 kr og gildir miðinn, eða öllu heldur armbandið, á báða staðina. -fb



**TASKAN OG SKÓRNIR** Anita var í skóm sem vöktu mikla athygli á góðgerðarsamkomu í Beverly Hills nýverið. Þá þótti veskið augljóslega smart. NORDICPHOTOS/GETTY


# Virkjum fjölbreyttari mannauð

**The Capacity to Avoid Incapacity**

## Norræn ráðstefna

Hilton Reykjavik Nordica hótel
9. og 10. nóvember 2009.

Öllu fólki er mikilvægt að vera virkir þátttakendur í verðmætasköpun í samfélaginu. Á ráðstefnunni „Virkjum fjölbreyttari mannauð“ fjallar fagfólk á sviði endurhæfingar frá öllum Norðurlöndunum um leiðir til að virkja fólk á ný sem staðið hefur utan vinnumarkaðarins vegna sjúkdóma, slysa eða langtímaatvinnuleysis.

Rætt verður um aðstæður á íslenskum vinnumarkaði í ljósi kreppunnar, kynnt ný skýrsla um þróun atvinnuástands á síðustu árum hjá ríkjum OECD og fjallað um nýsköpun á sviði starfsendurhæfingar. Sjónum verður sérstaklega beint að ungu fólki.

Ráðstefnugestir geta tekið þátt í málstofum um starfsendurhæfingu, atvinnumál ungs fólks, langtímaatvinnuleysi og nýja aðferðafræði til að efla virkni atvinnulausra.

Ráðstefnan stendur kl. 17.30–19.30 mánudaginn 9. nóvember og kl. 9.00–16.30 þriðjudaginn 10. nóvember.

Ráðstefnan fer fram á ensku. Hún er öllum opin eins lengi og húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis.

*Skráning á: http://yourhost.is/arbejde-til-alle-2009*
*Dagskrá er birt á: http://www.felagsmalaraduneyti.is/radstefnur/*



norden Nordisk Ministerråd
VIRK
VINNUMÁLA STOFNUN
FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ


# Veski og skór Anitu vekja athygli

**Íslenska leikkonan Anita Briem hefur verið dugleg við sækja viðburði í Hollywood enda er slíkt alveg bráðnauðsynlegt þegar fólk er að koma sér á framfæri í hinni stóru Hollywood.**



Anita var meðal gesta í boði sem góðgerðarsamtökin Big Brothers/Big Sisters hélt á Beverly Hills-hótelinu í miðborg Hollywood. Þar var meðal annars valin besta unga tilvonandi stórstirnið og maður ársins valinn. Samtökin hafa verið starfandi í Bandaríkjunum í heila öld og hafa það að leiðarljósi að hjálpa ungu fólki sem býr við þröngan kost að ná takmarki sínu.

Anita var að sjálfsögðu mynduð af ljósmyndara Getty Images en þær myndir birtast á opinberri vefsíðu myndaveitunnar og er aðgengileg öllum helstu fjölmiðlum heims. Hins vegar virðist ljósmyndarinn hafa kolfallið fyrir handtöskunni sem Anita bar og skónum hennar því þetta tvennt var myndað alveg sérstaklega. Ekki kemur fram hvaðan skórnir og taskan eru en þóttu augsýnilega nokkuð smart.

Anita er nú að ljúka við að leika í kvikmyndinni Dead of the Night á móti sjálfu Ofurmenninu, Brandon Routh. Myndin er byggð á vel þekktri ítalskri myndasögu og hefur af þeim sökum hlotið nokkra umfjöllun meðal myndasögunörda. freyrgigja@frettabladid.is

# Farin frá Hollywood

Robin Wright, fyrrverandi eiginkona Sean Penn, hefur flutt með börnin sín frá Hollywood. Hún segir samfélagið í kvikmyndaborginni ekki vera heilbrigt á nokkurn hátt. „Þetta samfélag er haldið þráhyggju gagnvart frægð og frægu fólki,“ sagði Wright á blaðamannafundi nýverið en hún sótti um skilnað frá hinum skapstóra Penn í ágúst síðastliðnum.

Penn segir hjónaleysin Brad Pitt og Angelina Jolie vera víti til varnaðar.

Þau gangi í gegnum helvíti á hverjum einasta degi í baráttu sinni við ljósmyndara sem elti þau og börnin þeirra á röndum.


NÝ VERSLUN Í
SMÁRALIND
ORGINAL
OPNAR Í DAG
30%
AFSLÁTTUR
OPNUNARHELGINA
minimum
Frank Q
Superdry
SUIT
DND
Psycho-Cowboy


Blend kynnir
Nýtt merki fyrir herra
FRANK Q®
Í tilefni þess ætlum við að lækka evruna í 130,- krónur
eða einfaldlega bjóða 30% AFSLÁTT af öllum vörum
frá Föstudegi - Sunnudags
BLEND®
SMÁRALIND // KRINGLUNNI // WWW.BLENDCOMPANY.COM

# Kýld fyrir peninga

Tveir meðlimir Kardashian-fjölskyldunnar stigu inn í hnefaleikahringinn þar sem þau öttu kappi við fólk sem hafði greitt háar fjárhæðir til þess að geta lúskrað á einum Kardashian. Loturnar fóru fram í Commerce-spilavítinu í Kaliforníu og var hluti af góðgerðaviðburði sem haldinn var til að safna fé til styrktar samtökunum Dream Foundation.

Það voru systkinin Rob og Kim Kardashian sem öttu kappi við karlmann og konu og lauk bardögunum á þann veg að Rob var fluttur á sjúkrahús en Kim fékk stærðarinnar glóðarauga. „Rob missti hjálminn sinn og þegar hann beygði sig eftir honum fékk hann högg í höfuðið og endaði á spítala með heilahristing. Við vorum öll miður okkar vegna þessa. Stúlkan sem ég barðist við var hörð og sú gat látið höggin dynja,“ skrifaði Kim á bloggsíðu sinni eftir bardagann.



**HART BARIST** Kardashian-fjölskyldan keppti í hnefaleikum.

# Samningaleiðin reynd

Lögfræðingur breska viðburðafyrirtækisins élan annars vegar og lögfræðingur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Ingibjargar Pálmadóttur hins vegar reyna nú að semja vegna ógreidds reiknings og ágreinings um lokauppgjör í tengslum við brúðkaup þeirra hjóna í nóvember fyrir tveimur árum. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var fyrirtöku málsins frestað á miðvikudaginn og ekki liggur fyrir hvort eða hvenær það verður tekið fyrir að nýju. „Ef okkur tekst að semja þá verður málið fellt niður. Ef það tekst ekki mun dómari ákveða nýja dagsetningu fyrir nýja fyrirtöku málsins,“ segir Eiríkur Gunnsteinsson, lögfræðingur élan.

Viðburðafyrirtækið breska sá um alla skipulagningu á brúðkaupi Jóns Ásgeirs og Ingibjargar sem haldið var með mikilli viðhöfn. Séra Hjörtur Magni gaf þau saman í Fríkirkjunni að viðstöddum helstu fyrirmennum þjóðarinnar meðal annars forsetanum, Hreiðari Má Sigurðssyni og Björgólfi Guðmundssyni. Veislugestir héldu síðan í Hafnarhúsið þar sem var dansað langt fram eftir nóttu undir taktföstum undirleik Gus Gus. Ekki liggur fyrir hversu há upphæðin er sem deila fyrirtækisins og hjónanna snýst um. - fgg



**GLÆSILEGUR VIÐBURÐUR** Ekkert var til sparað þegar Jón Ásgeir og Ingibjörg Pálmadóttir gengu í það heilaga fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvikmyndir ★★★★

**Paranormal Activity**

Leikstjóri: Oren Peli

## Alvöru hryllingur

Hjón verða vör við ýmsa yfirnáttúrulega hluti í húsinu sínu að næturlagi: raddir, andardrátt og klór á veggjum. Katie er sannfærð um að þar sé einhver vera sem vill þeim illt, og ákveður Micah að setja upp myndavél í svefnherbergi þeirra til þess að fylgjast með verunni.

Paranormal Activity er ansi tilkomumikil frumraun leikstjórans og handritshöfundarins Oren Peli. Líkt og í kvikmyndinni Blair Witch Project er áhorfendum talið trú um að hér sé á ferðinni raunverulegt myndefni. Allir leikarar myndarinnar eru óþekktir og myndin er öll tekin upp á handhelda myndavél sem er meðhöndluð af aðalleikurunum. Í raun er uppsetning myndarinnar eins einföld eins og hægt er að hugsa sér. Áhorfendur fylgjast með daglegum hlutum í lífi þeirra hjóna og að næturlagi heimsækir yfirnáttúruleg vera þau. Leikstjóranum Peli tekst með persónulegu útliti og áferð myndarinnar að skapa eitt magnaðasta andrúmsloft í hrollvekju sem ég hef upplifað í langan tíma.



Hjónakornin eru leikin af nýstirnunum Katie Featherston og Micah Sloat, og eru þau virkilega sannfærandi í hlutverkum sínum. Taugaveiklun og óðagot þeirra eru ekki frábrugðin þeim sem maður einmitt hefði haldið að fólk myndi grípa til við samskonar aðstæður.

Nánast allar hrollvekjur í dag einblína á snögga klippingu, hraða myndatöku og virðast aðstandendur alltaf stíga sama feilskrefið: að afhjúpa andstæðinginn of snemma, en það gerist ekki í Paranormal Activity. Ekki eru þær margar hrollvekjurnar sem hafa látið mig ríghalda í armana á sætinu og langað að skrækja eins og smástelpa, en Paranormal Activity er ein þeirra.

**Vignir Jón Vignisson**

**Niðurstaða:** Fantagóð hrollvekja sem er meðal þeirra bestu síðustu ár.



**GLATT Á HJALLA** Það var glatt á hjalla á forsýningunni í gær. Hér óskar leikarinn Ingvar E. Sigurðsson aðstandendum myndarinnar til hamingju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FRUMSÝNING Á DESEMBER

**Hin ljúfsára jólamynd, Desember, var forsýnd í Háskólabíói á miðvikudag en myndin verður tekin til almennra sýninga í dag.**

Desember gerist í Reykjavík á jólunum og fjallar um popparann Jonna sem snýr heim til Íslands eftir að hafa flutt óvænt til Argentínu nokkrum árum áður. Leikstjóri myndarinnar er Hilmar Oddsson og með aðalhlutverkin fara Tómas Lemarquis og Lay Low.



**ARI KRISTINSSON** Kvikmyndatökumaðurinn og leikstjórinn Ari Kristinsson var meðal frumsýningargesta.



**THOR VILHJÁLMSSON** Rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson mætti á frumsýninguna og tók í spaðann á Tómasi Lemarquis.






Tónlist ★★

**Surprise**

Lára

## Ekki nógu óvænt

Lára munstrar landsliðsmenn úr bransanum á þriðju plötuna sína. Þarna eru kempur eins og Jakob Smári Magnússon bassaleikari, Pétur Hallgrímsson gítarleikari og Arnar Þór Gíslason trommari. Seint verður því hægt að segja að platan sé ekki þétt og vel spiluð og hljómurinn á henni er líka mjög traustvekjandi. Þró, eins og sagt er. Lára hamrar fílabeinið, syngur af öryggi en heldur takmarkaði útgeislun á köflum, semur lögin og textana.



Lára hefur áður gert kassagítarpopp og oft verið á ljúfu nótunum. Nú er hún í mun meira stuði og fer miklu poppaðri slóðir en áður. Stundum hljómar hún á pari við pjúra poppdívur eins og Avril Lavigne – til dæmis í titillaginu sem opnar plötuna með trukki – en þó er oftast styttra í „listrænni“ poppdívur eins og Reginu Spektor og Fiona Apple.

Í bíómyndum skiptir söguþráðurinn öllu máli. Það skiptir engu máli hversu myndir eru dýrar eða leikararnir myndarlegir – ef söguþráðurinn er klisjukenndur og þá er myndin slöpp. Í tónlist snýst þetta um melódíurnar. Skilja lögin eitthvað eftir sig? Langar mann til að heyra þau aftur? Þrátt fyrir alla hæfileikana og vandaða umgjörðina þá flaskar Lára á þessu. Sem poppplötu vantar hana fleiri góð lög, sterkara heilalím. Þessi plata stendur því ekki undir nafni. Hið óvænta vantar.



**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Poppuðustu plötu Láru vantar bara góðu lögin.

Tónlist ★★★

**Vinalög**

Friðrik Ómar og Jógvan

## Vel heppnað og vingjarnlegt




Friðrik Ómar og Færeyingurinn Jógvan Hansen eru báðir brosmildir og snoppufríðir söngvarar sem leggja mikið upp úr fallegu útliti og fagmannlegri framkomu. Umbúðirnar eru góðar, rétt eins og umslag þessarar tvöföldu plötu ber með sér. Það sem meira er og mikilvægara, innihaldið er líka í fínu lagi. Hugmyndin að baki verkefninu er sniðug og eflaust löngu tímabær, eins og vinsældir plötunnar sýna reyndar svart á hvítu. Friðrik syngur þekkt færeysk lög öðrum megin á meðan Jógvan syngur íslenska óða hinum megin, lög á borð við Ég er á leiðinni, Þú komst við hjartað í mér og Rómeó og Júlía. Báðir skila þeir sínu vel. Friðrik syngur upphafslagið Eros mjög fallega og í Syngjum saman á Ragnheiður Gröndal sterka innkomu. Lögin Þú og hið þjóðlega Lífsmyndin eru einnig prýðileg. Þýddir textar Valgeirs Skagfjörð eru sömuleiðis vel heppnaðir. Gaman er að heyra Jógvan syngja íslensku lögin á færeyskan máta þó svo að útsetningarnar séu oftast nær lítt frábrugðnar frumútgáfunum. Best er upphafslagið Álfar þar sem Jógvan gefur Friðriki ekkert eftir hvað söngtilþrif varðar.

Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Vel heppnuð plata með tveimur vinalegum söngvurum.

# Titillinn góður í ferilskrána

„Print Magazine sendi mér einfaldlega tölvupóst þar sem fram kom að ég hefði verið valinn í hundrað manna hóp sem var boðið að senda inn möppu, sem ég gerði auðvitað. Nokkrum mánuðum síðar fékk ég annan póst þar sem mér var tilkynnt að ég væri einn af tuttugu hönnuðum sem fengju umfjöllun í blaðinu. Persónulega finnst mér þetta mikill heiður því margir efnilegir myndskreytarar, hönnuðir og ljósmyndarar hafa áður verið valdir sem New Visual Artist," segir grafíski hönnuðurinn Sveinn Þorri Davíðsson, sem var valinn New Visual Artist 2009 af tímaritinu Print. Hann er þriðji Íslendingurinn sem hlýtur þann titil, en áður hafa Sigurður Eggertsson og Katrín Pétursdóttir fengið nafnbótina. Sveinn Þorri segir að titlinum hafi ekki fylgt nein verðlaun, aðeins umfjöllun. „Ég fékk engin verðlaun, bara grein um mig í blaðinu og opnu með verkunum mínum. Þetta er sennilega bara hlutur sem er gott að hafa á ferilskránni sinni."

Sveinn Þorri er fæddur og uppalinn á Akureyri og eftir tvö ár á náttúrufræðibraut Menntaskólans á Akureyri ákvað hann að söðla um og hóf myndlistarnám. „Ég lærði myndlist í Verkmenntaskólanum á Akureyri í einhvern tíma. Eftir það fór ég suður og hóf nám við Listaháskólann og útskrifaðist þaðan í vor."

Sveinn Þorri hefur verið búsettur í Berlín síðastliðna sex mánuði og kann að eigin sögn vel við sig í borginni. „Sigurður Eggertsson, gamall vinur minn frá Akureyri, bauð mér að koma og leigja með sér í Berlín þannig að mér þótti ákvörðunin um að flýja land ekki erfið. Ég byrjaði að vinna á auglýsingastofunni Plantage núna í október og líkar mjög vel. Planið er að koma sér fyrir hérna í Berlín og vera hér eitthvað áfram. Hér er fínt að vera," segir Sveinn Þorri að lokum. - sm



**MIKILL HEIÐUR** Sveinn Þorri Davíðsson var kosinn New Visual Artist ársins 2009 af tímaritinu Print Magazine.

# Ánægt afmælisbarn

**Kelly Osbourne hélt upp á 25 ára afmæli sitt í síðustu viku og segist hún hafa fengið dásamlegar gjafir frá vinum og vandamönnum. Bestu gjafirnar segir hún þó vera gjöfina frá unnusta sínum, fyrirsætunni Luke Worrall, en sá gaf henni demantshring. „Hann er búinn að vera að safna fyrir þessu. Hringurinn er hjartalaga úr hvítagulli og er alveg dásamlega fallegur." Gjöfin frá foreldrum hennar var þó ekki síðri en þau gáfu henni hvolp. „Hvolpurinn er svartur og af tegundinni Pomeranian. Hann er álíka stór og peningaseðill. Ég kalla hann Sid og hann er æði," sagði Kelly.**



KELLY OSBOURNE


Jólaskeiðin 2009



Íslensk hönnun síðan 1946

Guðlaugur A. Magnússon
Skólavörðustíg 10 • Sími 562 5222
www.gam.is

AÐEINS 3 DAGAR EFTIR

FLOTTAR VÖRUR Á GÖTUMARKAÐI

Síðustu forvöð að gera dúndurkaup

2 fyrir 1

af allri útsöluvöru á götumarkaði

Gildir ekki hjá NTC, Jane Norman og Oasis
Gildir föstudag til sunnudags

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Skammaðist sín

Söngkonan Rihanna hefur tjáð sig í fyrsta sinn opinberlega um skilnað sinn við fyrrverandi kærasta sinn, söngvarann Chris Brown, sem réðst grimmilega á hana fyrr á árinu. Hún skammast sín fyrir að hafa í upphafi snúið aftur til Brown þrátt fyrir ofbeldið. „Ég skammast mín fyrir að ég skuli hafa orðið svona óendanlega ástfangin af svona persónuleika," sagði hún í viðtali við ABC-fréttastofuna. Rihanna áttaði sig á því að með því að yfirgefa ekki Brown myndi hún senda röng skilaboð til annarra kvenna í sömu sporum. Þess vegna ákvað hún að taka af skarið og sér ekki eftir því í dag. Brown var dæmdur í fimm ára skilorðsbundið fangelsi fyrir árásina og til samfélagsþjónustu.



**RIHANNA** Söngkonan hefur í fyrsta sinn tjáð sig um skilnað sinn við Chris Brown.

# Skeggkokkar verða jólasveinar

„Þetta er orðið þannig að maður er vakinn á morgnana og tilkynnt hvernig þetta hafi farið. Menn bíða því spenntir eftir þessu," segir Úlfar Eysteinsson, martreiðslumaður á Þremur Frökkum. Hann og Tómas Tómasson, oftast kenndur við Hamborgarabúlluna, eru orðnar hálfgerðar stýrivaxtahetjur. Þeir hafa ekki skert skegg sitt í næstum hálft ár og ætla sér ekki að gera það fyrr en stýrivextirnir eru komnir niður fyrir tíu prósent. Peningastefnunefnd Seðlabankans ákvað á fundi sínum í gærmorgun að lækka stýrivexti niður í ellefu prósent þannig að enn sér ekki fyrir endann á skeggvexti kokkanna. Þeir verða að minnsta kosti skeggprúðir þegar jólaösin gengur í garð. „Við gefumst ekkert upp," segir Úlfar.

Úlfar segir að nú sé það bara plan b. Skeggmótmælin verði því ögn meira áberandi en undanfarna mánuði. „Ég á að sjá um að redda hestvagninum og Tómas ætlar að útvega jólasveinabúninga á okkur og svo förum við í jólasveinaleik í fyrstu viku aðventunnar," segir Úlfar. Félagarnir ætla að fá Seðlabankann til að styrkja sig en þeir ætla að gefa öllum leikskólabörnum á höfuðborgarsvæðinu litla gjöf. Báðir segjast þeir eiga hauk í horni í Svörtuloftum. Úlfar vonast jafnframt til að aðrir menn taki sig til og fari að safna skeggi til að sýna samstöðu. „En þeir lækkuðu þó vextina aðeins, þeim er ekki alls varnað. Þetta hefði þó mátt vera meira." - fgg



**HVERGI AF BAKI DOTTNIR** Úlfar og Tómas eru hvergi af baki dottnir, þeir ætla að fara í jólasveinaleik fyrstu vikuna í aðventu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SJÁST EKKI SAMAN** Kristen Stewart og Robert Pattinson vilja ekki kynna New Moon saman.

# Vilja ekki sjást saman

**Leikararnir Kristen Stewart og Robert Pattinson munu kynna nýjustu myndina í Twilight-seríunni hvort í sínu lagi. Stewart og meðleikari hennar, Taylor Lautner, munu verða viðstödd frumsýningu myndarinnar í Brasilíu á meðan Pattinson og leikstjóri myndarinnar, Chris Weitz, verða við frumsýningu New Moon í Japan.**

**„Þau eru mjög góðir vinir, en það er allt og sumt. Það er stanslaust verið að taka myndir af þeim og alltaf fer sami orðrómurinn af stað. Þau báðu um að fá að gera þetta hvort í sínu lagi til þess að umtalið yrði eilítið minna," var haft eftir innanbúðarmanni. „Þetta fjölmiðlafár í kringum þau gerir þeim erfitt um vik. Kannski hefðu þau getað endað sem par, en með þessa pressu og þetta umtal held ég að búið sé að drepa mögulega rómantík á milli þeirra."**

# Damien borðar baunarétt og bollur með börnunum

**Damien Rice er búinn að dvelja á landinu frá því á þriðjudag. Hann heimsækir leikskólann Laufásborg í dag og tekur þátt í náttúruvakningu í Ráðhúsinu. Íslenskir áhorfendur sungu með í einu laganna í opnum upptökum í Sundlauginni.**

„Við buðum honum í mat. Við erum með eðalkokk, þannig að hann fær rosalega gott að borða – marokkóskan baunarétt og grænmetisbollur," segir Matthildur Laufey Hermannsdóttir, skólastjóri Litla kjarna á leikskólanum Laufásborg.

Matthildur og krakkarnir á Laufásborg taka á móti írska tónlistarmanninum Damien Rice í hádeginu í dag. Hann er búinn að dvelja á Íslandi frá því á þriðjudag og var með opnar upptökur á nýju efni í Sundlauginni í Mosfellsbæ á miðvikudag og í gær.

„Börnin syngja örugglega fyrir hann, en þá verður það eitthvað íslenskt," segir Matthildur spurð hvort börnin hafi lært lög eftir írska fagurgalann. Hann tekur gítarinn með og fær því væntanlega að leika undir í klassískum íslenskum leikskólalögum. Næst fer Rice með börnunum í Hljómskálagarðinn þar sem þau gróðursetja tuttugu plöntur í svokallaðan Laufásborgarreit. Hann endar svo í Ráðhúsinu klukkan 16 þar sem hann tekur þátt í náttúruvakningu.

Damien Rice lék á als oddi í fjórum opnum upptökutörnum í Sundlauginni, hljóðverinu sem var áður í eigu Sigur Rósar. Biggi, sem ræður þar ríkjum í dag, snéri tökkunum og nálægð áhorfenda var svo mikil að fremsta röðin var aðeins nokkrum sentimetrum frá Rice. Í einu af nýju lögunum fékk hann áhorfendur til að syngja með í viðlaginu og tók hann sér góðan tíma í að kenna þeim rétta stefið. Rice var hinn alþýðlegasti og í eitt skipti leyfði hann áhorfendum að heyra upptökurnar. Ef þær koma vel út eru góðar líkur á að íslenskir áhorfendur verði í aukahlutverki á næstu plötu Rice.

Engar myndatökur voru leyfðar í upptökunum, sem voru þó teknar upp á myndband. Áhorfendum var bannað að vera með síma á tónleikunum og skildu þá eftir á gömlu orgeli frammi á gangi.

Sjálfur hafði Rice lítinn tíma til að vera í fríi á Íslandi, en brá sér þó í kvöldverð á Fiskfélaginu á miðvikudag. Það er spurning hvort baunarétturinn á Laufásborg slær veitingastaðnum við.

atlifannar@frettabladid.is



**LEIKUR Á ALS ODDI** Damien Rice tók upp íslenska áhorfendur sem gætu endað á næstu plötu hans.

# Eftirmynd Katie brennd

**Í bænum Edenbridge í Kent á Englandi er árlega haldin brenna þar sem bæjarbúar brenna á báli þekktan einstakling sem þeim þykir hafa verið einum of þyrstur í athygli fjölmiðla. Í ár var það glamúrpían Katie Price sem varð að bálkesti. Risavaxin eftirmynd af Price var gerð úr viði en eftir brennuna mun lítið hafa verið eftir af henni nema askan ein.**

**Á brennunni, sem fer fram 5. nóvember ár hvert, er þess minnst þegar hermenn uppgötvuðu mann að nafni Guy Fawkes falinn í kjallaranum undir þinghúsinu með um tuttugu tunnur af byssupúðri árið 1605. Fawkes þessi hafði ætlað sér að sprengja þingheim í loft upp við setningu þingsins en Jakob I. konungur átti að vera viðstaddur athöfnina.**



**BRENND Á BÁLI** Eftirmynd Katie Price stóð í ljósum logum þegar brennan í Edenbridge fór fram.




Sértilboð

Goran Superform jólanámskeið á aðeins 39.900 kr. Hefst 9. nóv.

Goran Micic kemur þér í form fyrir jólin á 6 vikum. Einnig bjóðum við upp á matartösku sem inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn.

GrandSpa

s: 578 8200 | www.grandspa.is


# Barnabókahöfundar á þingi

Þingmennirnir Guðmundur Steingrímsson og Margrét Tryggvadóttir skiptust á barnabókum fyrr í vikunni. Bók Guðmundar um Svínið Pétur kemur út fyrir jól en bók Margrétar, Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar, hlaut barnabókaverðlaun árið 2006.

Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar fjallar um prinsessu í fjarlægu konungsríki á meðan bók Guðmundar fjallar um svínið Pétur sem er ekki gráðugt heldur er sátt við sína stöðu.

„Það rann upp fyrir okkur ljós að við vorum bæði barnabókahöfundar, hún Margrét er reyndar eldri í faginu en ég og við ákváðum í kjölfarið að skiptast á bókum og gerðum það í gær þegar ljósmyndari átti leið hjá. Margrét fékk bókina Svínið Pétur eftir mig og ég fékk prinsessubókina hennar í staðinn," segir Guðmundur, en þetta er fyrsta barnabók hans.

„Bókin fjallar um svínið Pétur sem er ekki gráðugt, hin dýrin í Dýrabæ bjóða honum gull og græna skóga ef hann vill gefa þeim eitthvað í skiptum en Pétur lætur ekki ginnast. Þetta er í raun gömul saga í nýjum búningi og var skrifuð í góðærinu og ber þess kannski merki hvað höfundur var orðinn þreyttur á þeim dansi." Guðmundur segir bókina hafa fengið góða dóma frá fimm ára dóttur sinni og var boðskapur bókarinnar mikið ræddur. „Bókin fékk góða dóma hjá dóttur minni, sem er líka mjög ánægð með prinsessubókina hennar Margrétar," segir Guðmundur sem tekur ekki fyrir að annarrar bókar megi vænta frá honum. „Ef mér gefst tími til þess á milli þingstarfa er ekki ólíklegt að ég skrifi fleiri bækur um svínið Pétur." - sm



**HÖFUNDAR Á ÞINGI** Margrét Tryggvadóttir hlaut barnabókaverðlaun árið 2006 fyrir bók sína. Fyrsta barnabók Guðmundar er komin í bókaverslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BYLGJAN 989
Nóa Konfekt
Kringlan
Dívurnar, tenorarnir & góðir gestir
FROSTRÓSIR
2009
Jóhann Friðgeir Garðar Thór Cortes Friðrik Ómar
Ragga Gísla Margrét Eir Hera Björk Guðrún Gunnars
30 manna stórhljómsveit Frostrósa, Karlakórinn Fóstbræður, Stúlknakór Reykjavíkur, Gospelraddir Domus Vox,
Vox Feminae og Íslenski gospelkórinn. - Tónlistarstjóri: Karl O. Olgeirsson - Hljómsveitarstjóri: Árni Harðarson
Frostrósir slá öll met
10.000 miðar ruku út á innan við klukkustund!
Bætt hefur verið við 3ju tónleikunum í Laugardalshöll
og aukatónleikum í Höllinni Akureyri
Miðasala hefst í dag kl. 12:00 á midi.is
Höllinni Akureyri
6. des. kl. 16:00 Aukatónl.
6. des. kl. 20:00 Uppselt
Laugardalshöll
12. des. kl. 16:00 Uppselt
12. des. kl. 21:00 Uppselt
13. des. kl. 20:00 Aukatónl.
Frostrósir
Heildarsafn Frostrósa kemur í verslanir 10. nóv 5 CD & 2 DVD
Sérstakir gestir: Högni og Sigríður Thorlacius úr Hjaltalín, Heiða Ólafs, Edgar Smári o.fl. o.fl.
FROSTRÓSIR UM LANDIÐ
Þau Margrét Eir, Hera Björk, Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar munu færa landsmönnum jólin með Frostrósum ásamt Hrynsveit Frostrósa, strengjakvartett og barnakór auk ýmist tenoranna Jóhanns Friðgeirs eða Garðars Thórs Cortes.
1/12 Höllin Vestmannaeyjum kl. 20:00
2/12 Íþróttahúsið Höfn Kl. 20.00
3/12 Eskifjarðarkirkja kl. 18:00 Aukatónl.
3/12 Eskifjarðarkirkja kl. 21:00 Uppselt
4/12 Egilsstaðakirkja kl. 18:00 Aukatónl.
4/12 Egilsstaðakirkja kl. 21:00 Uppselt
7/12 Miðgarður, Varmahlíð kl. 20:00 Uppselt
8/12 Miðgarður, Varmahlíð kl. 18:00 Aukatónl.
8/12 Miðgarður, Varmahlíð kl. 21:00 Uppselt
9/12 Klif, Ólafsvík kl. 20:00
10/12 Ísafjarðarkirkja kl. 18:00 Aukatónl.
10/12 Ísafjarðarkirkja kl. 21:00 Uppselt
Nánar á frostrosir.is
Frostrósir taka flugið með Flugfélagi Íslands
Flugfélag Íslands
Miðasala á midi.is og á afgreiðslustöðum Póstsins á tónleikastöðum um landið

# Ljúfsárt basl í jólaslabbi

Kvikmyndir ★★★

**Desember**

Leikstjóri: Hilmar Oddsson

Plakatið fyrir Desember gefur til kynna að myndin sé rómantísk gamanmynd að hætti erlendra stórmynda. Hún gælir aðeins lítillega við það form, en er smurð með þykku lagi af kreppusmjöri og ísköldum íslenskum raunveruleika. Myndin er drama frekar en grín. Í upphafi var hugmyndin að búa til bíómynd um fólkið sem neyðist til að notfæra sér úthlutun Mæðrastyrksnefndar. Á yfirdráttartímum góðærisins var þetta fólk afgangsstærð. Eftir hrunið er umfjöllunarefnið komið nær raunveruleikanum. Það þarf ekki mjög mikið að gerast til að „venjulegt fólk“ verði komið í biðröðina.

Tómas Lemarquis snýr heim úr þriggja ára dvöl í Argentínu þar sem hann var að meika það sem músíkant. Það er reyndar það óraunverulegasta í myndinni – hver fer til Argentínu til að meikaða? Lay Low, sem var kærastan hans, er eðlilega fúl út í hann fyrir að stinga af án þess að kveðja. Tómas vill keyra gamla bandið, Erindi, í gang aftur, en auk hans og Lay Low er það skipað „ryþmapari Íslands“, þeim Helga Svavari og Valdimar Kolbeini. Tómas hefur lifað áhyggjulausu lífi til þessa, fengið að rasa út og gera það sem hann vill á meðan mamma hans, Guðrún Gísladóttir, hélt fjölskyldunni saman. Pabbi, Ellert Ingimundarson, er fárveikur og systirin, Laufey Elíasdóttir, er í slagtogi með fíkniefnadjöflinum. Hún á tvö börn. Svo eru þarna amma og afi líka.

Þegar Tómas kemur heim heldur hann að allt verði eins og það var. Að hann hafi áfram allan tímann í heiminum til að dútla við músík. Þá deyr mamma og Tómasi er allt í einu stillt upp við vegg: Hann verður að redda þessu. Mamma hafði haldið sannleikanum frá drengnum, fjölskyldan er í bullandi mínus fjárhagslega og allt í steik. Að auki nálgast jólin.



**FEÐGARNIR BROSA Í GEGNUM TÁRIN** Raunveruleikinn tekur við þegar mamma deyr í Desember.

Hefst þá baslið og kapphlaup Tómasar við að redda hlutunum. Hann þarf að díla við fjármálin, hugsa um frændsystkini sín, sem eru útundan á meðan mamma þeirra sukkar, og reyna að halda jólin. Hann þarf líka að jarða mömmu sína. Kemur þar sterkur inn útfararstjórinn Stefán Hallur Stefánsson, sem Lay Low er trúlofuð. Hann er „vondi kallinn“ í sígildu rómantísku gamanmyndarfléttunni.

Myndin lýsir baslinu á raunsannan og tilgerðarlausan hátt. Eftir fremur höktandi byrjun fer myndin á gott flug. Maður stendur með þessu fólki og vill að því takist að halda jól og koma sínum málum á þurrt. Myndin er prýðilegt spark í rassinn og áminning um það sem skiptir mestu: fjölskyldan og samhjálpin. Kannski má segja að persóna Tómasar sé táknmynd fyrir íslensku þjóðina. Áhyggjuleysi þjóðarinnar hefur nú á svipaðan hátt verið skipt út fyrir basl, eftir að „mamma“ dó. Við munum svo vonandi komast að sömu niðurstöðu og Tómas: „A man‘s gotta do what a man‘s gotta do.“

Desember er vel gerð og mjög vel leikin. Sérstaklega langar mig að nefna krakkana tvo sem sýna einhvern besta „barnaleik“ sem hér hefur sést í bíó, þau Unni Birnu Jónsdóttur og Haka Darrason. Myndin er sannfærandi sviðsett í nöturlegum Fellunum og þunglyndislegt jólaslabbið er ekta. Þetta er mynd sem fólk fer ekki á til að gleyma hvað það er, heldur til að muna það.

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Vel gert og sannfærandi jóladrama sem minnir á það sem mestu máli skiptir.


NÝTT Í BÍÓ · LAUGARÁS BÍÓ · Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 4 og 6 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| THE INFORMANT | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 3:40 - 5:50 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) - 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMER | kl. 8 | 16 |
| FAME | kl. 3:40 | L |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 6 | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| THE INFORMANT | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 4:15(3D) - 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 4:15D | L |
| FAME | kl. 3:50 - 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6:15D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl 6 | L |
| SKELLIBJALLA | kl 6 | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 - 10:20 | 12 |

já -er svarið · NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| DESEMBER LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio · AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| JÓHANNES | kl. 5.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| WANTED AND DESIRED | kl. 5.45 | 12 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 6 - 9 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |

LAUGARÁS BÍÓ · SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · SAMBÍÓIN SELFOSS KEFLAVÍK · BORGARBÍÓ



JÓHANNES

LADDI · STEFÁN KARL · HERDÍS ÞORVALDS · STEFÁN HALLUR og UNNUR BIRNA

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG

27.000 MANNS

Besta myndin síðan Sódóma Reykjavík ★★★★3/4 - Atli Steinn, Bylgjan

Þetta er alvöru tær snilld ★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga

...Sannkölluð "feelgood" -mynd, ekki veitir af ★★★1/2 - S.V. MBL

MasterCard · 600 kr. · 6. til 13. nóvember




MasterCard korthafar fá miðann á 600 kr. frá 6. nóvember til og með 13. nóvember, í Laugarásbíói og Regnboganum, greiði þeir með kortinu.

LAUGARÁS BÍÓ · REGNBOGINN



LJÓSBAND kynnir kvikmynd eftir Hilmar Oddsson
TÓMAS LEMARQUIS
LOVÍSA E. SIGRÚNARDÓTTIR
FRUMSÝND 6. NÓVEMBER
Desember
Tími til að vera saman
LAUFEY ELÍASDÓTTIR STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON ELLERT INGIMUNDARSON GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR
UNNUR BIRNA JÓNSDÓTTIR HAKI DARRASON JÓN PÁLL EYJÓLFSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON BENEDIKT ÁRNASON MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR BJÖRN JÖRUNDUR FRIÐBJÖRNSSON
HELGI SVAVAR HELGASON VALDIMAR KOLBEINN SIGURJÓNSSON KJARTAN BJARGMUNDSSON
FRÍÐA MARÍA HARÐARDÓTTIR MARGRÉT EINARSDÓTTIR EGGERT KETILSSON HRÓÐMAR I. SIGURBJÖRNSSON ELÍSABET RONALDSDÓTTIR VÍÐIR SIGURÐSSON
MYRKUR EHF KUKL EHF HILMAR ODDSSON KUKL EHF PÁLL KRISTINN PÁLSSON V EHF GINNIR EHF MARGRÉT EINARSDÓTTIR ÉG UM MIG EHF KRISTÍN TRAUSTADÓTTIR
ANNA MARÍA KARLSDÓTTIR OG HRÖNN KRISTINSDÓTTIR PÁLL KRISTINN PÁLSSON HILMAR ODDSSON
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
sena
DOLBY

## > Stórleikur í Subway-bikar karla í kvöld

Fjórir leikir fara fram í 32-liða úrslitum Subway-bikars karla í körfubolta í kvöld og þar ber vitanlega hæst stórleik Njarðvíkur og KR í Ljónagryfjunni í Njarðvík. Þetta verður í annað skiptið á tæpri viku sem liðin eigast við en Njarðvíkingar lögðu Íslandsmeistarana að velli í Iceland Express-deildinni á heimavelli sínum á sunnudag. Það var jafnframt fyrsta tap KR í deildinni en Njarðvíkingar eru enn taplausir þar.



sport

sport@frettabladid.is

HJÖRTUR JÚLÍUS HJARTARSON: ER HÆTTUR VIÐ AÐ HÆTTA OG SNÝR AFTUR Á FORNAR SLÓÐIR UPPI Á SKIPASKAGA

# *Vildi aldrei fara frá Skaganum á sínum tíma*

Markvarðahrellirinn Hjörtur Júlíus Hjartarson hefur ákveðið að spila með 1. deildarliði ÍA næsta sumar en hann var áður búinn að gefa það út að hann myndi hætta eftir síðasta tímabil. Hjörtur lék með Þrótti í Pepsi-deildinni framan af síðasta sumri. Hann ákvað svo að fara á láni til Selfoss og átti sinn þátt í að hjálpa liðinu að vinna sér sæti í efstu deild í fyrsta skipti í sögu félagsins með því að skora sjö mörk í tíu leikjum. Hjörtur skrifar í dag undir eins árs samning við ÍA en hann er uppalinn Skagamaður og lék síðast með liðinu árið 2006.

„Þórður [Þórðarson, þjálfari ÍA] hringdi í mig skömmu eftir að móti lauk síðasta sumar og spurði hvort ég hefði áhuga á að halda áfram að spila en ég var ekki alveg á þeim buxunum þá. Við töluðum hins vegar aftur saman nýlega og funduðum saman og mér leist bara það vel á það sem hann stefnir á að gera með liðið að það var í raun og veru bara spurning um að ganga frá lausum endum. Ég hefði aldrei farið í annað lið en ÍA og vildi náttúrlega ekkert fara frá liðinu á sínum tíma. Guðjón Þórðarson tók bara við liðinu og hann vildi ekkert sjá mig en ég erfi það samt ekkert við hann. Hann hafði bara sínar áherslur og ég mínar og það leystist bara eins og það leystist. Ég fór í Þrótt og naut þess að spila þar líkt og ég gerði með Selfossi síðasta sumar. Ég sé ekki eftir neinu," segir Hjörtur.



Hinn 35 ára gamli framherji vonast til þess að geta hjálpað ungu liði ÍA að komast aftur á fyrri stall og viðurkennir að það hafi verið sárt að sjá liðið í fallbaráttu 1. deildar síðasta sumar.

„Ég fór á nokkra leiki með liðinu síðasta sumar og það var einfaldlega lélegt. Það er ástæðulaust að vera að sykurhúða það eitthvað. Maður nánast grét sig í svefn eftir að hafa fylgst með þessu. Það var samt allt annað að sjá til liðsins í lok tímabilsins. Vonandi nær maður að hjálpa til næsta sumar. Mitt hlutverk verður væntanlega að miðla reynslu til yngri leikmanna liðsins en ég held að þjálfarinn vilji nú sjá mig skora eitthvað af mörkum líka. Ég verð ekki bara gamli maðurinn í búningsklefanum að segja einhverjar frægðarsögur frá því að ég var ungur," segir Hjörtur á léttum nótum.

# Flest lið væru búin að reka Benitez

**Graeme Souness, fyrrverandi leikmaður og knattspyrnustjóri Liverpool, segir að flest önnur félög, sérstaklega stórliðin í enska boltanum, væru búin að reka Rafael Benitez miðað við árangur hans að undanförnu.**

**FÓTBOLTI** Þátttaka Liverpool í Meistaradeild Evrópu hangir á bláþræði og liðið hefur átt í miklum vandræðum í ensku úrvalsdeildinni síðustu vikur. Liðið er þar að auki þegar fallið úr leik í ensku deildabikarkeppninni og hefur unnið aðeins einn af síðustu átta leikjum sínum.

Liverpool gerði í fyrrakvöld 1-1 jafntefli við Lyon á útivelli í Meistaradeild Evrópu. Liðið þarf nú að stóla á hagstæð úrslit í öðrum leikjum og vinna báða þá leiki sem eftir eru í riðlinum til að eiga möguleika á að komast áfram í 16-liða úrslit. Ef það tekst ekki yrði um fjárhagslegt stórslys að ræða en Liverpool er nú þegar skuldsett upp í topp.

Graeme Souness, fyrrverandi leikmaður og knattspyrnustjóri Liverpool, bendir á að flest önnur félög væru nú þegar búin að reka Benitez miðað við árangur liðsins.



**Á HLIÐARLÍNUNNI** Skiptar skoðanir eru um hvort Rafael Benitez eigi áfram að stýra liði Liverpool. NORDIC PHOTOS/AFP

### Eytt gríðarmiklu í leikmannakaup

„Hann hefur verið hjá liðinu í fimm ár og á þeim tíma hefur hann eytt meiri peningum í leikmannakaup en nokkurt annað lið á Englandi að Chelsea frátöldu. Ef hann væri stjóri einhvers annars liðs, sérstaklega einhvers stórliðanna eins og Manchester United, Arsenal eða Chelsea, væri búið að reka hann," sagði Souness í viðtali á Sky-sjónvarpsstöðinni.

Hann segir að meiðsli lykilmanna eins og Steven Gerrard og Fernando Alonso hafi sýnt hversu misheppnuð leikmannakaup Benitez hafa verið í gegnum tíðina.

„Þeir leikmenn sem standa fyrir utan byrjunarliðið eru ekki nógu góðir til að vinna leiki eins og gegn Lyon. Lyon er ekki frábært lið. Það vann Liverpool á Anfield og tapaði svo næsta leik í frönsku úrvalsdeildinni, 4-1 fyrir Nice," sagði Souness.

### Benitez ekki allt í einu óhæfur

Ekki eru þó allir sömu skoðunar og Souness. John Aldridge, fyrrverandi leikmaður Liverpool, segir að það myndi gera illt verra ef Benitez yrði rekinn.

„Rafa Benitez er ekki orðinn að slæmum knattspyrnustjóra í einni svipan. Ég er nokkuð viss um að þegar Steven Gerrard og fleiri verða orðnir heilir af meiðslum sínum verði leikmannahópurinn nægilega sterkur til að koma liðinu í hóp fjögurra efstu liða deildarinnar og vinna báða leikina sem liðið á eftir í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Það dugar vonandi til að liðið komist áfram."

Aldridge segir að frammistaða Liverpool gegn Lyon sé merki um að Benitez eigi enn erindi sem knattspyrnustjóri liðsins.

„Þetta gekk allt fullkomlega eftir áætlun þar til á 90. mínútu leiksins," sagði Aldridge en þá jafnaði Lyon metin í leiknum. „Liðið spilaði vel og varðist vel og Lyon skapaði sér ekki neina hættu nema þegar það skoraði markið. Það voru gríðarleg vonbrigði að fá þetta mark á sig."

### Þolinmóðir stuðningsmenn

Ástæðan fyrir því að Benitez hangir í starfi, samkvæmt Souness, er að stuðningsmenn Liverpool eru ekki eins og stuðningsmenn annarra liða. „Ég held að þeir séu þolinmóðari og reiðubúnir að gefa stjóranum aðeins meiri tíma."

Aldridge tók í sama streng. „Óvissan í kringum félagið er nægilega mikil fyrir. Það síðasta sem þeir vilja er að hefja leit að nýjum knattspyrnustjóra."

eirikur@frettabladid.is



**PABBINN** Marcus vill bara spila í skóm með nafni föður síns.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Adidas hættir hjá háskóla:

# Sonur Jordans neitar að spila í Adidas

**KÖRFUBOLTI** Sú ákvörðun Marcus Jordan, sem er sonur Michaels Jordan, að spila í Air Jordan-skóm frá Nike hefur skapað mikinn usla í háskólanum hans, University of Central Florida.

Þannig vill til að Adidas er með samning við skólann og þurfa allir leikmenn og starfsmenn liðsins að spila í Adidas.

Það tekur Marcus ekki í mál. Hann segist aðeins vilja spila í Air Jordan því skórnir hafa sérstaka þýðingu fyrir fjölskyldu hans.

Marcus spilaði í skónum í æfingaleik á miðvikudag og í kjölfarið ákvað Adidas að rifta samningi sínum við skólann.

Talsmaður háskólans sagði ákvörðun Adidas valda sér vonbrigðum en skólinn hafði verið í samstarfi við íþróttavöruframleiðandann í fjögur ár. Eitt ár var eftir af núverandi samningi.

Marcus er á fyrsta ári í háskóla og eiga blaðamenn klárlega eftir að fylgjast grannt með gengi hans á vellinum. - hbg

Gerrard og Torres:

# Beðið með aðgerðir

**FÓTBOLTI Rafa Benitez, stjóri Liverpool, segir að ekki verði tekin ákvörðun strax um hvort senda eigi stjörnur liðsins, Fernando Torres og Steve Gerrard, í aðgerð.**

**Báðir hafa verið meiddir í nokkurn tíma. Gerrard hefur ekki getað spilað síðustu leiki á meðan Torres spilar sárþjáður en hann var afar illa haldinn í leiknum gegn Lyon í Meistaradeildinni.**

**Báðir munu vinna áfram með sjúkraþjálfurum og verða ekki sendir í aðgerð nema nauðsyn krefji.**

**„Þeir vilja bíða og sjá hvað gerist. Það verður engin ákvörðun tekin um aðgerð strax. Við sjáum hvaða framförum þeir taka áður en við tökum ákvörðun með næstu skref," sagði Benitez.** - hbg

David Haye og Nikolai Valuev mætast á laugardag:

# Styttist í bardaga Davíðs gegn Golíat

**BOX** Margir bíða spenntir eftir þungavigtarbardaga Bretans Davids Haye og Rússans Nikolay Valuev en þeir mætast í Þýskalandi á laugardagskvöldið. Tala menn um bardaga Davíðs gegn Golíat, því Rússinn er 2,13 sentimetrar á hæð en Haye er „aðeins" 1,90 sentimetrar á hæð.

Haye hefur verið í fullri vinnu við það síðustu vikur að pirra Rússann en leitun er að eins kjaftforum íþróttamanni og Bretanum. Haye hefur gert grín að útliti og hreinlæti Rússans svo fátt eitt sé nefnt.

Haye hefur lýst því yfir að hann ætli að verða fyrsti maðurinn í sögunni til þess að rota Rússann stóra, sem hefur aðeins tapað einu sinni í 51 bardaga.

„Það er ekkert nýtt að einhver segist ætla að rota mig. Það er auðvelt að rífa kjaft fyrir bardagann en annað að sýna eitthvað í hringnum," sagði Valuev. Hann mun ekki fá stundarfrið síðustu tímana fyrir bardagann enda hefur Haye flutt á hótel gegnt hótelinu sem Valuev verður á og mun líklega láta í sér heyra yfir götuna. - hbg



**LITLI OG STÓRI** Þó svo að David Haye sé 1,90 sentimetrar á hæð er hann eins og smábarn við hliðina á Rússanum stóra. NORDIC PHOTOS/AFP




**2.989kr.** DVD




CD **1.989kr.**



CD **1.989kr.**




CD **2.989kr.**



**2.989kr.**
CD og DVD




**2.989kr.**
CD og DVD




**22.989kr.**
Tölvuleikur og DJ græja

# Raftæki og afþreying
# Þú færð það í Max! Ódýrt




**United LTV9732**
32" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta uppl. • 3D Comb filter • 20.000:1 skerpa • PIP (mynd í mynd) og PAP (mynd og mynd) • DVB-T stafr. móttakari • 2 x HDMI, VGA ofl.

**119.989kr.**
Fullt verð ~~139.989~~



**DVD ferðaspilari**
**United DVP8077**
Fjölkerfa DVD ferðaspilari • 7" LCD skjár með LED baklýsingu • Lithium hleðslurafhlaða • 12v og 220v

**18.989kr.**
Fullt verð ~~19.989~~



**Laser prentari**
**Samsung ML1640**
A4 laserprentari • 1200 x 600p upplausn • Prentar 16 bls. á mín. • USB 2.0

**16.989kr.**
Fullt verð ~~19.989~~




**Tölvuleikir**
**7.989kr.**
Verð á stk.




**Philips 42PFL3604D**
42" Full-HD LCD BREIÐTJALD • 1920x1080p uppl., Progressive Scan • Digital Crystal Clear • Dýnamísk 30000:1 skerpa • Stafr. DVB-T móttakari • USB • 2 x HDMI ofl.

**224.989kr.**
Fullt verð ~~274.989~~



**Míkrósamstæða með MP3**
**Lenco MC141**
4w míkrósamstæða • Geislaspilari með MP3 • Segulband • FM útvarp m/ stöðvaminnum • AUX inng. ofl.

**15.989kr.**



**Hátalarakerfi**
**Logitech X-210**
25w RMS hátalarakerfi • Stórt bassabox • Fjarstýring • Heyrnartólstengi

**11.989kr.**
Fullt verð ~~14.989~~




**DVD myndir**
**2.489kr.**

## Öll nýjasta afþreyingin!

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

**MAX Kauptúni 1 - Garðabæ**
**Sími 412 2200 - www.max.is**

## ÚRSLIT

*Evrópudeildin:*

| | |
|---|---|
| Anderlecht-FC Timisoara | 3-1 |
| Slavia Prag-Valencia | 2-2 |
| Janda, Grajcar - Joaquin (víti), Hernandez | |
| HSV-Celtic | 0-0 |
| Heerenveen-Hertha Berlin | 2-3 |
| AS Roma-Fulham | 2-1 |
| Riise, Chuka - Kamara (víti) | |
| Basel-CSKA Sofia | 3-1 |
| Villarreal-Lazio | 4-1 |
| Everton-Benfica | 0-2 |
| FC Copenhagen-PSV Eindhoven | 1-1 |



**ÚR AÐ OFAN** Jóhann Gunnar verður í sólinni næstu vikurnar.

Jóhann Gunnar og Daníel:

## Á leið til Sádi-Arabíu

**HANDBOLTI** Jóhann Gunnar Einarsson og Daníel Berg Grétarsson sem hafa verið að leika með Kassel í Þýskalandi eru á leið til Sádi-Arabíu að spila handbolta.

„Það var bara hringt í gær og spurt hvort við Daníel gætum komið út. Hélt fyrst að þetta væri grín en svo er ekki. Við förum væntanlega á morgun [í dag]," sagði Jóhann Gunnar spenntur við Fréttablaðið en hann beið þá eftir flugmiðunum.

„Þetta verður bara í þrjár vikur. Við fáum fínan pening, búum á flottu hóteli og ég veit ekki hvað. Það er ekki hægt að sleppa þessu tækifæri. Það býðst bara einu sinni," sagði Jóhann en þeir fara svo aftur til Kassel. - hbg

# Spyrntu sér af botninum

**Fram vann níu marka sigur, 33-24, á HK í N1-deild karla í gær. Þetta var fyrsti sigur Fram í deildinni og fyrsta tap HK. Sigur Framara var sanngjarn.**

**HANDBOLTI** Fram náði sér loks á strik í N1-deild karla þegar HK kom í heimsókn í Framhúsið í Safamýri en lokatölur urðu 33-24 heimamönnum í vil.

„Þetta var bara allt annað hjá okkur og við virðumst nú vera búnir að finna vörn sem við getum spilað. Um leið og það gerðist náðum við að keyra á hraðaupphlaupin og það gaf liðinu mikið sjálfstraust og skytturnar okkar komust í gang. Við erum búnir að æfa vel síðustu vikur og núna loksins fannst mér vera kominn einhver stöðugleiki í þetta hjá okkur. Við héldum loks út í sextíu mínútur og það var ánægjulegt," sagði markvörðurinn Magnús Gunnar Erlendsson, sem varði 22 skot fyrir Fram í leiknum.

Heimamenn í Fram voru alltaf skrefinu á undan í fyrri hálfleiknum. Magnús Gunnar varði ágætlega um miðbik hálfleiksins og Framarar fengu í kjölfarið nokkur auðveld mörk úr hraðaupphlaupum. Stefán Baldvin fór hamförum en hann skoraði úr öllum sjö skotum sínum í fyrri hálfleiknum. Staðan í hálfleik var 17-13 Fram í vil og gestirnir í HK áttu í erfiðleikum.

HK virtist vera að komast inn í leikinn snemma í síðari hálfleiknum en það reyndist skammgóður vermir því Fram tók öll völd á vellinum þegar líða tók á síðari hálfleikinn. Leikmenn Fram léku af miklu meiri festu og ákveðni en þeir hafa gert til þessa í vetur og höfðu virkilega trú á því sem þeir voru að gera inni á vellinum. HK fékk reyndar kjörið tækifæri til þess að vinna sig inn í leikinn þegar um tíu mínútur lifðu leiks þegar tveir Framarar fengu tveggja mínútna brottvísanir með stuttu millibili en Kópavogsbúar fóru þá illa að ráði sínu og gáfust raunar upp fljótlega í framhaldinu. Fram bætti hins vegar í og vann að lokum öruggan níu marka sigur, 33-24.



**Í LOFTINU** Magnús Stefánsson Framari stekkur hér upp fyrir utan vörn HK. Hann skoraði sex mörk í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar Magnússon, þjálfari HK, var afar óánægður með sína menn í leikslok. „Þetta var bara skelfilegt. Lykilmenn okkar náðu sér engan veginn á strik og breiddin hjá okkur er bara ekki meiri en það að við megum hreinlega við því. Það er sama hvernig litið er á þetta, Fram var bara betra á öllum sviðum. Við förum oft illa að ráði okkar í sóknarleiknum og gáfum þeim auðveld mörk úr hraðaupphlaupum. Vörn og markvarsla var heldur einfaldlega ekki nægilega góð og því fór sem fór," sagði Gunnar. omar@frettabladid.is

*N1-deild karla:*

**Grótta-Akureyri 21-22 (11-9)**

Mörk Gróttu (skot): Atli Rúnar Steinþórsson 7 (7), Hjalti Þór Pálmason 5 (13), Anton Rúnarsson 3/1 (7/2), Finnur Ingi Stefánsson 2 (5/1), Páll Þórólfsson 1 (2), Halldór Ingólfsson 1 (1), Arnar Freyr Theodórsson 1 (2), Ægir Hrafn Jónsson 1 (2).
Varin skot: Gísli Guðmundsson 14/2 (36/4) 39%.
Hraðaupphlaup: 3 (Páll, Finnur, Anton).
Fiskuð víti: 3 (Atli 2, Anton).
Utan vallar: 6 mínútur.
Mörk Akureyri (skot): Heimir Örn Árnason 7 (11), Jónatan Magnússon 4/2 (5/2), Heiðar Þór Aðalsteinsson 3 (5), Guðlaugur Arnarsson 2 (2), Oddur Grétarsson 2 (6/2), Árni Þór Sigtryggsson 2 (9), Hreinn Þór Hauksson 1 (2), Hörður Fannar Sigþórsson 1 (1).
Varin skot: Hörður Flóki Ólafsson 10/1 (20/1) 50%, Hafþór Einarsson 3/1 (14/2) 21%.
Hraðaupphlaup: 6 (Oddur 2, Heiðar 2, Guðlaugur, Hreinn).
Fiskuð víti: 4 (Heimir 2, Hörður 2).
Utan vallar: 10 mínútur.
Dómarar: Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson, þokkalegir.

**Fram-HK 33-24 (17-13)**

Mörk Fram (skot): Stefán Baldvin Stefánsson 7 (9), Magnús Stefánsson 6 (12), Andri Berg Haraldsson 6 (14), Einar Rafn Eiðsson 5/2 (7/3), Hákon Stefánsson 4 (5), Arnar Birkir Hálfdánsson 3/1 (4/1), Haraldur Þorvarðarson 1 (2), Matthías Daðason 0 (1), Halldór Jóhann Sigfússon 0 (4/1)
Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 21/2 (22/2, 49%), Zoltan Majeri 0 (1/1, 0%), Sigurður Örn Arnarson 0 (1/1, 0%).
Hraðaupphlaup: 11 (Stefán Baldvin 6, Arnar Birkir 2, Haraldur, Magnús, Einar Rafn)
Fiskuð víti: 5 (Haraldur 2, Hákon 2, Magnús)
Utan vallar: 12 mínútur
Mörk HK (skot): Valdimar Fannar Þórsson 7/4 (14/6), Sverrir Hermannsson 6 (13), Ólafur Víðir Ólafsson 4 (4), Atli Ævarsson 3 (5), Ragnar Hjaltested 2 (7), Hákon Bridde 1 (1), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (1), Jón Björgvin Pétursson 0 (1)
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 10 (23/2, 30%), Lárus Helgi Ólafsson 3/1 (10/1, 23%)
Hraðaupphlaup: 2 (Ragnar, Atli)
Fiskuð víti: 6 (Ólafur Víðir 3, Atli 2, Ragnar)
Utan vallar: 4 mínútur

**Stjarnan-Valur 25-37**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **4** | **3** | **0** | **1** | **107-97** | **6** |
| FH | 3 | 2 | 1 | 0 | 91-81 | 5 |
| **Haukar** | **3** | **2** | **1** | **0** | **75-72** | **5** |
| HK | 4 | 2 | 1 | 1 | 102-104 | 5 |
| **Akureyri** | **4** | **1** | **1** | **2** | **92-98** | **3** |
| Fram | 4 | 1 | 0 | 3 | 109-108 | 2 |
| **Grótta** | **4** | **1** | **0** | **3** | **98-99** | **2** |
| Stjarnan | 4 | 1 | 0 | 2 | 90-102 | 2 |

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
Er tímareimin komin á tíma?
Fast verð hjá Vélalandi
Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.
Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 50.805 kr.
Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 40.780 kr.
Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.870 kr.
VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.
Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.
Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is
Vélaland sérhæfir sig í tímareimum.
Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.
Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.


VÉLALAND

Fallegur handbolti vék fyrir mikilli baráttu er Akureyri sótti lið Gróttu heim:

# Loksins sigur hjá Akureyringum

**HANDBOLTI** Hann var ekki í háum gæðaflokki handboltinn sem Gróttu og Akureyri buðu upp á Nesinu í gær. Í staðinn fengu áhorfendur mikinn baráttuleik sem var spennandi allt til enda. Þegar upp var staðið reyndust norðanmenn sterkari og unnu eins marks sigur, 21-22.

Þungu fargi var augljóslega létt af Akureyringum enda var þetta fyrsti sigur þeirra í deildinni og þeir fögnuðu nánast eins og þeir hefðu orðið deildarmeistarar.

Fátt benti til þess framan af að Akureyringar myndu fá nokkuð út úr leiknum. Gróttumenn voru ávallt skrefinu á undan. Spiluðu skynsaman handbolta og Gísli öflugur í markinu. Sóknarleikur Akureyringa var algjörlega glórulaus í fyrri hálfleik og ef ekki hefði verið fyrir stórleik Heimis Arnar hefðu Gróttumenn leitt með nokkru mun í hálfleik. Þeir urðu að sætta sig við tvö mörk, 11-9.

Sóknarleikur beggja liða var annars lengstum afar slakur. Athygli vakti einnig hversu illa leikmönnum gekk að nýta vítaköst en aðeins var skorað úr einu af þeim fimm vítaköstum sem voru dæmd í fyrri hálfleik.

Í síðari hálfleik byrjaði Hörður Flóki að verja í marki Akureyrar og það gerði gæfumuninn fyrir gestina. Þeir komust yfir, 16-17, í fyrsta skipti síðan í stöðunni 0-1. Eftir það voru Akureyringar skrefi á undan en Gróttumenn neituðu að gefast upp.

Lokakaflinn var æsispennandi. Í stöðunni 20-22 misstu Akureyringar Heimi af velli í tvær mínútur. Arnar Freyr minnkaði muninn og háspenna var í húsinu. Gróttustrákarnir unnu svo boltann þegar um tuttugu sekúndur voru eftir af leiknum. Þeir voru síðan ævintýralegir klaufar að kasta frá sér boltanum áður en þeir komust upp völlinn. Klukkan rann svo út og gestirnir fögnuðu.

„Það er þungu fargi af okkur létt. Því er ekki að neita. Við þurftum á sigri að halda, meira en þeir," sagði Jónatan Magnússon, leikmaður Akureyrar. „Þetta var vissulega ekki fallegt en hafðist. Við erum svakalega glaðir með þessi tvö stig. Við vorum í vandræðum í sókninni lengstum en Heimir hélt okkur sem betur fer í leiknum."



**STERKUR** Heimir Örn Árnason hristi af sér slyðruorðið og spilaði loksins eins og maður fyrir lið Akureyrar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vandræðagangur hefur verið á Akureyrarliðinu en Jónatan vonast eftir betri tíð í framhaldinu. „Þetta var leikurinn sem við ætluðum að vinna og svo er Stjarnan næst. Þetta fer vonandi að koma."

Halldór Ingólfsson, þjálfari Gróttu, var eðlilega svekktur enda hefði Grótta hæglega getað fengið eitthvað úr leiknum.

„Við vorum ekki nógu einbeittir í lokin og gerum of mörg klaufamistök. Það er ekki ásættanlegt og við vinnum ekki jafna leiki með svona mistökum. Allir leikir okkar hafa verið jafnir og því miður ekki lent allir okkar megin. Við verðum að halda áfram því þetta hlýtur að koma," sagði Halldór.

Við þennan leik verður svo ekki skilið án þess að minnast á líkamlegt atgervi nokkurra leikmanna Gróttu. Þeir eru sumir hverjir allt of feitir og ótrúlegt að menn sem spila í efstu deild í handbolta skuli ekki leggja það á sig að mæta í boðlegu standi til leiks í Íslandsmótið. Það er lágmarkskrafa. - hbg

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


ALLTAF
BETRA VERÐ
22"
PHILIPS
STÍLHREIN HÖNNUN
HELGAR TILBOÐ
6.000 kr.
AFSLÁTTUR
LCD BREIÐSKJÁR
22 Philips 220SW9FB
22" svartur LCD breiðskjár með 1680 x 1050 dpi, 10000:1 í dýnamískri skerpu, 5ms og 16,7 milljón liti.
29.990
FULLT VERÐ KR. 35.990
SKANNI
PRENTARI
FAX
EPSON
FJÖLNOTATÆKI
Epson Stylus BX300F
Prentari, skanni og fax. Prentar A4 í 5760 x 1440p og skannar í 1200 x 2400p. Prentar allt að 31 bls á mín. Windows og Mac.
19.990
BLEK, DUFT OG PAPPÍR
MIKID ÚRVAL
GOTT VERD
EPSON
BLEKSPRAUTU PRENTARI
Epson S21
A4 bleksprautuprentari með 5760 x 1440 punkta upplausn og USB. Prentar allt að 26 bls. á mín. Windows og Mac.
8.990
EPSON
FJÖLNOTATÆKI
PRENTARI SKANNI
Epson SX210
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar 1200 x 2400. Prentar allt að 32 bls á mín. Kortalesari. USB. Windows og Mac.
11.990
MARGMIÐLUNAR SPILARI
UNITED 720/1080i
United HD MMP 9530
HDMI
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.
14.990
STAFRÆN MYNDAVÉL
Nikon
Nikon L19
Stafræn myndavél með 8 milljón punkta upplausn, 2.7" LCD skjá, NIKKOR 3,6x linsu, hreyfiskynjara, brosstillingu, blikkvörn, hreyfimyndatöku. Styður SD/SDHC kort. Íslenskur leiðarvísir.
19.990
16GB ULTRA MINNISLYKILL
SanDisk
SanDisk Ultra Backup
16GB háhraða Ultra Backup minnislykill með USB 2.0 og afritunartakka á lyklinum.
19.990
SKJÁKORT
MSI
R4850
msi
MSI ATI Radeon HD4850
512MB skjákort. 1986MHz GDDR3 minni, 640MHz kjarni. HDMI, 2 DVI Out, DUAL Link DVI ofl.
22.990
ALLT FYRIR PRENTARANN - PAPPÍR OG BLEK - GOTT VERÐ
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

Forseti og stjórn frjálsíþróttasambands Suður-Afríku rekin vegna máls Caster Semenya:

# Lugu að Caster um kynjapróf

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Máli hinnar átján ára gömlu Caster Semenya er langt í frá lokið. Í gær var greint frá því að Ólympíusamband Suður-Afríku hefði rekið forseta frjálsíþróttasambands Suður-Afríku sem og vikið stjórn sambandsins vegna þess hvernig sambandið fór með mál Semenya.

Caster Semenya vann til gullverðlauna í 800 metra hlaupi kvenna á HM í Berlín í sumar. Í kjölfarið fór Alþjóðafrjálsíþróttasambandið fram á að hún myndi gangast undir kynjapróf. Niðurstöðurnar hafa ekki verið birtar en samkvæmt upplýsingum sem hefur verið lekið í fjölmiðla er Semenya tvíkynja.

Leonard Chuene, forseti suðurafríska frjálsíþróttasambandsins, vildi í fyrstu ekki viðurkenna að sambandið hefði látið Semenya gangast undir kynjapróf fyrir leikana í Berlín. Hann viðurkenndi í september síðastliðnum að hafa sagt ósatt og að Semenya hefði vissulega gengist undir kynjapróf áður en hún fór til Berlínar.

Suður-afrískur frjálsíþróttaþjálfari, Wilf Daniels, sagði svo í samtali við fréttastofu BBC í gær að það hefði sambandið látið Semenya gera án hennar vitundar.

„Þeir sögðu Semenya að hún væri að gangast undir hefðbundin lyfjapróf en þetta var í raun kynjapróf,“ sagði Daniels. „Hún fékk aldrei að vita hver hennar réttur væri og hvaða afleiðingar niðurstöður prófsins gætu haft í för með sér.“

Daniels segir að þar með hefði hún aldrei fengið tækifæri til að leita sér læknisaðstoðar og fá þannig tækifæri til að taka þátt í íþróttum á réttum forsendum.

„Nú eru allar þessar upplýsingar fyrir augum almennings og afleiðingarnar eru það hrikalegar að ég tel að hún fái aldrei almennilegt tækifæri til að vera venjuleg kona aftur og fá að keppa sem slík.“

Frjálsíþróttasambandið hefur nú beðið Semenya og fjölskyldu hennar afsökunar, sem og forseta landsins og almenning. **- esá**




**CASTER SEMENYA** Fagnar hér sigri í 800 metra hlaupi á HM í Berlín. NORDIC PHOTOS/AFP








**MEIDDUR RONALDO** Spilaði síðast með Portúgal gegn Ungverjalandi í undankeppni HM 2010. NORDIC PHOTOS/AFP

Meiðsli Cristiano Ronaldo:

## Þarf að hitta gamla lækninn

**FÓTBOLTI** Real Madrid sendi frá sér yfirlýsingu í fyrrakvöld þess efnis að Cristiano Ronaldo myndi gangast undir aðra læknisskoðun vegna ökklameiðsla sinna. Upphaflega var von á að Ronaldo yrði frá í 3-4 vikur en hann meiddist í leik með landsliði Portúgal 10. október síðastliðinn.

Ronaldo mun nú hitta Hollendinginn Niek van Dyjk sem meðhöndlaði sama ökkla í fyrra.

Ljóst er að einhver bið verður á því að Ronaldo klæðist hvítu treyjunni aftur og þá er einnig óvíst hvort hann nær leikjum Portúgals gegn Bosníu í umspili um sæti á HM um miðjan mánuðinn. **- esá**



**VORONIN** Svekktur eftir að hafa brennt af færi í leik Liverpool og Lyon í vikunni. NORDIC PHOTOS/AFP

Úkraínumaðurinn Voronin:

## Ekki valinn í landsliðið

**FÓTBOLTI Í gær var tilkynnt hvaða leikmenn voru valdir í landslið Úkraínu fyrir leiki liðsins gegn Grikklandi í umspili um sæti á HM í Suður-Afríku næsta sumar. Umspilsleikirnir fara fram 14. og 18. nóvember.**

**Það kom á óvart að Andriy Voronin, leikmaður Liverpool, var ekki valinn í landsliðið. Olexiy Mikhailichenko landsliðsþjálfari sagði að Voronin væri ekki 100 prósent heill heilsu en gaf ekki nánari skýringar á ákvörðun sinni.**

**Voronin var í byrjunarliði Liverpool gegn Lyon í Meistaradeild Evrópu í fyrrakvöld. Sjálfur vildi hann ekkert tjá sig um ákvörðun landsliðsþjálfarans. - esá**



**HIDEKI MATSUI** Valinn besti leikmaður úrslitarimmunnar og er fyrsti Japaninn sem hlotnast sá heiður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

New York Yankees:

## Vann titilinn í 27. sinn

**HAFNABOLTI** Hið sögufræga lið New York Yankees varð í fyrrinótt bandarískur meistari í hafnabolta eftir sigur á Philadelphia Phillies í úrslitarimmu, 4-2.

Yankees vann leik liðanna í fyrrinótt með sjö stigum gegn þremur en Japaninn Hideki Matsui fór á kostum í leiknum. Hann skilaði sex stigum í hús fyrir Yankees sem komst 5-1 yfir í leiknum.

Þetta var fyrsti meistaratitill Yankees síðan 2000 en liðið hefur nú alls orðið meistari í 27 skipti, langoftast allra liða í sögu deildarinnar. **- esá**



**JOSE BOSINGWA** Hér í leik með Chelsea í haust. NORDIC PHOTOS/GETTY

Jose Bosingwa hjá Chelsea:

# Gæti þurft að fara í aðgerð

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Jose Bosingwa, leikmaður Chelsea og portúgalska landsliðsins, þurfi að gangast undir aðgerð vegna hnémeiðsla sinna. Bosingwa hefur verið frá keppni í þrjár vikur og aðgerð myndi gera það að verkum að hann yrði frá í fjórar vikur til viðbótar.

Verði það niðurstaðan mun Bosingwa missa af nokkrum stórleikjum með Chelsea, gegn Manchester United, Arsenal og Manchester City, og einnig af leikjum Portúgals gegn Bosníu í umspili um sæti á HM.

Bosingwa sagði sjálfur við enska fjölmiðla að þetta væri enn óráðið. „Þetta er undir læknunum komið en ég mun sætta mig við þá niðurstöðu sem þykir besta lausnin á vandanum.“ - esá



**HAMRÉN** Fagnar hér norska meistaratitlinum í síðasta mánuði. NORDIC PHOTOS/AFP

Svíar ráða landsliðsþjálfara:

# Hamrén tekur við Svíum

**FÓTBOLTI** Sænska knattspyrnusambandið hefur gengið frá ráðningu Eriks Hamrén sem landsliðsþjálfara. Hamrén er einnig þjálfari Rosenborg og mun áfram gegna því starfi þar til í ágúst á næsta ári. Þá mun hann einbeita sér fyllilega að sænska landsliðinu.

Hamrén tekur við starfinu af Lars Lagerbäck sem kom Svíum á fimm stórmót í röð frá 2000 til 2008. Svíum mistókst hins vegar að komast á HM í Suður-Afríku á næsta ári.

Erik Hamrén gerði Rosenborg að norskum meisturum með stæl en liðið tapaði aðeins einum leik allt tímabilið og var í lokin með þrettán stiga forystu á næsta lið. Þá gerði hann Álaborg að dönskum meisturum árið 2008. - esá

Benni McCarthy:

# Aftur í landslið Suður-Afríku

**FÓTBOLTI** Benni McCarthy, leikmaður Blackburn í ensku úrvalsdeildinni, hefur verið valinn í landslið Suður-Afríku á nýjan leik eftir að hafa verið í kuldanum í níu mánuði.

Fyrrverandi landsliðsþjálfari, Joel Santana, valdi ekki McCarthy vegna agabrots en nú er Carlos Alberto Parreira aftur tekinn við Suður-Afríkumönnum. Santana tók við af honum þegar Parreira hætti á sínum tíma.

Það er þó kaldhæðnislegt að McCarthy er nú í kuldanum hjá Blackburn og hefur ekki verið í byrjunarliðinu það sem af er tímabilinu í Englandi. - esá

Bandaríkjamaðurinn Stan Kroenke á nú 29,9 prósenta hlut í Arsenal:

# Kroenke nálgast yfirtökuskyldu

**FÓTBOLTI** Bandaríkjamaðurinn Stan Kroenke á nú 29,9 prósenta hlut í Arsenal eftir að hann keypti í vikunni 200 hlutabréf í félaginu. Samkvæmt breskum lögum myndast yfirtökuskylda þegar einn aðili eignast þrjátíu prósenta hlut í fyrirtæki og yrði þá Kroenke skylt að gera öðrum hluthöfum Arsenal tilboð í þeirra hluti.

Kroenke er stærsti einstaki hluthafinn í Arsenal en Úsbekinn Alisher Usmanov kemur þar á eftir með 25 prósenta hlut. Aðrir stórir hluthafar eru Danny Fiszman og lafði Bracewell-Smith. Minni hluthafar eiga um þrettán prósenta hlut í félaginu.

Fáum er ljóst hvað Kroenke ætlar sér með sinn hlut í Arsenal enda gengur hann í viðskiptaheiminum undir nafninu „þögli Stan“. Sjálfur hefur hann ekki viljað tjá sig um sínar fyrirætlanir en hann hefur á undanförnum árum aukið hlut sinn í Arsenal jafnt og þétt.

Kostirnir eru tveir. Annars vegar lítur hann á hlut sinn sem góða fjárfestingu sem hann getur selt síðar með gróða. Fordæmi eru fyrir því. JP McManus og John Magnier áttu tæplega þrjátíu prósenta hlut í Manchester United og högnuðust svo mjög þegar Glazer-fjölskyldan keypti félagið.

Hins vegar gæti Kroenke ákveðið að reyna að eignast félagið allt. Yfirtaka myndi sennilega kosta hann um 370 milljónir punda, um 76 milljarða króna. Samkvæmt úttekt Forbes um 400 ríkustu Bandaríkjamennina ætti Kroenke að hafa efni á því en eignir hans sagðar um 338 milljarða króna virði. Að auki er hann kvæntur inn í hina vellauðugu Walton-fjölskyldu sem á Wal-Mart-verslanakeðjuna í Bandaríkjunum.

Kroenke hagnaðist á fasteignaviðskiptum og á fjölmörg íþróttalið í Bandaríkjunum. Hann á NBA-liðið Denver Nuggets, hokkíliðið Colorado Avalanche, knattspyrnuliðið Colorado Rapids, lakrossliðið Colorado Mammoth og á 40 prósenta hlut í St. Louis Rams sem leikur í NFL-deildinni. - esá



**STAN KROENKE** Á körfuboltalið, knattspyrnulið, hokkílið og stóran hluta í bandarísku ruðningsliði. NORDIC PHOTOS/GETTY



**> George Clooney**

„Það er gaman að hlusta á sjálfan sig tala en það má læra meira á því að hlusta frekar á aðra.“

***Clooney fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Leatherheads sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÞRÁIR INNRI RÓ

# *Líf mitt í spennitreyju Liverpool-liðsins*

Í fimmtán ár hef ég verið einlægur stuðningsmaður enska úrvalsdeildarliðsins Liverpool. Gengið með því í gegnum súrt og sætt. Horft upp á hörmungar dynja á liðinu ár frá ári en alltaf verið mættur fyrir framan sjónvarpstækið um miðjan ágúst til að senda „mínum mönnum“ jákvæða strauma. Allt frá því að Rafael Benitez tók við liðinu hefur Liverpool verið í baráttunni á einhverjum vígstöðvum. Ef ekki í deildinni þá í Meistaradeildinni. Bikarkeppnir hafa ekki verið sterkasta hlið Spánverjans enda ekki mikil hefð fyrir slíku fyrirkomulagi í heimalandi hans.

En nú er svo komið að í byrjun nóvember er tímabilið nánast búið fyrir stuðningsmenn liðsins. Stanslaus áföll hafa herjað á liðið, lykilmenn verið meira og minna meiddir og þeir sem eftir standa hafa ekki reynst nægjanlega vel. Liðið hélt til Frakklands og atti kappi við Lyon á miðvikudagskvöldið og að sjálfsögðu lá maður á bæn nokkrum mínútum fyrir leik. Ekki var laust við að tár féllu þegar Ryan Babel hamraði boltann upp í þaknetið á 83. mínútu en Lisandro Lopez slökkti allan vonarneista undir lokin með klunnalegu marki. Í kjölfarið vonaðist maður til að Lyon myndi bara skora annað mark til að lina þjáningar manns, gera endanlega út um tilfinningalíf „poolara“.





Að styðja Liverpool er sennilega það erfiðasta sem nokkur knattspyrnuáhugamaður getur kallað yfir sig. Mæli ekki með því við nokkurn mann. En við sem höfum gengið þennan grýtta veg undanfarin ár getum bara farið að hlakka til næstu leiktíðar. Nema Benitez breytist í Jesúm og fái alla hina spámennina og kraftaverkakarlana með sér á hliðarlínuna, jafnvel einn særingamann frá Afríku, og framkalli enn eitt kraftaverkið. Þá skal ég líka éta hattinn minn með glöðu geði.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.15** Modern Toss STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.20** Auddi og Sveppi STÖÐ 2



▶ **20.30** Stranger Than Fiction SKJÁREINN



▶ **20.50** Freistingar SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** There Will Be Blood STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.05 Leiðarljós** (e)
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 Bjargvætturinn** (14:26)
**17.35 Tóta trúður** (1:26)
**18.00 Hanna Montana** (54:56)
**18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Marteinn** (1:8) Ný íslensk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk: Jóhannes Haukur Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson og Edda Björg Eyjólfsdóttir.
▶**20.50 Freistingar** (The Fighting Temptations) Bandarísk bíómynd frá 2003. Auglýsingamaður frá New York fer til smábæjar í Suðurríkjunum að sækja arf en kemst þá að því að hann þarf að stofna kór til að geta fengið arfinn greiddan. Aðalhlutverk: Cuba Gooding og Beyoncé Knowles.
**23.00 Lewis - Og máninn kyssir sæ** (Lewis - And the Moonbeams Kiss the Sea) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis, áður aðstoðarmaður Morse sáluga, lögreglufulltrúa í Oxford, glímir við dularfullt sakamál. Aðalhlutverk: Kevin Whately, Laurence Fox, Sam Alexander og Emily Beecham.
**00.35 Sparkboxarinn** (Beautiful Boxer) Taílensk bíómynd frá 2003 byggð á sögu sparkboxarans Parinya Charoenphol sem lét breyta sér í konu. Aðalhlutverk: Asanee Suwan, Sorapong Chatree, Orn-Anong Panyawong og Nukkid Boonthong. (e)
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Good Night, and Good Luck**
**10.00 She's the One**
**12.00 The Borrowers**
**14.00 Good Night, and Good Luck**
**16.00 She's the One**
**18.00 The Borrowers**
**20.00 Leatherheads** Rómantísk gamanmynd með George Clooney og Renée Zellweger í aðalhlutverkum.
▶**22.00 There Will Be Blood** Óskarsverðlaunamynd sem gerist um síðustu aldamót og fjallar um kapphlaupið um olíuauðlindirnar í Bandaríkjunum. Daniel Day-Lewis fer með aðalhlutverkið.
**00.35 Edison**
**02.15 Privat Moments**
**04.00 There Will Be Blood**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Grumpy Old Men** (1:5)
**10.45 America's Got Talent** (6:20)
**11.30 The Apprentice** (1:14)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (63:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (64:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (65:300)
**15.15 Identity** (1:12)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Stuðboltastelpurnar og Kalli litli Kanína og vinir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
▶**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr.
**20.00 Logi í beinni** Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmann.
**20.45 Stelpurnar** (16:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.
**21.10 Let's Go To Prison** Gamanmynd um smákrimma sem ákveður að hefna sín á dómaranum sem oftast hefur dæmt hann í fangelsi með því að láta fangelsa sig með saklausum og lítið greindum syni dómarans.
**22.35 Time Bomb** Spennutryllir sem gerist að mestu leyti á stórum íþróttaviðburði í Washington þar sem hryðjuverkamenn hafa komið fyrir sprengju. Hópur sérfræðinga reynir að koma í veg fyrir að skelfilegt manntjón verði og um leið og þeir leita af ódæðismönnunum.
**00.00 The Devil Wears Prada**
**01.45 Monster In Law**
**03.25 Welcome Back Miss Mary**
**05.10 Friends**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Everton - Benfica** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**17.25 Everton - Benfica** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**19.05 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.00 UFC Unleashed** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.
**21.45 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion.
**22.25 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.15 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Hold ´Em.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Fulham - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Bolton - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**20.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Leicester, 1996. Leikur Newcastle og Leicester var frábær skemmtun fyrir áhorfendur sem munu seint gleyma þessum leik.
**22.20 PL Classic Matches** Chelsea - Arsenal, 1997. Leikur Chelsea og Arsenal á Stamford Bridge var taumlaus skemmtun. Frábærir leikmenn í liðunum á borð við Zola, Tony Adams, Ian Wright og Dennis Bergkamp.
**22.50 Premier League Preview**
**23.20 Portsmouth - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (8:14) (e)
**08.00 Dynasty** (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (8:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 America's Next Top Model** (e)
**17.30 Dynasty** (1:29)
**18.20 Innlit/ Útlit** (2:10) (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.
**19.05 King of Queens** (17:25) Bandarískir gamanþættir (e)
**19.30 Rules of Engagement** (7:15)
**20.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (8:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap.
▶**20.30 Stranger Than Fiction** Tilvera skattainnheimtumannsins Harold Crick kollvarpast þegar hann fer að heyra lífi sínu lýst af sögumanni sem hann sjálfur verður einungis var við. Aðalhlutverk: Will Ferrell, Emma Thompson, Maggie Gyllenhaal, Dustin Hoffman og Queen Latifah.
**22.00 Fréttir** (e)
**22.15 30 Rock** (5:22) (e)
**22.45 Lipstick Jungle** (3:13) (e)
**23.35 Law & Order: Special Victims Unit** (8:19) (e)
**00.25 The Contender Muay Thai** (12:15)
**01.15 World Cup of Pool 2008** (23:31)
**02.05 The Jay Leno Show** (e)
**02.55 The Jay Leno Show** (e)
**03.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, ræðir um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Í kallfæri** Bæjarstjóraslagur. Jón Kristinn Snæhólm fjallar um prófkjör sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### Logi í beinni

Skemmtiþáttur Loga Bergmanns sem fær góða gesti í heimsókn. Í kvöld mætir til hans Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings Singer & Friedlander, og ræðir um nýútkomna bók sína. Lay Low segir frá frumraun sinni í kvikmyndaleik og Steinn Ármann sest einnig í sófann. Ljótu hálfvitarnir og Hvanndalsbræður sjá um tónlistina.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Marteinn**

**Sjónvarpið kl. 20.15**

Ný íslensk gamanþáttaröð um Martein sem er nýbyrjaður að búa með kærustunni. Til árekstra kemur í sambúðinni og þá sérstaklega í tengslum við Lárus Pál, æskuvin Marteins, sem hefur komið sér vel fyrir sem þriðja hjólið í sambandinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Á eigin vegum
**15.25** Boðorðin 10
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngvarar blárrar sveiflu
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (6:25)
**17.00 Doctors** (7:25)
**17.30 Supernanny** (5:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að siða til litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð sem skila árangri.
**18.15 Modern Toss** (5:6) Gráglettnir breskir þættir í teiknimyndastíl sem byggðir eru á karakterum úr samnefndum teiknimyndasögum eftir Mick Bunnage og Jon Link.
**18.45 Doctors** (6:25)
**19.15 Doctors** (7:25)
**19.45 Supernanny** (5:20)
▶ **20.30 Modern Toss** (5:6)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Entourage** (9:12) Fjórða sería þáttaraðar um Vincent og félaga og baráttu þeirra í kvikmyndaborginni. Þrátt fyrir að hafa orðið býsna ágengt, neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.
**22.15 NCIS** (13:19)
**23.00 Eleventh Hour** (16:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við að rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða þegar jafnvel er talin af yfirnáttúrlegum toga.
**23.45 Auddi og Sveppi**
**00.25 Logi í beinni**
**01.10 Identity** (5:12)
**01.55 Blade** (5:13)
**02.40 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.25** The Weakest Link **11.10** Gavin And Stacey **11.40** Monarch of the Glen **12.30** Gavin And Stacey **13.00** Absolutely Fabulous **13.30** After You've Gone **14.00** My Hero **14.30** My Hero **15.00** The Weakest Link **15.45** After You've Gone **16.15** My Hero **16.45** How Do You Solve A Problem Like Maria? **18.15** Doctor Who **19.00** After You've Gone **19.30** Marc Wootton Exposed **20.00** This Is Dom Joly **20.30** The Mighty Boosh **21.00** The Jonathan Ross Show **21.50** After You've Gone **22.20** Marc Wootton Exposed **22.50** This Is Dom Joly **23.20** The Mighty Boosh **23.50** How Do You Solve A Problem Like Maria?

## DR 1

**10.00** Med slor og hoje hæle **10.30** Forandring på vej **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet med Vejret **12.40** 6200 Aabenraa **13.10** Landsbyhospitalet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Thea og Leoparden **16.30** Det kongelige spektakel **16.40** Timmy-tid **16.50** Mira og Marie **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Orkenens Sonner - En sang fra de varme lande **20.00** TV Avisen **20.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.10** Morke **23.10** No Way Back

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.05** Brennpunkt **11.00** NRK nyheter **11.10** Med hjartet på rette staden **12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Doktor Åsa **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Mamma Mø og Kråka **17.05** Fjellgården i Trollheimen **17.20** Pling Plong **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Gullballen 2009 **22.25** Kveldsnytt **22.40** Gullballen 2009 **22.55** Life on Mars

## SVT 1

**10.00** Hemlös **10.30** Välkomna nästan allihopa **11.00** Rapport **11.05** Debatt **11.50** Kysst av spriten **12.20** Playa del Sol **13.15** Dansbandskampen **14.45** Hemliga svenska rum **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Terje Hauge blåser på topparna **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Skavlan **21.00** Donnie Brasco **23.05** Kulturnyheterna **23.20** Playa del Sol **23.50** Beyond the Sea




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst veitingastaðurinn Garðurinn á Klapparstíg vera bestur. Ég get verið mjög matvönd en mér finnst maturinn þar alltaf góður.“*

Tanya Pollock, tónlistarkona og skipuleggjandi Weirdcore-skemmtikvöldanna.



**LÁRÉTT**
**2.** æsa, **6.** í röð, **8.** bók, **9.** læsing, **11.** tveir eins, **12.** súla, **14.** afdrep, **16.** tveir eins, **17.** runa, **18.** útgerðarstaður, **20.** fyrir hönd, **21.** skál.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** tveir eins, **4.** hrörnun, **5.** sigað, **7.** kæna, **10.** afbrot, **13.** ferskur, **15.** innyfla, **16.** innilokað svæði, **19.** slá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** áb, **8.** rit, **9.** lás, **11.** tt, **12.** stöng, **14.** skýli, **16.** kk, **17.** röð, **18.** ver, **20.** pr, **21.** ílát.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** rr, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** bátskel, **10.** sök, **13.** nýr, **15.** iðra, **16.** kví, **19.** rá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ágústs Guðmundssonar (í Bakkavör).
2. Hilmar Oddsson.
3. Glæpinn (Forbrydelsen).

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Opið 11:30-14:30
Jibbí! Jibbí!
VEITINGASTAÐURINN
er loksins komin á koppinn
SÚPA, FISKUR OG KAFFI
Aðeins 990
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Óttar Norðfjörð á spænsku í tuttugu löndum

Samningar hafa náðst á milli Sögur útgáfu og spænska bókaforlagsins Duomo Ediciones um útgáfu á Sólkrossi og Hnífi Abrahams eftir Óttar M. Norðfjörð á spænsku. „Þetta er mjög öflugur útgefandi,“ segir Tómas Hermannsson hjá Sögum.

Samningurinn, sem náðist á bókamessunni í Frankfurt, er einstakur fyrir þær sakir að ekki er aðeins miðað við útgáfu bókanna á Spáni, heldur í öllum hinum spænskumælandi heimi, sem þýðir útgáfu í allt að tuttugu löndum. Að sögn Tómasar fær Óttar sjálfur langmestan peninginn sem felst í samningnum. „Fyrir höfunda skiptir þetta rosalegu máli. Það gerir þeim kleift að lifa á því að skrifa ef þeir ná því að vera gefnir út í mörgum löndum. Hvert land er kannski ekkert rosalegt en þegar höfundurinn er kominn til nokkurra landa fer að vera grundvöllur fyrir hann að lifa á þessu.“

Fyrirhugað er að Sólkross komi út á spænsku jólin 2010. Duomo hyggst leggja mikið í markaðssetningu á bókinni því miklar vonir eru bundnar við hana, enda eru norrænir krimmahöfundar vinsælir um þessar mundir. Hnífur Abrahams kemur síðan út 2011. Duomo Ediciones er í eigu ítalska útgáfurisans Gruppo editoriale Mauri Spagnol, sem er meðal þeirra allra stærstu á Ítalíu, og rekur til að mynda níu bókaforlög.

Hnífur Abrahams hefur áður komið út í Hollandi og Sólkross hefur nú þegar verið seldur til Þýskalands, Austurríkis og Sviss. Hér heima hefur Hnífur Abrahams selst í um sex þúsund eintökum og Sólkross í um þremur þúsundum. Nýútkomin bók Óttars nefnist Paradísarborgin. **- fb**



**TÓMAS HERMANNSSON** Tómas er mjög ánægður með samninginn við Duomo Ediciones.



**ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ** Samningar hafa náðst um að gefa tvær bækur Óttars út í hinum spænskumælandi heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**SVANDÍS DÓRA EINARSDÓTTIR:** FÉKK LEIÐBEININGAR Í GEGNUM TÚLK

# Leiklistarnemar fá hlutverk í rússneskri stórmynd

„Þetta var alveg geðveikt, í einu orði sagt. Ég hef aldrei séð jafn stórt batterí og það var alveg frábært að fá að taka þátt í þessu,“ segir Svandís Dóra Einarsdóttir leiklistarnemi. Þau Svandís Dóra og Hilmar Guðjónsson, leiklistarnemar á fjórða ári í leiklistardeild LHÍ, fengu fljúgandi start á ferli sínum þegar þau lönduðu litlum hlutverkum í stórmynd rússneska leikstjórans Aleksandr Sokurov um Faust. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur tökuliðið verið hér á landi í tæpar tvær vikur en það hélt af landi brott í gærmorgun. Tökur hafa farið fram víðs vegar um Suðurlandið og í hrauninu við Bláa lónið. Þá leikur Sigurður Skúlason föður Faust í myndinni eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu en þær tökur áttu sér stað í Tékklandi. Þótt Sokurov sé ekki frá Hollywood nýtur hann mikillar virðingar í hinum alþjóðlega kvikmyndaheimi og hefur verið settur á stall með Ingmar Bergman og Stanley Kubrick.

„Þetta byrjaði allt saman í vor,“ segir Svandís. „Þá voru Eskimo með opnar prufur fyrir leikara og ég hitti hann í fyrsta skipti. Þegar það var síðan hringt í mig aftur þá hélt ég fyrst að það væri verið að ráða mig í einhverja auglýsingu,“ segir Svandís en hún lýsir leikprufunum sem mjög óhefðbundnum, hún hafi setið og spjallað við leikstjórann. Hún heldur vart vatni yfir rússneska leikstjóranum sem hefur fengið orð á sig fyrir að vera bæði skapstór og sérvitur. „Nei, hann var það alls ekki, hann var alltaf að koma og hlýja manni og það var bara stjanað við mig í hvívetna.“ Og þótt tökuliðið hafi að mestu leyti komið frá Rússlandi og Tékklandi voru engir tungumálaörðugleikar. Nema kannski helst fyrir leikstjórann sjálfan. „Það var þarna frábær túlkur, Aleksandr leikstýrði og svo heyrði maður bara aðra rödd frá öðrum stað.“

Svandís hefur að undanförnu verið að sýna Eftirlitsmanninn með Nemendaleikhúsinu í leikstjórn Stefáns Jónssonar og henni líst vel á þessa djúpu og harðskeyttu leiklistarlaug. „Ég er bæði hrifin af leikhúsinu og kvikmyndunum, þetta er að mörgu leyti ólíkt en samt svo líkt. Ég bíð bara spennt eftir að takast á við þetta.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**Í RÚSSAMYND** Svandís Dóra leikur lítið hlutverk í kvikmynd Aleksandr Sokurov um Faust ásamt bekkjarbróður sínum, Hilmari Guðjónssyni. Sigurður Skúlason leikur föður Fausts í myndinni en tökulið myndarinnar var hér á landi í tvær vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kvikmyndagerðarmenn hljóta að varpa öndinni léttar því Ari Kristinsson upplýsir í viðtali við vefsíðu norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn að menningarmálaráðherrann **Katrín Jakobsdóttir** hafi viðurkennt í samtali við hann að niðurskurður á framlögum til kvikmyndamiðstöðvar hafi verið mistök. „Menningarmálaráðherrann sagði að hún gerði sér grein fyrir því að fyrirhugaður niðurskurður væri líklega mistök,“ svo þetta sé haft orðrétt eftir Ara.



Tvær af skærustu stjörnum leikarastéttarinnar um þessar mundir eru þau Björn Thors og **Ilmur Kristjánsdóttir** sem slegið hafa í gegn í sjónvarpsþáttum á Stöð 2, Ilmur í hlutverki Ástríðar og Björn sem Kenneth Máni í Fangavaktinni. Á miðvikudagskvöldið sátu þau saman á Boston á Laugavegi og dreyptu á rauðvíni. Væntanlega er eitthvað spennandi í pípunum.



Grein verðlaunahöfundarins **Bjarna Bjarnasonar** um Einveldi á bókamarkaði í Morgunblaðinu olli að vonum miklum titringi í höfuðstöðvum Forlagsins í gær. Bjarni hvetur smærri forleggjara til að fara í mál við Forlagið með tugmilljóna skaðabótakröfu í huga. Hann vill meina að Samkeppniseftirlit hafi brugðist með öllu þegar Edda og JPV sameinuðust á sínum tíma og myndaðist þá markaðsráðandi staða, að mati Bjarna. Í bókakaffi Forlagsins í gær var fátt meira rætt en þessi grein og voru höfundar þar á einu máli um að Bjarni væri að vaða í villu og svíma með þessa áskorun sem væri engum til góðs.

**- fgg, hdm**

# Shakiru-dansinn vekur athygli

„Shakira kveikir hreinlega í dýnunni með heitum dansaralegum náunga og sannar að hún getur enn þá dansað eins og hún gerði í myndbandinu við lagið Whenever, Wherever árið 2001.“ Þetta skrifar Tanner Stransky, blaðamaður vefútgáfu Entertainment Weekly, á vefsíðu tímaritsins.

Stransky er yfir sig hrifinn af nýjasta myndbandi latínubombunnar Shakiru, en eins og Fréttablaðið greindi frá á þriðjudag samdi Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins, umræddan dans. Hann var augljóslega ekki með allar upplýsingar á hreinu þegar hann skrifaði umfjöllunina þar sem hann veltir fyrir sér hver í ósköpunum samdi dansinn. „Spurningin sem brennur á mér er; hver samdi dansinn? Sú sem gerði það gerir svipaða hluti og voru í gangi í Matrix-trílógíunni,“ skrifaði Stransky. Hann virðist síðan hafa komist í vefútgáfu Fréttablaðsins, þar sem hann uppfærir umfjöllunina og segir að það hafi verið afar áhugavert ákvörðun að fá Katrínu Hall í verkefnið.

Elena Gorgan, lífsstílspenni vefritsins Softpedia, gengur skrefinu lengra og segir að dansinn sé sá heitasti sem sést hafi á rúmi. „Þau eru elskendur og eru að rífast heiftarlega, en á sama tíma er mikil ástríða á milli þeirra.“ **- afb**



**KATRÍN HALL** Vekur athygli fyrir dans sem hún samdi fyrir Shakiru. MYND/JÓNATAN

# OKKAR FRAMLAG

# OKKAR VERÐ

OKKAR VERÐ

**Verðdæmi dömu & herra**

skyrtur 2.990,-
buxur 3.990,-
flíspeysur 3.990,-
softshell 5.990,-
Isotex jakkar 7.990,-
Isotex buxur 4.990,-
Undirföt /sett 3.990,-
Úlpur 7.990,-
ofl. ofl.

**Verðdæmi á barnafötum**

Flíspeysur 2.990,-
Softshell peysur 5.490,-
Úlpur 7.490,-
Snjóbuxur 7.990,-
Fóðraðar buxur 3.990,-
Regnbuxur 1.490,-
Flís undirföt/sett 3.490,-
Smávara ofl.ofl.

www.utivistogsport.is

Regatta GREAT OUTDOORS™

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

verslun
heildverslun

ÚTIVIST & SPORT

Faxafen 12 S. 533-1550

# FRÉTTABLAÐIÐ

9 771670 387005

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**Svansmerkt prentverk**
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Segðu það bara aftur!

Sprækar umræður urðu í lok blaðamannafundar í Seðlabankanum í gær þar sem seðlabankastjórarnir **Arnór Sighvatsson** og **Már Guðmundsson**, auk **Þórarins G. Péturssonar** aðalhagfræðings, sátu fyrir svörum. „Hefur þú einhverju við þetta að bæta?“ spurði Már Þórarin. „Nei, þetta var nú eiginlega það sem ég ætlaði að segja,“ svaraði hann. „Nú segðu það þá bara aftur,“ datt þá út úr Má, sem uppskar hlátur fyrir. Seðlabankastjórarnir hafa báðir gegnt stöðu aðalhagfræðings áður.



### Loksins svarað af viti

Sérfræðingar sem sækja fundi í Seðlabankanum gráta ekki breytta yfirstjórn. Þannig varð einum að orði eftir fundinn í gær að munur væri að fá svör sem innihéldu meira en endurtekningu á frösum. Þá hefur breyting í brúnni haft enn frekari endurnýjun í för með sér. Núna hefur rauða veggteppið sem prýtt hefur ljósmyndir úr fundarsal bankans um árabil (og sést hér að neðan að baki **Sveins Haralds Øygard**, Íslandsvinar og fyrrverandi seðlabankastjóra) verið látið fjúka en í staðinn sett upp merki bankans.



### Stjörnusættir!

Sættir náðust í máli söngkonunnar Ruthar Reginalds (44) gegn útgáfufélaginu Birtíngi í Héraðsdómi í gær. Málið hefur staðið frá því Séð og heyrt sagði Ruth eiga í deilum við nágranna sína: „Stjörnustríð á Kleppsvegi!“ Ruth stefndi útgáfufélaginu í kjölfarið fyrir meiðyrði. Ekki var krafist refsingar í málinu en dómari dæmdi þá Eirík Jónsson, ritstjóra Séð og heyrt, og blaðamanninn Atla Má Gylfason til að greiða Ruth þrjú hundruð þúsund krónur í miskabætur. Þá voru ummæli sem höfð voru eftir viðmælendum í greininni dæmd ómerk og blaðið skikkað til að birta afsökunarbeiðni í blaðinu. **- óká, jab**

## Mest lesið VISIR.IS

1. Íslensk kona eftirlýst í Bandaríkjunum
2. Linda skildi marga eftir fjárhags- og tilfinningalega gjaldþrota
3. Var Lenín framsóknarmaður?
4. Magnús Þór: Hefur áhyggjur af dóttur sinni
5. Búið að handtaka íslensku konuna í Bandaríkjunum


NÝTTU TÆKIFÆRIÐ!
**LOKADAGAR**
**ÞVOTTADAGA**




AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**AEG þvottavél**
1200 snúningar · Taumagn: 6 kg · Þvottahæfni: A
Orkuflokkur: A+ · Notendahandbók á íslensku
**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

Listaverð: 144.900,-
**TILBOÐSVERÐ:**
**Kr. 109.900,-**

**ORMSSON**
SÍMI 530 2800



# Dúkkuhúsið

...
dæmalaust er stúlkan fín

Opnum í dag kl 11
á Vatnsstíg 3

Föt * Skór * Skartgripir